FRÉTTABLAÐIÐ

200. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 16. SEPTEMBER 2020

Fjöldi manns kom saman á samstöðufundi á Austurvelli í gær til að mótmæla brottvísun sex manna egypskrar fjölskyldu. Kærunefnd útlendingamála hafnaði í gær frestun brottvísunarinnar og er því útlit fyrir að fjölskyldan fari af landi brott í dag. Fjölskyldan óttast pólitískar ofsóknir í heimalandi sínu. Kærunefnd telur hins vegar að fjölskyldan geti ekki talist flóttamenn. Ráðherrar hafa hafnað að beita sér í málinu. Mikill hiti var í fólki á Austurvelli og heyrðist hrópað að loka ætti Reykjanesbrautinni til að stöðva brottvísunina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Óvissa með aðkomu sjóðanna

Stóru lífeyrissjóðirnir hafa ekki tekið ákvörðun um þátttöku í útboði Icelandair. Mesta óvissan hjá LIVE og Gildi. Tilraunir til að fá einkafjárfesta til að taka að sér leiðandi hlutverk hafa ekki enn borið árangur.

VIÐSKIPTI Mikil óvissa er um mögulega aðkomu lífeyrissjóðanna að hlutafjárútboði Icelandair Group, sem hefst í dag, en þátttaka þeirra mun ráða úrslitum um hvort félaginu takist að sækja sér nýtt hlutafé að fjárhæð 20 milljarðar króna.

Fjórir stærstu lífeyrissjóðir landsins – Lífeyrissjóður verslunarmanna (LIVE), LSR, Gildi og Birta – halda spilunum afar þétt að sér og hafa enn ekki gefið upp hvort, og þá að hversu miklu marki, þeir muni fjárfesta í útboði flugfélagsins. Stjórnir sjóðanna, sem eru samanlagt með eignir upp á meira en þrjú þúsund milljarða, hafa boðað til fundar síðar í dag og snemma á morgun þar sem endanleg ákvörðun verður þá tekin um þátttöku í útboðinu.

6

milljarðar er sú fjárhæð sem Landsbankinn og Íslandsbanki hafa samþykkt að sölutryggja í útboðinu.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er mest óvissa um afstöðu LIVE og Gildis. Stjórn LIVE kemur saman til fundar eftir hádegi í dag en talsverð gjá er á milli fulltrúa atvinnurekenda annars vegar og fulltrúa VR hins vegar í stjórninni um hvort lífeyrissjóðurinn eigi að koma að útboðinu. Sjóðurinn er í dag næststærsti hluthafi Icelandair með um 11,8 prósenta hlut.

Verði tveir af stærstu lífeyrissjóðunum, sem ætla að draga það fram á síðustu stundu að taka ákvörðun um fjárfestingu, ekki með gæti það sett verulegt strik í reikninginn með þátttöku annarra og minni sjóða og þá um leið um hvort útboðið klárist.

Leitað hefur verið til stórra einkafjárfesta og forsvarsmanna fjárfestingafélaga um að skuldbinda sig fyrir myndarlegum hlut í útboðinu og í kjölfarið sækjast eftir sæti í stjórn Icelandair. Markmiðið hefur einkum verið að fá hóp einkafjárfesta, sem hver um sig myndi fjárfesta fyrir hundruð milljóna, til að taka að sér leiðandi hlutverk í útboðinu og þannig auka líkur á góðri þátttöku. Sú vinna hafði hins vegar enn ekki borið árangur síðla dags í gær. **– hae / sjá Markaðinn**

Þungir refsitollar á kísilmálminn

STÓRIÐJA Viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna mun leggja á bilinu 28 til 48 prósenta innflutningstolla á íslenskan kísilmálm, að því er kemur fram í opinberum upplýsingum frá bandarískum yfirvöldum. Ekki er ljóst hvaða áhrif bandarískir innflutningstollar á íslenskan kísilmálm hafa á rekstrargrundvöll verksmiðju PCC á Bakka.

Fram kemur að innflutningur á kísilmálmi frá Íslandi til Bandaríkjanna hafi verið um það bil 8.900 tonn á árunum 2017 til 2019, en gengið er út frá því að það hafi nánast allt komið frá verksmiðju PCC á Bakka. Árleg afkastageta verksmiðjunnar er 32 þúsund tonn, en full afköst verksmiðjunnar náðust hins vegar ekki fyrr en í október á síðasta ári. **– þg / sjá Markaðinn**

Veður



Rigning sunnan- og vestanlands eftir hádegi, en þykknar upp norðaustantil. Hiti 6 til 12 stig að deginum, en hiti 0 til 6 stig í nótt.
SJÁ SÍÐU 16

Fyrsta fraktflugið er á dagskrá um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Icelandair hefur fraktflug yfir Atlantshafið

FLUGLEIÐIR Icelandair Cargo mun frá og með næstu helgi hefja fraktflug á milli Heathrow-flugvallar í London og Boston með stoppi á Íslandi. Með því er bætt við leiðum við flugáætlun félagsins á fraktvélum.

Með þessari ákvörðun er fyrirtækið að sækja inn á nýjan, stóran markað. Gunnar Már Sigurfinnsson, framkvæmdastjóri Icelandair Cargo, segir að þetta sé spennandi skref í núverandi landslagi flugfyrirtækja.

„Það hafa talsverðar breytingar átt sér stað í fraktflutningum. Um 60% af fraktflutningum fóru áður með farþegaflugi en framboðið hefur snarminnkað og er því skortur á fraktplássi. Heathrow er stærsti farþegaflugvöllur heims en hann er líka afar stór í fraktflutningum. British Airways var með fjögur til fimm flug daglega til Boston sem báru mikla frakt. Fyrir vikið sjáum við okkur leik á borði að fara inn á þennan markað. Við byrjum á einu flugi í viku en erum tilbúnir að bæta við flugum ef vel gengur."

Gunnar tók undir að það væri nú verkefni flugfélaga að finna sífellt nýja tekjumöguleika.

„Verkefnið er að búa til eins miklar tekjur og hægt er í þessu litla tekjuumhverfi sem er í flugi þessa dagana vegna COVID-19. Við sáum tækifæri til að sækja í stóran markað til viðbótar við þann fraktflutning sem við stunduðum áður." **– kpt**

Sólfarið skarti sínu fegursta



Haustið er að skella á og því um að gera að klára síðustu sumarverkin. Í gær var lokið við að þrífa Sólfarið eftir Jón Gunnar Árnason, sem stendur við Sæbrautina. Sólfarið er einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu, þó að ferðamennirnir séu fáir um þessar mundir þá fá þeir sem koma að sjá það skarta sínu fegursta. Er það nú vel pússað og má segja að það logi þegar sólin skín á það. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hundruð sækja um matargjafir

COVID-19 Tæplega sex hundruð fjölskyldur og einstaklingar á Stór-Reykjavíkursvæðinu hafa sótt um matargjafir til Fjölskylduhjálpar Íslands í vikunni. Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar, segir að að baki þessum umsóknum séu 1.450 einstaklingar, þar með talinn fjöldi barna. Á tímabilinu frá 15. mars til 1. júlí á þessu ári afgreiddi Fjölskylduhjálp Íslands matargjafir til tæplega tvö þúsund heimila sem telja 3.446 einstaklinga.

Þá fengu 888 heimili í Reykjanesbæ afgreiddar matargjafir frá miðjum apríl fram til júlí á þessu ári og sjö hundruð heimili í júlí og ágúst. Að baki þessum heimilum voru rúmlega 400 börn.

Vegna COVID-19 fara matarúthlutanir Fjölskylduhjálpar fram með breyttu sniði. Þeir sem þurfa á hjálpinni að halda sækja um á vef Fjölskylduhjálpar og segir Ásgerður að úthlutunin sjálf muni fara fram alla vikuna og fram í þá næstu. **– bdj**

Metveiði í Andakílsá í tilraunum sumarsins

Eftir hamfarir af mannavöldum í maí 2017 sem eyðilögðu farveg Andakílsár í Borgarfirði hófst tilraun með laxveiði á stöng í ánni fyrir tveimur mánuðum. Veiðin sem lauk í gær skilaði hátt í sjö hundruð löxum á aðeins eina dagstöng.

UMHVERFISMÁL „Það er miklu og þungi fargi af okkur létt," segir Ragnheiður Helga Jónsdóttir, formaður Veiðifélags Andakílsár, þar sem vel hefur tekist til við endurreisn árinnar eftir gríðarlegt óhapp vorið 2017. Tilraunaveiðar þar í sumar gengu framúrskarandi vel.

Áætlað er að fjögur til fimm þúsund rúmmetrar af seti hafi farið í Andakílsá er starfsmenn Orku náttúrunnar tæmdu inntakslón Andakílsvirkjunar 15. maí 2017. Fram kom á vef Landssambands veiðifélaga að magnið jafngilti átta til tíu þúsund tonnum af aur sem fyllt hafi alla hylji árinnar.

„Við erum búin að leggja gríðarlega mikla vinnu í endurreisn vistkerfisins. Við höfum tekið klakfisk og alið seiði úr þessum sérstaka Andakílsárstofni," lýsir Ragnheiður. Miklu efni hafi verið mokað úr ánni eftir óhappið og veiðistaðir verið lagfærðir eins og hægt sé.

Til tilraunaveiðanna voru fengnir menn sem gjörþekkja Andakílsá. „Þessir veiðimenn geta sagt okkur alveg nákvæmlega hvernig áin hefur breyst," útskýrir Ragnheiður.

Að sögn Ragnheiðar er nú betur hægt að meta hvort laga megi þá veiðistaði sem hafa spillst. „Kannski getum við búið til einhverja aðra staði til að vega á móti," segir hún. Áin hafi komið mun betur út en veiðimennirnir hafi búist við. „Það eru allir ánægðir með hvernig hefur til tekist."

Yfir 650 laxar veiddust í Andakílsá í sumar þann 61 dag sem veiðin stóð frá frá 15. júlí til dagsins í gær á aðeins eina stöng. „Þetta er langmesta veiði á stöng á dag á landinu að því er best ég veit," segir Ragnheiður. Og miðað við tölur á vef Landssambands veiðifélaga kemst engin á í hálfkvisti við Andakílsá.

Árni Bragason við veiðar í veiðistaðnum 3½ í Andakílsá . FRÉTTABLAÐIÐ/SFÁ

Sæmundur Freyr Árnason með lax.

> **Við erum búin að leggja gríðarlega mikla vinnu í endurreisn vistkerfisins.**

Ragnheiður Helga Jónsdóttir, formaður Veiðifélags Andakílsár

Aðspurð, segir Ragnheiður, greiðir Orka náttúrunnar útlagaðan kostnað vegna endurreisnar Andakílsár. „Hins vegar hefur feiknarleg vinna lent á okkur í stjórn veiðifélagsins. Við höfum ekki fengið hana að öllu leyti borgaða en við höfum átt í mjög góðu samstarfi við ON. Þeir hafa staðið sig með prýði."

Í gær voru þaulvanir menn úr árnefnd Andakílsár sem lokuðu veiðinni þetta sumarið. „Áin þolir veiði næsta sumar og það verður farið í sölu veiðileyfa, en við sjálfsagt þrengjum reglurnar frá því sem áður var," segir Ragnheiður sem undirstrikar að ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar hafi verið og verði fylgt í einu og öllu.

gar@frettabladid.is

Hlutafjárútboð í Icelandair Group hefst í dag

Almennt útboð á nýjum hlutum hefst kl. 9:00 í dag, miðvikudaginn 16. september og lýkur kl. 16:00 fimmtudaginn 17. september 2020

Í útboðinu verða boðnir til sölu 20.000.000.000 nýrra hluta í Icelandair Group. Gefi eftirspurn tilefni til hefur félagið heimild til að fjölga seldum hlutum í útboðinu þannig að þeir nemi samtals allt að 23.000.000.000. Nýju hlutunum fylgja áskriftarréttindi sem samsvara allt að 25% af skráningu nýrra hluta í útboðinu.

Tekið verður við áskriftum rafrænt á eftirfarandi vefsíðu www.landsbankinn.is/utbod/icelandair.

Hlekkur á áskriftarvefinn verður aðgengilegur í gegnum vefsíður umsjónaraðila útboðsins, www.islandsbanki.is og www.landsbankinn.is og á heimasíðu félagsins, www.icelandairgroup.is.

Fjárfestar geta valið um tvær tilboðsbækur í útboðinu sem eru m.a. ólíkar hvað varðar stærð áskrifta og úthlutunarreglur. Hver hlutur í Icelandair Group er að nafnverði 1 króna.

Áætlað er að niðurstaða útboðsins verði birt á vefsíðu Icelandair Group eigi síðar en kl. 23:59 þann 18. september 2020. Gjalddagi og eindagi áskrifta er áætlaður 23. september 2020.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er skuldbindandi. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutum í Icelandair Group eru fjárfestar hvattir til að kynna sér allar upplýsingar um Icelandair Group og lýsingu félagsins sem dagsett er 8. september 2020, og hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Lýsinguna má finna á vefsíðu Icelandair Group, www.icelandairgroup.is/investors/reports-and-presentations/prospectus/.

	Tilboðsbók A	Tilboðsbók B
Stærð útboðs 20 milljarðar króna að kaupverði	17 milljarðar króna að kaupverði	3 milljarðar króna að kaupverði
Réttur til að stækka útboð í 23 milljarða króna	Ef umframeftirspurn myndast, hefur félagið rétt til að stækka útboðið um 3 milljarða króna að kaupverði. Ef heimildin er nýtt að fullu verður stærð útboðsins því 23 milljarðar króna.	
Útboðsgengi	1,00 kr./hlut	1,00 kr./hlut
Lágmarksáskrift	20.000.001 krónur að kaupverði	100.000 krónur að kaupverði
Hámarksáskrift	-	20.000.000 að kaupverði
Áskriftarréttindi*	Með hlutum keyptum í útboðinu fylgja áskriftarréttindi sem samsvara 25% af skráningu nýrra hluta. Hægt verður að nýta áskriftarréttindin á verði sem fer stighækkandi frá útboðsgengi, í þremur skrefum, á ákveðnum tímabilum yfir tveggja ára tímabil. Áskriftarréttindin verða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og hægt verður að eiga viðskipti með þau óháð hlutum í félaginu fram að nýtingartíma þeirra.	

* Auglýsingin tengist flókinni fjármálaafurð sem getur verið erfitt að skilja.

Landsbankinn og Íslandsbanki hafa umsjón með útboðinu.
Upplýsingar og tæknileg aðstoð:

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans
Sími: 410 4000
utbod@landsbankinn.is

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka
Sími: 440 4000
utbod@islandsbanki.is

icelandairgroup.is

ICELANDAIR GROUP

Þriðji landsréttardómarinn verður dómari við Landsrétt

STJÓRNSÝSLA Ragnheiður Bragadóttir, dómari við Landsrétt, og Jón Höskuldsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness, verða skipuð í tvær lausar stöður dómara við Landsrétt.

Með nýrri skipun Ragnheiðar hafa þrír af þeim fjórum dómurum sem ekki voru skipaðir í samræmi við lög, þegar dómurinn var settur á laggirnar í janúar 2018, fengið nýja skipun við dóminn.

» Ástráður Haraldsson hefur sóst eftir stöðu í Landsrétti oftast alla.

Ásmundur Helgason var skipaður á ný 17. apríl 2020 og var kollegi hans við réttinn, Arnfríður Einarsdóttir, skipuð í hans stað 1. júlí síðastliðinn. Þá losnaði hennar fyrra embætti við réttinn og um það sótti meðal annarra Ragnheiður Bragadóttir landsréttardómari sem fær nú nýja skipun.

Jón Höskuldsson, sem fær nú skipun við réttinn, var einn fjögurra umsækjenda sem ekki hlutu dómaraembætti við fyrstu skipun dómara við réttinn þrátt fyrir að hafa verið í hópi fimmtán hæfustu. Annar úr þeim hópi, Eiríkur Jónsson prófessor, var skipaður dómari við Landsrétt 1. september í fyrra.

Ástráður Haraldsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, hefur hins vegar ekki enn verið skipaður við Landsrétt, þátt fyrir að hafa sótt um í öll sex skiptin sem dómaraembætti hefur verið auglýst, oftar en allir aðrir. Hann hefur tvívegis verið metinn í hópi hæfustu umsækjenda. Hann var í hópi fimmtán efstu þegar dómurinn var settur á laggirnar og í áliti var hann metinn hæfastur ásamt þeim Ragnheiði og Jóni, sem fengu lausu stöðurnar tvær. **– aá**

Fjölmargir á Íslandi hafa misst vinnuna innan ferðaþjónustunnar.

Ástand verst á vinnumarkaði á Suðurnesjum

VINNUMARKAÐUR Rúmlega 21 þúsund manns voru atvinnulaus í lok ágústmánaðar samkvæmt nýrri skýrslu Vinnumálastofnunar. 17.788 einstaklingar voru í almenna bótakerfinu og 3.483 í minnkuðu starfshlutfalli.

Almennt atvinnuleysi í ágúst var 8,5 prósent í ágúst, sem er töluverð aukning miðað við síðustu þrjá mánuði á undan, og spáir Vinnumálastofnun ekki mikilli aukningu í september. Langmest atvinnuleysi var á Suðurnesjum, 16,9 prósent, og var nærri helmingur atvinnulausra þar áður starfandi í ferðaþjónustu.

» Vinnumálastofnun bárust fjórar tilkynningar um hópuppsagnir í ágúst.

Vinnumálastofnun bárust fjórar tilkynningar um hópuppsagnir í ágúst þar sem rúmlega 280 manns var sagt upp. Frá því í mars á þessu ári hefur um átta þúsund manns verið sagt upp í hópuppsögnum hjá 114 fyrirtækjum, flest þeirra eru fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Í síðasta mánuði gaf Vinnumálastofnun út 190 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi, af þeim voru 142 leyfi framlengd. Flestir þeirra sem fengu atvinnuleyfi í ágúst fengu sérfræðileyfi, eða 56 manns, þá fengu 46 manns námsmannaleyfi og 27 leyfi voru veitt vegna fjölskyldusameiningar. **– bdj**

Tugmilljónir sparast vegna ónýttrar þjónustu í Kópavogi

Kópavogsbær hefur sparað tugmilljónir króna á árinu vegna þess að velferðarþjónusta við fatlaða og aldraða hefur ekki verið nýtt, sérstaklega í vor í fyrri COVID-bylgjunni. Formaður Öryrkjabandalagsins segir Kópavog ekki einsdæmi og hvetur sveitarfélög landsins til að nýta féð og styrkja stöðu fatlaðra.

FÉLAGSMÁL Samkvæmt sex mánaða uppgjöri Kópavogsbæjar er heimaþjónusta 26 milljónum króna undir fjárhagsáætlun og ferðaþjónusta fatlaðra er 28,8 milljónum króna undir áætlun. Hluti af heimaþjónustunni skýrist reyndar af verkfalli Eflingar. Örvi, starfsþjálfun einstaklinga með skerta starfsgetu, og Hæfing, vernduð vinna, hafa verið lokuð en tekjur haldið sér og er þetta því lækkun um 11,3 milljónir á fyrstu sex mánuðum ársins.

Alls hafa því sparast 66 milljónir króna hjá velferðarsviðinu af því að þjónustan hefur ekki verið nýtt. 196 af 628 heimilum afþökkuðu heimaþjónustu, eða um 30 prósent.

„Við viljum að heyrt verði í því fólki sem afþakkaði þjónustuna til að meta stöðuna upp á framtíðina, að geta sinnt fólki þó að það sé smithætta," segir Kristín Sævarsdóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í velferðarráði. „Við heyrðum sögur af eldra fólki og fötluðu sem brotnaði niður andlega vegna einangrunar á meðan á hápunkti faraldursins stóð. Það eru ekki aðeins þrif eða akstur sem skipta máli, heldur að hitta annað fólk og eiga samskipti." Tillögunni um slíka könnun var hafnað af meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalagsins, segir þetta langt frá að vera einsdæmi í Kópavogi, heldur eigi hið sama við um önnur sveitarfélög. Miklar upphæðir hafi sparast af því að þjónustan hafi ekki verið nýtt þegar faraldurinn stóð sem hæst í vor.

Þuríður segir þetta tvíþætt. „Sveitarfélögin gátu eða vildu ekki senda heimaþjónustu til fólks og ekki heldur bílana, því það voru takmarkanir í gangi. Það dró verulega úr þjónustu við fatlað fólk á þessum tíma," segir hún. Þá segir hún að margir sem eiga rétt á þjónustunni hafi hafnað henni af ótta við veiruna. Þetta hafi til dæmis komið upp þegar Reykjavíkurborg reyndi að efla heimaþjónustu sína.

Samkvæmt skýrslunni hefur fólk ekki komist ferða sinna í faraldrinum og því ekki í endurhæfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„ Það eru ekki aðeins þrif eða akstur sem skipta máli, heldur að hitta annað fólk og eiga samskipti.

Kristín Sævarsdóttir, fulltrúi í velferðarráði Kópavogs

Afleiðingarnar hafi verið þær að ákveðinn hópur einangraðist og átti mjög erfitt. „Fólk missti ferðafrelsi sitt, komst ekki í endurhæfingu eða sjúkraþjálfun því að þetta var allt lokað," segir Þuríður. „Við sáum að fólk var í miklum vanda, var dapurt, hrætt og öryggislaust, og sumir áttu í erfiðleikum með að verða sér úti um nauðsynjar."

Fólk í áhættuhópum er enn þá varkárt og neitar sér um ýmislegt en ástandið hefur verið mun skárra í seinni bylgjunni. Ferðaþjónusta fatlaðra er komin aftur af stað, sjúkraþjálfun aftur komin í gang og lífið í eðlilegri rútínu.

Þuríður hvetur sveitarfélögin til að nýta þá fjármuni sem ekki nýttust í vor til að bæta þjónustu við fatlaða, til dæmis húsnæðisstuðning. „Fátæktin í þessum hóp hefur aukist, sérstaklega hjá einstæðum fötluðum mæðrum." Kristín segir það sama. „Þetta fjármagn á klárlega að haldast inni á velferðarsviði og ég treysti því að fé verði stóraukið því við erum að halda inn í erfiðan vetur og fjöldinn eykst sem þarf á fjárhagsaðstoð að halda."

kristinnhaukur@frettabladid.is

Íslenskt – láttu það ganga

Næstu vikur og mánuði verður þema Fólks – sérblaðs Fréttablaðsins, sem kemur út á föstudögum tileinkað átakinu Íslenskt – láttu það ganga.

Þegar þú verslar á Íslandi skilar það sér aftur til þín.

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

66°
NORÐUR
Tindur er kominn.
Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram @66north

Vilja sleppa frá friðun máva

GARÐABÆR Umhverfisnefnd Garðabæjar hefur lagt til að óskað verði eftir undanþágu frá friðlýsingarskilmálum Gálgahrauns og Garðahrauns varðandi friðun máva á svæðunum. Ástæðan er sú að nokkuð hefur verið um orðsendingar íbúa til bæjarins vegna ágangs fuglanna og hyggst bærinn nú ganga lengra í að stemma stigu við fjölgun þeirra. Hingað til hafa aðgerðir einskorðast við að bæjarstarfsmenn stinga á mávaegg sem finnast í hreiðrum á svæðunum.

Fréttablaðið greindi frá tíðum kvörtunum bæjarbúa í júlí en þær voru vegna árása máva á gangandi vegfarendur auk þess sem það fór fyrir brjóstið á íbúum að sjá máva éta ungviði annarra fugla. **– bþ**

Ómar fagnar stórafmæli á morgun.

Myndum seint bræða Versali

NÁTTÚRUVERND Dagur íslenskrar náttúru er haldinn hátíðlegur í dag. Dagurinn er fæðingardagur Ómars Ragnarssonar og er tileinkaður því starfi sem fjölmiðlamaðurinn hefur unnið á sviði náttúruverndar. Sjálfur fagnar Ómar áttræðisafmæli sínu á morgun en lítið verður um fagnaðarlæti í tilefni dagsins.

„Ástandið í þjóðfélaginu er þannig að ég ætla ekkert að gera í tilefni dagsins. Ég hef vanalega verið viðstaddur afhendingu verðlauna umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í tilefni dagsins en ekki í ár."

Hann segist reikna með því að eyða deginum við skrifborðið á heimili sínu þar sem hann vinnur að fjölbreyttum verkefnum í tölvunni. „Ég er með nokkur verkefni í vinnslu. Það er í mörg horn að líta og ég má engan tíma missa til þess að ná að klára þessi verkefni."

Ómar segir margt hafa breyst varðandi náttúruvernd hérlendis undanfarinn áratug. „Íslendingar eru orðnir mun meðvitaðri um þessi ómetanlegu auðævi sem þjóðin á. Hins vegar má ekki sofna á verðinum, það er ekkert lát á hugmyndum um að nýta náttúruna í gróðaskyni. Ég líki þessu oft við að ef mannkyninu vantaði gull, silfur og kopar þá yrði það seint fyrsta verk að bræða allt úr Versölum. **– bþ**

Meiri veiði í ágúst en í fyrra

SJÁVARÚTVEGUR Afli íslenskra fiskiskipa í síðastliðnum ágústmánuði var rúmlega 131 þúsund tonn, það er 16 prósentum meiri en í saman mánuði í fyrra. Um 32 prósent aflans voru uppsjávarafli eða rúm 89 þúsund tonn og var makríll meginuppistaða þess afla.

Botnfiskafli var tæp 39 þúsund tonn í ágúst og jókst um tíu prósent miðað við sama mánuð á síðasta ári og voru rúm tuttugu þúsund tonn af lönduðum afla þorskur. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Samdráttur var í afla skel- og krabbadýra líkt og síðustu mánuði en í ágúst á þessu ári veiddust 610 tonn sem er ellefu prósenta samdráttur miðað við ágúst 2019.

Heildarafli á tólf mánaða tímabili frá september 2019 til ágúst 2020 var rúmlega 1.011 þúsund tonn sem eru sjö prósentum minni afli en á sama tímabili ári fyrr. **– bdj**

Skjalavarsla mætir afgangi hjá stjórnsýslunni

STJÓRNSÝSLA Dómstólar, lögregluembætti og heilbrigðisstofnanir standa illa er kemur að því að uppfylla lög og reglur sem lúta að skjalavörslu. Þetta kemur fram í niðurstöðum eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns sem kynnt var á ráðstefnu safnsins í gær.

Eftirlitskönnunin, sem fram fór í febrúar, leiddi í ljós að þótt skjalavarsla og skjalastjórn ríkisins fari batnandi miðað við fyrri kannanir sé enn víða pottur brotinn.

» Ríkið er með 1.400 rafræn gagnakerfi í notkun.

Alls eru 1.400 rafræn gagnakerfi í notkun hjá ríkinu, hefur Þjóðskjalasafn aðeins fengið tilkynningar um 20 prósent þessara kerfa og gögn úr aðeins þremur prósentum þeirra.

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri hjá Þjóðskjalasafni, segir að ein afleiðing þess að ríkið hugi ekki að varðveislu rafrænna gagna geti verið sú að mikilvægar upplýsingar ríkisins tapist. Þá sé upplýsingaréttur almennings ekki virkur því gögn finnist ekki þegar á þarf að halda eða að gögn sem haft geti áhrif á réttindi eða hagsmuni séu ekki á sínum stað.

Nýlegt dæmi er þegar Verðlagsstofa skiptaverðs fann ekki skjal sem vísað var til í Kastljósi árið 2012 og rataði aftur í fréttir nýverið. Hóf Þjóðskjalasafn athugun á málinu í kjölfarið.

„Ég tel að staðan sé þessi þar sem ríkisvaldið hafi ekki veitt nægu fjármagni til ríkisstofnana til að geta leyst þessi verkefni," segir Njörður. Dæmi séu um að stofnanir hafi ekki búnað til að halda utan um skjölin og afhenda þau Þjóðskjalasafni. „Til dæmis heilbrigðisstofnanir, þær vantar fé til að sinna sínum lögbundnu verkefnum, þá mætir þetta afgangi." **– ab**

Íbúar segja borgina verðlauna trassaskap eiganda hússins

Eigendur fjölbýlishúss í niðurníðslu í Vesturbænum í Reykjavík reyna í þriðja sinn að fá leyfi fyrir umfangsmiklum framkvæmdum. Nágrannar mótmæla harðlega og segja fráleitt að borgin verðlauni sóða- og trassaskap. Málið hefur velkst um í borgarkerfinu í þrjú ár og hefur húsið grotnað niður á meðan.

REYKJAVÍK Þriðja tilraun fyrirtækisins D18 ehf. til þess að hefja framkvæmdir við fjölbýlishús við Dunhaga 18-20 hefur fallið í grýttan jarðveg hjá nágrönnum byggingarinnar. Það má lesa út úr athugasemdum sem bárust vegna nýs byggingarleyfis á lóðinni sem auglýst var í sumar. Mál fjölbýlishússins hefur velkst um í borgarkerfinu í rúm þrjú ár en á meðan hefur húsinu verið illa við haldið og hefur það í raun grotnað niður fyrir augum Vesturbæinga.

Umrætt fjölbýlishús er þriggja hæða hátt og í húsinu í dag eru skipulagðar átta íbúðir. Eigandi hússins, D18 ehf., sótti í júlí 2017 um leyfi til þess að byggja fjórðu hæðina ofan á húsið auk þess að minnka og fjölga íbúðum þannig að þær yrðu alls 20 talsins ásamt verslunarrými. Að auki voru ráðgerðar fjölmargar aðrar breytingar á húsinu, til dæmis að rífa bílskúra og byggja viðbyggingu við fyrstu hæð og kjallara.

Byggingarleyfi var veitt til fyrirtækisins en málið var kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þar féll úrskurður ári síðar, þann 20. júlí 2018, og var niðurstaðan sú að byggingarleyfið var fellt úr gildi.

Í kjölfarið lagði eigandi húsnæðisins fram umsókn um nýtt deiliskipulag sem var auglýst þann 26. febrúar til 9. apríl 2019, en þar var þess freistað að fá heimild fyrir uppbyggingunni á lóðinni. Deiluskipulagsbreytingin fór í gegn en aftur felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála ákvörðunina úr gildi með úrskurði sem féll 20. mars 2020.

Þriðja tilraunin var svo gerð í sumar með nýrri deiliskipulagsbreytingu og var hún auglýst 17. júlí til 28. ágúst 2020. Fjölmargar athugasemdir frá nágrönnum bárust og eru þær flestar á þá leið að eigendur húsnæðisins hefðu ekki haft neitt samráð við nágranna né tekið tillit til fyrri athugasemda þeirra við uppbygginguna.

Eigendur vilja byggja aukahæð ofan á Dunhaga 18-20 og fjölga íbúðum í húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

» Áður fyrr voru fiskverslun og myndbandaleiga í húsinu en í dag eru gömlu búðargluggarnir tómir.

Í einni umsögninni er sú afstaða Reykjavíkurborgar að heimila uppbygginguna því húsið sé farið að láta á sjá sögð fráleit. „Hið rétta er auðvitað að D18 ehf. ber að sinna eðlilegu viðhaldi fasteigna sinna, líkt og aðrir á deiliskipulagsreitnum gera og vísvitandi trassaskapur D18 ehf. á viðhaldi hússins er deiliskipulaginu óviðkomandi. Það getur trauðla staðist að fasteignaeigendur séu verðlaunaðir fyrir sóða- og trassaskap með því að fá að byggja háhýsi í grónum hverfum," segir í einni athugasemdinni. Þá eru sagðir fjölmargir stjórnsýslulegir annmarkar á tillögunni og meðferð hennar ekki sögð samræmast lögum.

bjornth@frettabladid.is

Dóra Björt mun halda áfram að spyrja Eyþór

REYKJAVÍK Mikill hiti var á fundi borgarstjórnar í gær eftir að Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata, spurði Eyþór Arnalds, oddvita Sjálfstæðisflokksins, hvort hann, í stöðu sinni sem formaður bæjarráðs Árborgar, hefði fengið stóran hlut í Morgunblaðinu að gjöf frá Samherja fyrir að tryggja á Selfossi góðan grundvöll fyrir uppbyggingu í miðbænum sem er á vegum eins eigenda útgerðarfyrirtækisins.

Bæði Eyþór og Vigdís Hauksdóttir, oddviti Miðflokksins, brugðust hart við. Hafa orð Dóru Bjartar verið sett á dagskrá á fundi forsætisnefndar og var hún sökuð um persónuárásir.

„Hér dylgjar hún algerlega út í loftið, hún verður sjálfri sér til minnkunar um miðbæ Selfoss og greiðslur og fleira sem er ekki bara henni til vansemdar heldur öllum hérna inni í salnum," sagði Eyþór á fundi borgarstjórnar. Hafnaði hann því alfarið að hafa komið nálægt ákvörðuninni um uppbygginguna á Selfossi þar sem hann hefði verið fluttur þaðan þegar ákvörðunin var tekin. „Það er nú þannig að það er betra að búa til samsæriskenningar sem geta staðist, svona mögulega fræðilega staðist, en ekki búa til samsæriskenningar sem geta algerlega ekki staðist."

„Það er eðlilegt að hann geri grein fyrir sínum hagsmunum bæði hvað varðar Samherja en einnig hvað varðar uppbyggingu í Örfirisey sem hann talar mikið fyrir.

Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata í Reykjavík

Vigdís sagði Dóru stunda hatursorðræðu. „Mér er óglatt yfir þessum ummælum sem er sífellt verið að bera á borð af borgarfulltrúa. Manneskjan er með Samherja á heilanum."

Dóra Björt hafnar því alfarið að stunda persónuárásir. „Það er eðlilegt að hann geri grein fyrir sínum hagsmunum bæði hvað varðar Samherja en einnig hvað varðar uppbyggingu í Örfirisey sem hann talar mikið fyrir," segir Dóra Björt. Eyþór hafi verið oddviti þegar aðalskipulagið í Selfossi var samþykkt. Hún mun halda áfram að spyrja um lán hans frá Samherja fyrir eignarhlut í Morgunblaðinu, það sé ekki hlutur sjálfur sem skipti máli heldur lánið og hvað hangi á spýtunni. „Eyþór hefur aldrei svarað þessum spurningum svo vel sé." **– eþá**

Wizar

...fyrir lífsins ljúfu stundir

Hægindastóllinn sem slegið hefur í gegn og Íslendingar elska!

360° snúningur | innbyggður fótaskemill
hallanlegt bak | stillanlegur höfuðpúði

Fáanlegir **Wizar** litir

Verð frá
209.900 kr.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Ómannúðlegt að óla mann niður í 23 tíma

DANMÖRK Meðferð sem geðsjúkur maður var beittur á geðsjúkrahúsi í Danmörku árið 2013 braut gegn ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu um bann við pyndingum og ómannúðlegri meðferð. Þetta er niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu, sem birt var í gær.

Maðurinn var ólaður fastur við rúm í 23 klukkustundir samfellt en í niðurstöðu MDE segir að um allra lengsta tímabil slíkrar þvingunar sé að ræða sem komið hafi til kasta dómsins.

Með vísan til sögu ofbeldisfullrar hegðunar sjúklingsins gerði dómstóllinn ekki athugasemd við að hann hefði verið ólaður niður, í því skyni að tryggja öryggi starfsfólks og annarra sjúklinga. Hins vegar hefðu innlendir dómstólar brugðist skyldu sinni til að meta önnur atriði eins og hvort nauðsynlegt hefði verið að beita þvinguninni svo lengi sem raunin varð, en fyrir liggur að maðurinn var orðinn rólegur mörgum klukkustundum áður en losað var um höftin.

Var danska ríkið dæmt til að greiða kærandanum tíu þúsund evrur í bætur og fjögur þúsund evrur til viðbótar í málskostnað. **– aá**

Fulltrúar landanna við Hvíta húsið í Washington í gær. MYND/AFP

Undirrituðu samkomulag

ÍSRAEL Sameinuðu arabísku furstadæmin, Ísrael og Barein undirrituðu samkomulag um að koma á stjórnmálasambandi á milli ríkjanna. Samkomulagið var undirritað í Washington í gær að Donald Trump Bandaríkjaforseta viðstöddum.

Eru nú fjögur Arabaríki með stjórnmálasamband við Ísrael, bætast löndin í hóp Egyptalands og Jórdaníu. Hefur nú verið opnað á viðskipti milli þjóðanna. Stjórnvöld í Palestínu hafa mótmælt samkomulaginu harðlega. Trump gaf til kynna að fleiri ríki hefðu áhuga á sams konar samkomulagi. Með þessu er talið að Bandaríkin hafi styrkt stöðu sína gegn Íran. **– ab**

Lyftu höndum gegn kynbundnu ofbeldi

Femíniskir aktívistar héldu áfram mótmælum sínum á mannréttindaskrifstofu Mexíkó í Mexíkóborg í gær. Lyftu þær höndum til að skora á stjórnvöld að beita sér gegn kynbundnu ofbeldi í landinu. Beindu þær sjónum sérstaklega að málum kvenna sem hafa horfið og kvenna sem hafa látið lífið af völdum heimilisofbeldis. Rúmt ár er liðið frá því að femíniska hreyfingin í Mexíkó skaust fram á sjónarsviðið í landinu. MYND/EPA

Hafið súrnar á methraða

Mannkynið losar langtum meiri koltvísýring en eldfjöll norðurhvels jarðar gerðu á miklu virknitímabili í jarðsögunni fyrir 55 milljónum ára. Ný rannsókn á skeljum smádýra sýnir að hafið súrnar nú hratt.

UMHVERFISMÁL Ný rannsókn á vegum Columbia-háskóla í New York sýnir að koltvísýringslosun manna hefur langtum meiri áhrif á loftslagið en eldfjallavirkni gerði á miklu virkniskeiði fyrir um 55 milljónum ára. Rannsóknin var gerð með því að efnagreina skeljar smádýra í hafinu og bera saman við steingervinga.

„Við viljum skilja hvernig kerfi jarðarinnar bregðast við mikilli losun koltvísýrings núna. Það tímabil sem við skoðuðum er ekki fullkomlega sambærilegt en það er það næsta sem við höfum í jarðsögunni. Við sjáum að loftslagið breytist mun hraðar í dag," segir Laura Haynes, aðstoðarprófessor við Columbia.

Tímabilið sem um ræðir er á mörkum paleósens og eósens. Þetta eru um 100 þúsund ár sem voru þau heitustu á nýlífsöld sem hófst fyrir 65 milljónum ára og stendur enn yfir. Í upphafi þessa tímabils hófu eldfjöll heimsins að spýja miklu magni kolefnis út í andrúmsloftið, sérstaklega á norðurhveli jarðar og í Ameríku. Meðalhitastig jarðarinnar hækkaði alls um 8 gráður á Celsíus. Hafa ber þó í huga að heitara var á jörðinni fyrir þessa hlýnun en nú er.

Helstu áhrifin sem þessi eldfjallavirkni hafði var útdauði fjölda dýra og jurtategunda, sérstaklega í hafinu. En eins dauði er annars brauð og ýmsar aðrar lífverur styrktust og þeim fjölgaði í kjölfarið. Til dæmis svif og forfeður okkar, prímatarnir.

Haynes og félagar notuðu skeljaðar smálífverur, sem kallast foraminfera, til þess að gera samanburð á tveimur tímabilum jarðsögunnar. Lífverurnar voru ræktaðar í sýrðum sjó og magn bórs mælt í skeljunum. Þetta var svo borið saman við steingerða foraminfera sem hafa legið á botni Kyrrahafs og Atlantshafs í 55 milljónir ára.

> **Við erum á miklu meiri hraða en fortíðin og afleiðingin verður að öllum líkindum mjög alvarleg.**
>
> Barbel Honisch jarðefnafræðingur

Komust vísindamennirnir að því að á umræddu tímabili hefði koltvísýringur aukist um 60 prósent í hafinu, að mestu leyti vegna eldgosanna. Höfin súrnuðu og voru mjög súr um árþúsund. Að öllum líkindum hafa flestar djúpsjávarlífverur drepist. Þetta gerðist hins vegar mjög hægt.

Í dag súrnar hafið hins vegar mun hraðar en á þessu mikla virknitímabili. Það tók mannkynið aðeins nokkra áratugi að auka koltvísýring í hafinu jafn mikið og tók eldfjöllin árþúsund að gera.

Barbel Honisch, jarðefnafræðingur hjá Columbia, bendir á að lífverur geta aðlagast breytingum gerist þær nógu hægt en hraðinn sé áhyggjuefni. „Við erum á miklu meiri hraða en fortíðin og afleiðingin verður að öllum líkindum mjög alvarleg," segir hún.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Navalní andar sjálfur án aðstoðar

RÚSSLAND Rússneski stjórnarandstæðingurinn Alexei Navalní gat í gær andað allan daginn án aðstoðar öndunarvélar. Birti hann mynd af sér á sjúkrahúsinu í Berlín í Þýskalandi á Instagram. „Ég andaði alveg sjálfur, ekki einu sinni með slöngu í hálsinum. Það var mjög þægilegt. Það er merkilegt að geta andað, mæli með því," sagði hann og sló á létta strengi.

Navalní veiktist alvarlega í síðasta mánuði um borð í flugvél á leið frá Síberíu til Moskvu. Talið er að eitrað hafi verið fyrir Navalní með taugaeitrinu Novichok, er um að ræða sérstaka útgáfu af eitrinu og hafa spjótin helst beinst að Vladímír Pútín Rússlandsforseta. Hafa Þjóðverjar kallað eftir skýringum.

Pútín hefur staðfastlega neitað að standa að baki eitrun, hafi raunverulega verið um eitrun að ræða. Athygli vekur að Pútín hefur aldrei á neinum tímapunkti sagt nafn Navalnís upphátt. Segja Rússar að þeir eigi ekkert Novichok, í gær gaf Sergei Naryshkin í skyn við fjölmiðla að kalla ætti frekar eftir skýringum frá Þjóðverjum.

Alexei Navalny birti þessa mynd á Instagram í gær.

Læknar í Rússlandi sögðu að engin merki væru um að eitrað hefði verið fyrir Navalní, stjórnvöld gáfu leyfi til að flytja hann til Þýskalands. Þar var eitrunin staðfest. Navalní hyggst snúa aftur til Rússlands þegar hann er heill heilsu. **– ab**

SAMSUNG

QLED TV
2020

Þegar þú kaupir *ákveðin Samsung QLED sjónvörp hjá ORMSSON

getur þú valið um að fá tölvuskjá, síma eða ryksuguróbot í kaupbæti!

Galaxy Note10
Lite Black

Ryksuguróbot
VR7000M

27" Bogin leikja- og
tölvuskjár Odyssey G7

*Tilboð gildir til 1. nóvember 2020 við kaup á QLED 2020 Q80T, 65" eða stærra ásamt Q90T, Q95T, Q800T, Q900T og Q950T í öllum stærðum.

SAMSUNG Q80T - Stærðir 65" til 85"
Glæsilegt QLED sjónvarp með Direct Full Array tækni
sem gefur enn betri liti á skjá.

SAMSUNG Q800T - Stærðir 65" til 82"
8K Gervigreind tækisins sér um fullkomna uppskölun á
öllu efni.

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

Velkomin öll

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Íslenskt samfélag hefur alla burði til þess að taka á móti þeim útlendingum sem hér vilja setjast að. Við erum þrátt fyrir allt ríkt samfélag. En það er jafn ljóst að sú stefna sem unnið hefur verið eftir í móttöku flóttafólks hér á landi og byggir á því að reka dýrt félagslegt neyðarkerfi fyrir flóttafólk á flestum útnárum landsins, oftar en ekki í tekjuöflunarskyni fyrir minni sveitarfélög, er hvorki hagkvæm né sérstaklega mannúðleg.

Við eigum að opna fleiri dyr fyrir fólki sem langar að búa hér, starfa og ala upp börn, óháð því af hvaða þjóðerni það er, hvernig það er á litinn eða hvaðan það kemur úr heiminum. Hið félagslega neyðarkerfi sem sett hefur verið upp fyrir fólk í þörf fyrir alþjóðlega vernd verður að vera til staðar, en það ætti ekki að þurfa að virka eins og neyðarinnlögn á Vogi sem verður eina færa leiðin í meðferð af því allar aðrar eru lokaðar.

Það er fáránleg krafa að ætlast til þess að hver einasti maður sem hingað kemur í von um betra líf þurfi að sýna fram á að hann sé í bráðri lífshættu í heimalandi sínu.

Sveiflur í atvinnuleysi hafa ekki breytt því að stöðug mannekla virðist hrjá fjölmörg svið atvinnulífsins. Reglulega hefur þurft að loka deildum á leikskólum borgarinnar vegna manneklu. Frístundaheimili stríða við sama vanda. Heilbrigðiskerfið hefur verið á hliðinni um árabil vegna læknaskorts og ómannúðlegs álags á stétt hjúkrunarfræðinga. Það hefur ekki verið viðlit að ráða iðnaðarmann til starfa hér um árabil. Á sama tíma hafa verið sett allt of þröng skilyrði fyrir því að fólk sem ekki er evrópskir ríkisborgarar fái að flytjast hingað. Trúir því einhver að franskir píparar séu undantekningarlaust betri en egypskir eða mexíkóskir? Býr eitthvað annað þar að baki en andúð á þeim sem koma lengra að, trúa á annan guð eða eru öðruvísi á litinn en við?

Verkalýðshreyfingin hefur um áratugaskeið barist gegn því að opna íslenskan vinnumarkað fyrir áhugasömum útlendingum og stjórnmálastéttin hefur staðið sína plikt með rammgerðri löggjöf gegn fólki sem hefur ekki önnur markmið en að vinna og auðga íslenskt samfélag.

Nú hafa fjölmiðlar herjað á félags- og barnamálaráðherra í leit að túlkun hans á grundvallarreglu Barnasáttmálans um að hagsmunir barns eigi að ráða för í ákvörðunartöku sem varðar þau beint. Ef velferð barna er ráðherranum þyrnir í augum, hefur hann tækifæri til að opna dyrnar á öðru málefnasviði ráðuneytis síns og svara kalli íslensks almennings um manneskjulega stefnu í útlendingamálum.

Það er allt of erfitt fyrir einstaklinga frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins að fá atvinnuleyfi á Íslandi. Fyrir því eru hvorki gildar né málefnalegar ástæður. Það verður einfaldlega að endurskoða reglur um atvinnuleyfi og rýmka heimildir útlendinga til að koma hingað til að starfa.

Það er ekki fyrsta val allra sem til okkar leita að óska eftir neyðaraðstoð. En á meðan allar eðlilegar leiðir inn í landið eru lokaðar er hún eina leiðin.

Það er fáránleg krafa að ætlast til þess að hver einasti maður sem hingað kemur þurfi að sýna fram á að hann sé í bráðri lífshættu.

Halldór

Frá degi til dags

Með 4,9

Ástráður Haraldsson fór enn og aftur tómhentur heim frá hinni æsispennandi keppni Ísland got talent – special judge selection. Þetta telst vera í sjötta sinn sem hann reynir að hljóta náð fyrir augum dómnefndar. Sem fyrr segir fór hann bikarlaus heim. Ástráður hefur átt góða spretti í keppnum undanfarinna ára, það sýnir sú einkunnagjöf sem dómnefndin hefur gefið honum í gegnum tíðina. Það hefur þó ekki dugað honum til verðlauna enda virðist eins og dómnefndin leggi áherslu á mismunandi þætti milli keppna sem er vesen. Afmælisbarn dagsins orðaði það einu sinni svo: „Gengur bara betur næst."

Eldvatnið

Eftirhermur eru hverfandi stétt. Áður var þetta eitt besta grín sem menn gátu komist í og kútveltust úr hlátri þegar hermt var eftir Sigurbirni biskupi, Halldóri Laxness eða Steingrími Hermannssyni. Nú er öldin önnur og annað og ómerkilegra grín talið fyndið. Þessi sem hringdi inn veiðifrétt á dögunum og sagðist vera Bubbi Morthens er einn örfárra sem kunna að meta menningararfinn. Hann var að skemmta sér með félögunum við veiðar – hvar annars staðar en í Eldvatni. Það má veiða þar en varasamt að drekka mikið af því.

Stöndum vörð um náttúru Íslands

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra

Íslendingar ferðuðust um landið sitt sem aldrei fyrr í sumar og nutu einstakrar náttúru. Það er ómetanlegur auður að hafa lítt snortna náttúru, víðerni, fossa og fjöll rétt innan seilingar alls staðar á landinu. En þessi auðæfi eru ekki sjálfsögð og við þurfum að gæta þeirra vel.

Árið 2018 hratt ég af stað átaki í friðlýsingum sem unnið er í samstarfi Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Með átakinu hafa nú þegar tólf svæði verið friðlýst. Þeirra á meðal eru Goðafoss, Búrfell og Búrfellsgjá, Jökulsá á Fjöllum, háhitasvæði Brennisteinsfjalla, Kerlingarfjöll – og sjálfur Geysir. Útlit er fyrir að margar fleiri friðlýsingar verði að veruleika á næstu misserum.

Með friðlýsingum er stuðlað að því að lífríki fái að þróast á eigin forsendum, að jarðmyndunum sé ekki raskað og náttúrufegurð haldist ósnortin. En friðlýst svæði hafa líka mikið aðdráttarafl og eru í mörgum tilfellum helstu áfangastaðir ferðamanna á Íslandi. Þannig skapa þau tækifæri fyrir fólk um leið og þau sjá náttúrunni fyrir vernd. Rannsóknir sýna að friðlýst svæði skila efnahagslegum ávinningi sem að hluta til verður eftir heima í héraði. Ég tel að mikil sóknarfæri felist í friðlýsingum fyrir ferðaþjónustuna í landinu þegar kórónaveirufaraldrinum slotar, ekki síst í stofnun Hálendisþjóðgarðs, en aðdráttarafl hans sem stærsta þjóðgarðs Evrópu yrði mikið.

Ég verð sjaldan eins stoltur og þegar ég skrifa undir friðlýsingar, því ég veit að með því er ég að standa vörð um náttúruna og skapa komandi kynslóðum tækifæri til þess að njóta hennar líka. Friðlýst svæði eru mikilvæg fyrir andlegt og líkamlegt heilbrigði auk þess sem efnahagsleg tækifæri fylgja verndun náttúrunnar. Það fylgir því ábyrgð að standa vörð um þessa mögnuðu náttúru sem við eigum hér á Íslandi. Og ekki bara gagnvart okkur sem hér búum heldur líka öllum heiminum. Þá ábyrgð þurfum við sem samfélag að axla með sóma.

Í dag er Dagur íslenskrar náttúru – stöndum vörð um hana í dag sem og alla aðra daga.

Það fylgir því ábyrgð að standa vörð um þessa mögnuðu náttúru sem við eigum hér á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Öllu má nafn gefa

Ögmundur Jónasson
fyrrverandi þingmaður á þingi Evróputáðsins

Ekki veit ég hvort er furðulegra, nýafstaðin heimsókn Róberts Spanó, forseta Mannréttindadómstóls Evrópu til Tyrklands, að þiggja þar viðurkenningu úr hendi valdakerfis þess lands, eða leiðari Aðalheiðar Ámundadóttur, fréttastjóra Fréttablaðsins, frá 9. september, sem hrósar forsetanum fyrir þessa för undir fyrirsögninni: Hugrekki.

Framkvæmd og réttlæting

Munurinn er náttúrlega sá að Róbert framkvæmir, Aðalheiður réttlætir. Hún kallar það hugrekki að fara til Tyrklands til að „tala við fólkið“ og „byggja brýr“. Þetta kosti náttúrlega þrek, þor og staðfestu, svo hugtök leiðarahöfundar séu notuð, enda mátti vita að heimsóknin færi „fyrir brjóstið á meginþorra manna“. En þá væri á það að líta að forsetar Mannréttindadómstóls Evrópu hefðu þegið heiðursorður í ríkjum á borð við Armeníu, Tékkland og Pólland og væri ekki rétt að brjóta þá „órofa hefð“ sem hefði myndast um að þiggja heiðursnafnbætur í aðildarríkjum Evróputáðsins. Hér kveður við sama tón og hjá Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur, þingkonu Pírata, sem situr á þingi Evróputáðsins, þegar hún lýsti yfir að ekki væri rétt að mismuna aðildarríkjum Evróputáðsins og að auðvitað hefði Róbert átt að þiggja heimboð Tyrkja.

Spurt um afstöðu Íslendinga

Varla veit ég hvar á að byrja til að andæfa þessu. Það geri ég opinberlega vegna þess að ég veit að fylgst er með hérlendri umræðu um þessa heimsókn. Það gera mannréttindasamtök í Tyrklandi, í Evrópu og víðsvegar um heiminn og er þá spurt hvort þessu sé ekki mótmælt á Íslandi, í heimaríki dómsforsetans.

Í fyrsta lagi vil ég lýsa þeirri persónulegu skoðun minni að forseti Mannréttindadómstóls Evrópu eigi ekki að þiggja neinar vegtyllur, frá neinu ríki, á meðan viðkomandi er í embætti. Í öðru lagi hlýtur dómgreind manna að mismuna í samræmi við aðstæður. Þegar ríki hefur látið reka þúsundir dómara og lögfræðinga úr starfi vegna skoðana sinna og afstöðu til valdstjórnarinnar og fangelsa enn fleiri þúsundir mannréttindafrömuða og pólitískra andstæðinga, jafnað heilar borgir við jörðu, eyðilagt menningarverðmæti á minjaskrá Sameinuðu þjóðanna, hrakið hundruð þúsunda á vergang, lagt á útgöngubann með það að markmiði að koma í veg fyrir aðgang að vatni, ráðist inn í önnur ríki og hersitji þau, ekki einhvern tímann í fyrndinni heldur núna, þá fer forseti Mannréttindadómstóls Evrópu ekki í heimsókn til að láta næla á sig heiðursmerki. Og ef þarf að brjóta

einhverja hingað til „órofa hefð“, þá er þetta rétti tíminn til að rjúfa þá hefð! Til þess hefði varla þurft hugrekki, efast ég um það, sennilega bara sæmilega dómgreind.

„Fólkið“ sem rætt var við

Það er rangt hjá leiðarahöfundi Fréttablaðsins að forseti MDE hafi farið til að „tala við fólkið“. Hann talaði ekki við mannréttindasamtök eða fulltrúa hinna kúguðu, ekki þá sem setið höfðu í kennarastöðum eða starfað í dómsölum og eru nú útilokaðir þaðan, heldur bara leppana sem settir höfðu verið í þeirra stað. Þess má geta að í Mardin, sem Róbert Spanó heimsótti, höfðu Kúrdar sigrað í sveitarstjórnarkosningum, en hinir sigursælu borgarstjórar, karl og kona, verið sett af og í þeirra stað settir einstaklingar þóknanlegir stjórnvöldum. Hinir síðarnefndu voru „fólkið“ sem forseti Mannréttindadómstólsins hitti að máli og ræddi við í Tyrklandsheimsókn sinni.

Án nafns og kennitölu

Leiðarahöfundur Fréttablaðsins segir forseta MDE hafa rætt mannréttindi í heimsókn sinni. Það sem ég hef séð af ræðum hans hefði getað verið flutt í kennslustofu Háskóla Íslands eða hvar sem er því þarna var ekki talað tæpitungulaust og sérstaklega um mannréttindabrot í Tyrklandi heldur um mikilvægi þess að virða mannréttindi almennt, allt án nafns og kennitölu, með öðrum orðum kurteisishjal í húsi mannréttindabrjóta.

Allt þetta gerist með troðfull fangelsin af samviskuföngum, lögfræðingur nýlátinn í fangelsi eftir mótmælasvelti … og forseti Mannréttindadómstólsins neitar að eiga fund með fulltrúum mannréttindasamtaka! Hann var hins vegar myndaður í bak og fyrir með Recep Tayyip Erdoğan forseta og átti fund með ýmsum valdamönnum m.a. með Mustafa Şentop, forseta þingsins, sem lýsti því yfir innan sólarhrings eftir samtal þeirra, að hann væri hlynntur dauðarefsingu. Fræðsla dómsforsetans hefur greinilega ekki hrifið, eða dugað stutt.

Tyrklandsförin afleit allra vegna

Forseti dómstólsins hefði getað rætt við samtök blaðamanna sem sviptir hafa verið frelsi sínu eða við samtök sem tala fyrir hönd samviskufanga og heyrt þeirra hlið á málum. „Þannig hefði mátt gefa táknræn skilaboð um óhlutdrægni,“ segir í grein á tyrkneskum vefmiðli undir fyrirsögninni í lauslegri þýðingu, „Evróputáðsdómstóllinn hrynur í hugum fólks“. Róbert Spanó segir heimsókn sína til Tyrklands hafa verið rækilega ígrundaða af sérfræðingum Mannréttindadómstólsins. Ekki þykir mér það góður vitnisburður um þá sérfræðinga.

Sárt er að það skuli hafa hent Róbert Spanó að gera þessi miklu mistök, Mannréttindadómstólsins vegna, Íslands vegna, því hann er fulltrúi Íslands í dómstólnum, en einnig sjálfs sín vegna því hann á betra skilið af sjálfum sér. Það tel ég mig vita því af mörgu góðu þekki ég hann.

DALBREKKA 14 KÓPAVOGUR - FJÖLSKYLDUEIGN - ÖRFÁAR ÍBÚÐIR EFTIR

3 svefnherbergi með skápum - Flísalagt baðherbergi með flísalögðum sturtuklefa
Vandað eldhús með góðum tækjum og borðkrók - Stofa og borðstofa samliggjandi með tvennum svölum
Tvö bílastæði merkt íbúð í bílakjallara. Opið hús á miðvikudaginn 16. september kl. 12:30 - 13:00

Verð frá 55.000.000 - 58.900.000 kr.

Allar upplýsingar veitir:
Oscar Clausen
Löggiltur Fasteignasali
oc@domusnova.is
Sími: 861 8466

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN
DOMUSNOVA
Fasteignasala

DOMUSNOVA - HLÍÐASMÁRA 4 KÓPAVOGI - AUSTURVEGI 6 SELFOSSI & STILLHOLTI 16-18 AKRANESI SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

Fyrirliði Arsenal verður um kyrrt

ENSKI BOLTINN Pierre-Emerick Aubameyang, fyrirliði karlaliðs Arsenal í knattspyrnu, hefur skrifað undir nýjan samning við félagið. Nýi samningurinn sem hefur verið í burðarliðnum í þó nokkurn tíma gildir til ársins 2023.

Þessi 31 árs gamli framherji kom til Arsenal frá Borussia Dortmund árið 2018, en hann er nú fyrirliði liðsins. „Ég hef áhuga á því að verða goðsögn hjá Arsenal og þess vegna skrifaði ég undir þennan samning," sagði Aubameyang eftir að hafa undirritað samninginn.

Aubameyang skoraði 22 mörk í ensku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili, en hann varð næstmarkahæsti leikmaður deildarinnar. Hann var á skotskónum og skoraði eitt marka Arsenal þegar liðið lagði Fulham að velli, 3-0, í fyrstu umferð deildarinnar um síðustu helgi.

Alls hefur Gaboninn skorað 72 mörk í 111 leikjum í öllum keppnum fyrir Arsenal á þeim þremur leiktíðum sem hann hefur leikið með liðinu. Næsti leikur Arsenal er á laugardaginn þegar liðið fær West Ham United í heimsókn. **– hó**

Hleypa þúsund áhorfendum inn á vellina

ENSKI BOLTINN Félögunum í ensku B-deildinni í knattspyrnu karla hefur verið veitt heimild til þess að hleypa stuðningsmönnum sínum aftur inn á leiki liðanna.

Það verða hins vegar einungis 1.000 áhorfendur leyfðir á hverjum leik fyrir sig og munu sóttvarnaaðgerðir verða í hávegum hafðar. Félög sem eru staðsett á þeim svæðum þar sem útgöngubann er í gildi munu ekki fá leyfi til þess að opna leikvanga sína fyrir stuðningsmönnum.

Stefnt er að því að hleypa fólki á leiki í ensku úrvalsdeildinni í byrjun október næstkomandi og er verið að skipuleggja þessa dagana hvernig staðið verði að málum í þeim efnum, þegar þar að kemur.

Þær áætlanir fengu bakslag á dögunum þar sem kórónaveirusmit jókst umtalsvert. Forsvarsmenn ensku úrvalsdeildarinnar hafa sent breskum stjórnvöldum bréf þar sem fram kemur að félögin tapi rúmum 17 milljörðum á mánuði á meðan leikið er fyrir luktum dyrum. **– hó**

ESB vill banna míkróplast á gervigrasvöllum árið 2028

Stofnun á vegum Evrópusambandsins hefur haft til skoðunar mögulegt bann við notkun núverandi fylliefna frá og með árinu 2028. Ákvörðun verður tekin árið 2022. Knattspyrnusambönd Norðurlanda hafa tekið höndum saman enda mikið hagsmunamál. Málið er hápólitískt og tók stjórn KSÍ málið fyrir.

FÓTBOLTI ECHA, stofnun á vegum Evrópusambandsins, hefur haft til skoðunar frá árinu 2019 mögulegt bann við notkun núverandi fylliefna á gervigrasvöllum frá og með árinu 2028 vegna mögulegra umhverfisáhrifa. Ákvörðun á að liggja fyrir árið 2022. Knattspyrnusamböndin á Norðurlöndunum hafa tekið höndum saman vegna málsins enda fjölmargir gervigrasvellir í löndunum. Á Íslandi eru 35 gervigrasvellir í fullri stærð og 163 minni gervigrasvellir. „Menn geta alveg haft skoðanir á grasi og gervigrasi en við vitum hvað gervigras hefur gert fyrir þróun á fótboltanum hér," segir Ingi Sigurðsson, formaður mannvirkjanefndar KSÍ, sem kom fyrir stjórn KSÍ og kynnti þetta mögulega bann á síðasta fundi sambandsins.

Ingi segir að málið eigi sér töluverðan aðdraganda og stofnunin beini ekki spjótum sínum að fótboltanum heldur míkróplasti almennt. „Þetta verkefni ECHA er ekkert sérstaklega tengt knattspyrnu, heldur um míkróplast almennt og þar koma þessi fylliefni til sögunar."

Ingi veit ekki til þess að einhverjir séu að finna upp umhverfisvænna fylliefni þó að hann voni að það komi fyrr en síðar, enda sé það vilji bæði hans og KSÍ að vera sem umhverfisvænast. „Það er búið að reyna önnur fylliefni og því miður eru engin önnur sem uppfylla þau gæði sem þurfa að vera. Þess vegna erum við, knattspyrnusamböndin á Norðurlöndum, að benda á hinn kostinn, sem er að gefa einhvern aðlögunartíma. Svíarnir hafa verið mjög duglegir í því að útbúa umhverfi vallanna sinna þannig að fylliefnin fari sem minnst út af vellinum.

Þannig að þau haldist innan vallarins, fari ekki út í fötum og skóm iðkenda – eins og mörg heimili á landinu kannast við og þaðan inn í þvottavélina. Þetta vill ESB losna við. Mig minnir að það sé í Kalmar sem búið er að útbúa völl þannig það eru skorður utan við hann þannig að möguleikinn er minnkaður að míkróplastið yfirgefi völlinn og fari út í umhverfið. Ef ESB sér ekki ljósið þá er vitað hvað mun gerast, ef ekkert annað fylliefni er komið og þá erum við í slæmri stöðu," segir Ingi.

Valsmenn þurfa að skipta um gervigrasið eftir tímabilið enda orðið gamalt. Það hefur þó ekki komið í veg fyrir að karla- og kvennaliðin komist á toppinn. Fylliefnið gæti þurft að vera af nýrri tegund. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Ef ESB sér ekki ljósið þá er það vitað hvað mun gerast, ef ekkert annað fylliefni er komið og þá erum við í slæmri stöðu.**
>
> Ingi Sigurðsson

Í bréfi sem knattspyrnusambönd Norðurlanda sendu ECHA sameiginlega var lögð áhersla á þá stöðu sem er uppi á Norðurlöndum með tilkomu gervigrasvalla og hvaða afleiðingar bann á slíkum völlum myndi hafa á knattspyrnuiðkun á Norðurlöndum. Ingi segir að fyrst núna sé kominn tímarammi og menn þurfi að taka höndum saman, sé aldrei að vita nema nýtt fylliefni komi til.

„Það er spurning hvað gerist þegar menn þurfa að tala enn betur saman því nú er kominn einhver tímapunktur. Árið 2022 verður þessi ákvörðun tekin og við vitum núna hvað við höfum langan tíma

Þetta er hápólítískt mál og það þarf að upplýsa marga en vonandi gera allir sér grein fyrir hversu miklar afleiðingar þetta getur haft hér á landi.

Það er byrjað að telja niður og allir þurfa að fara upp á tærnar þannig að það verði ekki neitt bann." **benediktboas@frettabladid.is**

Lineker áfram með Match of the day

FÓTBOLTI Gary Lineker skrifaði undir nýjan fimm ára samning við BBC og mun halda áfram sem stjórnandi fótboltaþáttarins Match of the day. Hann stýrði þættinum fyrst árið 1999.

Lineker tekur á sig 23 prósenta launalækkun og samkvæmt fréttum ytra hefur hann samþykkt að passa sig betur á samfélagsmiðlum, en Lineker er einn allra skemmtilegasti Twitter-notandinn þegar kemur að fótbolta.

Nýr framkvæmdarstjóri BBC, Tim Davie, tilkynnti um samninginn í gær og minnti á að samfélagsmiðlanotkun starfsmanna BBC væri undir sífelldri skoðun.

Lineker var með 1,75 milljónir punda í árslaun og er því með 1,35 milljónir í árslaun með nýja samningnum. Það gerir um 236 milljónir króna samkvæmt gengi gærdagsins. Morgunþáttastjórnandinn Zoe Ball er því launahæsti starfsmaður BBC, en hún tók við stjórnartaumunum morgunþáttarins í fyrra. Af tíu launahæstu starfsmönnum BBC eru fjórar konur.

Gary Lineker hefur séð um vinsælasta fótboltaþátt Bretlands í hartnær 20 ár. MYND/GETTY

> **Lineker spilaði 80 landsleiki fyrir England og skoraði 48 mörk. Hann lék með Leicester, Everton, Barcelona og Tottenham. Hann hefur séð um Match of the day síðan 1999.**

Lineker tísti um samninginn og sagðist vorkenna þeim sem þola ekki að sjá hann á skjánum enda samningurinn langur. **– bb**

Fólk

Heilsa

MIÐVIKUDAGUR 16. SEPTEMBER 2020

Skammdegið fer að skella á og kaldari vindar blása. Þá er tilvalið að taka vel á móti haustinu með flöktandi kertaljósum og heitum og notalegum súpum sem fleyta manni inn í haustlægðirnar. →4

Hanna Þóra matarbloggari sérhæfir sig í lágkolvetna og ketóuppskriftum. Hún býr til mjög gott trefjakex sem inniheldur Inulin.

Reglulegar hægðir – lykill að góðri heilsu

Inulin eru vatnsleysanlegar trefjar í duftformi sem geta bætt meltinguna, fjölgað vinveittum gerlum í þörmunum og hjálpað til við að koma reglu á hægðirnar. Hanna Þóra matarbloggari gefur uppskrift að trefjaríku kexi. → 2

Framhald af forsíðu

Inulin trefjar má finna í lauk, blaðlauk, hvítlauk, banönum, spergli og í kaffifífli (síkoríu), en Inulin er einmitt unnið úr honum. Inulin, eins og aðrar vatnsleysanlegar trefjar, verða seigfljótandi og eru taldar geta örvað vöxt æskilegra baktería í ristlinum með því að vera fæða (e. prebiotics) fyrir þær. Þær eru því góður áburður fyrir góðu gerlana í þörmunum.

Ónot, hægðatregða eða óreglulegar hægðir

Meltingarónot, hægðatregða og vandamál tengd því, eru allt of algeng og geta haft slæm áhrif á heilsufar okkar. Trefjar í formi bætiefna geta verið lausn fyrir marga, en trefjaneysla Íslendinga er of lítil. Ráðlögð neysla trefja er að minnsta kosti 25-35 grömm á dag, en síðustu tölur sem til eru um meðal trefjaneyslu Íslendinga finnast í neyslukönnun frá 2010-2011 og er meðal trefjaneysla okkar 17 grömm á dag.

Melting, blóðrásarkerfi og óheilbrigð innri fita

Inulin er 100% náttúrulegt og hefur það verið rannsakað tölu-vert. Hér eru nokkrir áhugaverðir punktar um þessar einstöku trefjar:

- Inulin getur bætt meltinguna og getur, með nægilegu vökva-magni, auðveldað hægðalosun.
- Inulin getur eflt fjölgun vin-veittra gerla í þörmunum. Talið er að hátt hlutfall þessara gerla hjálpi til við niðurbrot á trefjum, fóðri þarmaveggina og geti einnig haft góð áhrif á ónæmiskerfið.
- Inulin er talið hafa jákvæð áhrif á (heildar) kólesteról og þríglýs-eríð í blóði.

Inulini í duftformi má bæta út í drykki og út á grauta. Hanna Þóra notar Inulin í hrökkkex sem einfalt og fljótlegt er að baka.

Innri fita er hættuleg fita sem við sjáum ekki, en hún umlykur líffæri okkar og getur valdið okkur heilsutjóni ef það er of mikið af henni. Inulin er talið hjálpa til við niðurbrot á þessari fitu.

Þegar þessar trefjar koma í þarmana, verða til ýmiss konar fitusýrur sem taldar eru hafa góð heilsufarsleg áhrif á okkur. Þetta eru til dæmis asetat, proprionate og butyrate fitusýrur, sem geta hjálpað til við niðurbrot á innri fitu og auðveldað upptöku á stein-efnum eins og kalki, magnesíum, fosfór, kopar, járni og sinki.

Innri fita er hættuleg fita sem við sjáum ekki, en hún umlykur líffæri okkar og getur valdið okkur heilsutjóni ef það er of mikið af henni.

Prófaðu að setja bragðlausu Inulin trefjarnar í kaffið.

Auðvelt í notkun

Inulin er auðvelt í notkun. Það er í duftformi og einfalt að hræra til dæmis út í glas af vatni og skella í sig. Einnig má setja það í boost, grauta eða strá yfir morgunkorn eða jógúrt. Það er bragðlaust og sumir skella því jafnvel í kaffibollann sinn. Það tekur trefjarnar smá tíma að drekka í sig vökva og verða seigfljótandi.

Hanna Þóra Helgadóttir matarbloggari, sem sérhæfir sig í lágkolvetna og ketóuppskriftum, deildi með okkur þessari bragðgóðu uppskrift að trefjaríka hrökkkexinu sínu þar sem hún notar einmitt Inulin trefjar.

Inulin trefjakex

1 egg
2 msk. Inulin trefjar
2 dl hörfræ
½ dl möndlumjöl
Himalaja-salt (magn eftir smekk – gott að hafa smá saltað)

Öllu blandað saman í skál og smurt þunnu lagi á bökunarpappír.

Bakið í 12-15 mínútur á 180 gráðum á blæstri þar til stökkt. Slökkvið á ofninum og leyfið kexinu að þorna inni í ofninum í nokkrar mínútur.

Hægt er að fylgjast með Hönnu Þóru á Instagram – hannathora88. Inulin fæst í verslunum Krónunnar og í flestum apótekum.

Betri lífsgæði eftir nokkrar vikur

Breytingaskeiðið er eitthvað sem engin kona sleppur við. Einkennin geta verið afar mismunandi, þó svo að sumar konur sleppi nokkuð vel og finni lítið fyrir breytingunum.

Femarelle vörurnar eru náttúruleg lausn fyrir konur sem finna fyrir einkennum vegna hormónabreytinga. Rannsóknir sýna að þær geta slegið á einkenni breytingaskeiðs og unnið gegn beinþynningu.

Fann fljótlega mikinn mun

Stefanía Emma Ragnarsdóttir er ein af fjölmörgum konum sem nota Femarelle með góðum árangri. Hér deilir hún með okkur sinni reynslu: „Ég byrjaði að nota Femarelle vegna þess að ég svitnaði mikið á nóttunni, sem skerti svefninn. Ég var búin að finna fyrir þessum einkennum lengi og ætlaði að fara til læknis, en sá þá Femarelle auglýst og ákvað að prófa fyrst náttúrulega lausn. Ég fann mjög fljótlega mikinn mun á mér. Nú, mörgum árum seinna, held ég áfram að taka Femarelle og líður miklu betur, enginn sviti og ágætur svefn. Ég mæli með Femarelle fyrir allar konur.“

Hormónar og beinþynning

Beinþynning í tengslum við tíðahvörf leiðir í mörgum tilfellum af sér beinbrot og er það talin alvarleg ógn í vestrænum þjóðfélögum þar sem meðalaldur fer sífellt hækkandi. Fyrstu tvo áratugi ævinnar byggjum við upp beinin okkar og upp úr 30 ára aldri fer smám saman að draga úr beinþéttninni. Vegna minnkandi estrogenframleiðslu hjá konum eru þær mun útsettari fyrir beinþynningu heldur en karlar.



Femarelle Unstoppable

Helsta innihaldsefnið í Femarelle vörunum kallast DT56a en þetta er efnasamband unnið úr óerfðabreyttu soja. Femarelle Unstoppable er hannað fyrir konur sem eru hættar á breytingaskeiðinu, en það er samsett úr einstakri blöndu efna sem inniheldur efnasambandið DT56a ásamt B2-vítamíni, Bíótíni (B7-vítamín), D3-vítamíni og kalki.

D-vítamín tekur þátt í að viðhalda heilbrigðum beinum og minnkar því líkurnar á því að konur detti vegna lélegrar líkamsstöðu og slakra vöðva. Einnig stuðlar blandan kalk og D-vítamín sameiginlega að minna tapi á þéttni steinefna í beinum hjá konum eftir tíðahvörf, en lítil þéttni steinefna í beinum er áhættuþáttur í beinbrotum vegna beinþynningar. Auk þessa leggja efnin sitt af mörkum í eðlilegu viðhaldi slímhúðar, húðar og starfsemi taugakerfisins, ásamt því að viðhalda eðlilegum hárvexti og góðri andlegri heilsu. Femarelle® er framleitt með sérstökum aðferðum og engum kemískum efnum er bætt við í framleiðsluferlinu.

Stefanía Emma hefur notað Femarelle með góðum árangri. Hún mælir með Femarelle fyrir allar konur.

Ég fann fljótlega mikinn mun á mér. Nú mörgum árum seinna held ég áfram að taka Femarelle og líður miklu betur, enginn sviti og ágætur svefn.

Stefanía Emma Ragnarsdóttir

Fyrir konur frá 30 ára aldri

Femarelle vörurnar eru fáanlegar í þremur gerðum sem henta konum á mismunandi stigum tíðahvarfa, en þau hefjast yfirleitt upp úr þrítugu þó svo að einkenna verði ekki vart strax. Femarelle getur slegið á þau einkenni sem talin eru upp hér að framan og í ljósi þess að beinþéttni fer minnkandi um svipað leyti og hormónabreytingar hefjast, getur inntaka á Femarelle verið ágætis forvörn fyrir einkenni breytingaskeiðsins, ásamt því að minnka verulega líkur á beinþynningu.

Sölustaðir: apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

Curvy

NÝ SENDING AF SPENNANDI HAUSTVÖRUM

Þú getur skoðað úrvalið og
pantað í netverslun www.curvy.is

Opið í verslun Curvy alla virka daga
frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Síður bolur
4.690 kr
Stærðir 14-26

Létt úlpa
10.990 kr
Stærðir 14-26

Kjóll
6.990 kr
Stærðir 14-26

Gallabuxur
7.990 kr
Stærðir 14-26

Síð peysa
7.990 kr
Stærðir 14-26

Skyrtu Kjóll
11.990 kr
Stærðir 14-26

VERSLUNIN CURVY * FELLSMÚLI 26 VIÐ GRENSÁSVEG, 108 REYKJAVÍK * SÍMI 581-1552 * WWW.CURVY.IS

Litfögur súpa fyrir haustið

Skammdegið fer að skella á og kaldari vindar blása. Þá er tilvalið að taka vel á móti haustinu með flöktandi kertaljósum og heitum og notalegum súpum sem fleyta manni inn í haustlægðirnar.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Það er samt engin þörf á að stökkva beint í íslensku kjötsúpuna og láta þar við sitja. Það er vel hægt að halda í litadýrð sumarsins og stíga á sama tíma fáein skref inn í litríkt haustið. Borscht er afar vinsæl og gómsæt, sæt og súr súpa sem kemur upprunalega frá Austur-Evrópu og Norður-Asíu. Í daglegu tali er þó oftast átt við úkraínsku útgáfuna sem gerð er úr rauðrófum er gefa súpunni sinn einkennandi og sterka rauða, næstum dökkbleika lit. Í Póllandi má einnig finna hefðbundna rauðrófusúpu sem kölluð er á frummálinu barszcz czysty czerwony. Súpan er oftast úr fiskisoðsgrunni og er borðuð á Wigila eða á aðfangadagskvöld þann 24. desember. Þá eru borin fram með súpunni svokölluð uszka sem merkir eyru, en um er að ræða deigþynnur með sveppafyllingu sem minna á tortellini-pasta.

Rauðrófa eða rauðbeða (lat. beta vulgaris) er afar næringarrík og gómsæt rót sem er náskyld sykurrófu og beðju. Neysla á rauðrófum er frábær leið til þess að auka trefjar í mataræðinu en um 2 dl innihalda um 3 gr af trefjum. Þeirra má neyta ýmist ofnbakaðra, soðinna, niðursoðinna, hrárra eða í safaformi.

Rauðrófur innihalda litarefnið betanin en rautt litarefni E-162 er unnið úr þeim. Þessi litsterka rót á það til að lita allt í skvettufæri við skurðborðið og því nota margir einnota hanska þegar þeir meðhöndla þetta litfagra grænmeti. Einnig er æskilegt að skera/rífa niður rauðrófur á bretti sem er í lagi að komi smá litur í. Fallega gegnheila hnotuskurðarbrettið er því líklega ekki besti kosturinn þegar kemur að meðhöndlun rauðrófa.

Rauðrófusúpa á methraða

Meðaleldunartími hefðbundinnar ungverskrar borscht rauðrófusúpu er um 3-6 klst. En það má þó stytta sér leið að gómsætri rauðrófusúpu með því að nota tilbúið kjöt- eða grænmetissoð eða soðteninga, forsoðnar rauðrófur og sleppa kjötinu.

1 pakki rauðrófur forsoðnar/
3-4 ferskar rauðrófur skrældar:
Rífa niður með rifjárni
1 stór hvítur laukur saxaður
3 meðalstórar gulrætur rifnar með rifjárni
3-4 hvítlauksrif
1 dós tómatar saxaðir
1 líter nautasoð/grænmetissoð/sveppasoð/misosoð
Heitt vatn (allt að ½ lítra)
Salt og pipar
Sítrónusafi
Worcestershire- eða soyasósa (val)

Ofan á:

Saxað dill eða steinselja
Sýrður rjómi

Með kjöti

Hægt er að gera súpuna matarmeiri með því að setja svínakjöt út í hana. Þá má byrja á því að steikja svínahakk í súpupottinum með salti, pipar og þurrkuðum kryddjurtum að eigin vali og setja í skál til hliðar. Einnig má steikja á sama hátt hrátt pylsukjöt (flettið kjötinu úr pylsuhúðinni og brjótið niður) sem fæst til dæmis hjá Pylsumeistaranum á Hrísateig. Kjötið fer aftur út í súpuna og hitað í gegn þegar hún er fullsoðin.

Rífðu niður gulrætur og rauðrófur. Ef þú ert að nota ferskar rauðrófur er hægt að geyma gulrætur og rófur saman í skál.

Þeir sem vilja hafa meira bit í súpunni geta skorið rauðrófurnar og gulræturnar niður í teninga í stað þess að rífa þær niður á rifjárni.

Næst skaltu steikja laukinn í súpupotti á miðlungs/háum hita með olíu að eigin vali uns hann verður glær. Kremdu hvítlaukinn eða fínsaxaðu ofan í pottinn með lauknum og steiktu smá. Settu rifnu gulræturnar út í (og rauðrófurnar ef ferskar) og steiktu uns þær eru byrjaðar að mýkjast. (Ef þú ert að nota soðnar rauðrófur má setja þær út í pottinn núna.) Næst hellirðu tómötunum úr dósinn út í pottinn ásamt soðinu. Þá er súpan látin sjóða uns allt grænmeti er soðið í gegn. Hér má ákveða hvort það eigi að bera súpuna fram með heilum bitum eða að blanda hana með töfrasprota eða í matvinnsluvél. Loks er súpan smökkuð til með salti, pipar, sítrónukreistu og heitu vatni. Hér mábæta við um teskeið af Worcestershire- og/eða sojasósu út í til að bragðbæta.

Súpan er vanalega borin fram með smá slettu af sýrðum rjóma og söxuðu dilli eða steinselju.

Probi® Járn - mjólkursýrugerlar, járn, C vítamín og fólasín - fyrir aukna uppöku járns og til að viðhalda góðum járngildum

Caroline Montelius
PhD. Probi AB, Svíþjóð

*„**Probi® Járn** vinnur gegn járnskorti á alveg nýjan máta, með því að auka upptöku járns, ekki eingöngu inntöku. Klínískar rannsóknir liggja að baki vörunni og með því að styðja við aukna járnupptöku er inntökuþörf járns að sama skapi minni og því minnkar samhliða hættan á mögulegum óþægindum tengdum meltingu sem má ef til vill rekja til notkunar á háskammta járnbætiefnum. Útkoman er því jafnari upptaka járns, magi og melting í jafnvægi og heilbrigðari þarmaflóra.“*



abel heilsuvörur
www.abelheilsuvorur.is

Jóga er góð leið til að losa um streitu og álag. MYND/GETTY

Jóga gegn streitu og álagi

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Misjafnt er hvaða hreyfing hentar fólki. Þeir sem eru undir álagi ættu að horfa til jóga-íþróttarinnar. Jóga dregur úr streitu og fólk sem stundar það sefur betur. Auk þess getur jóga stuðlað að aukinni sjálfsstyrkingu og dregið úr kvíða. Þá eru ótalin atriði eins og góð líkamsstaða, rétt öndun og hugleiðsla. Allt fylgir þetta þeim sem stunda jóga reglulega. Þeir sem finna fyrir stressi ættu að huga að þessari líkamsrækt frekar en annarri því það gæti aukið framleiðni í hinu daglega lífi. Jóga er þar utan gott fyrir núvitund og einbeitingu.

Hér eru nokkrar leiðir sem draga úr streitu með jóga:

1. Þú neyðist til að vera til staðar í núinu.
2. Þú færð sterkari tengsl við líkama og sál.
3. Þú lærir að anda rétt sem getur hjálpað mikið þegar fólk er stressað.
4. Margar jógastellingar hjálpa líkamanum að slaka á og vöðvar fá ákveðna hvíld.
5. Jógaæfingar er hægt að gera heima, í vinnu, á flugi og hvar sem maður er staddur.

Það eru til nokkrar tegundir af jóga. Mörgum finnst gott að fara í heitt jóga á meðan aðrir velja rope-jóga eða annars konar tíma. Þegar fólk byrjar fyrst í jóga ætti það að velja byrjendanámskeið í grunnjóga. Síðan er hægt að þróa með sér ýmsa tækni og prófa nýjungar. Jóga hefur verið iðkað í þúsundir ára til að gefa fólki andlegan og líkamlegan styrk. Sömuleiðis getur jóga losað um spennu í kjálka, hálsi, herðum og mjöðmum.

> **Sömuleiðis getur jóga losað um spennu í kjálka, hálsi, herðum og mjöðmum.**

Ekki þarf að stunda jóga á hverjum degi til að ná árangri. Þegar fólk fer að stunda jóga reglulega breytir það um leið venjulegu fasi, til dæmis dregur fólk djúpt andann hvar sem það er statt sem er mjög hollt og gott. Hugleiðsla er hluti af jóga sem fólk fer að gera óaðvitandi og losar þar með um líkamlega spennu og róar hugann.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 16. september 2020

34. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX
TAGHeuer
NOMOS GLASHÜTTE
TUDOR
LONGINES
TISSOT

Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Óvissa með sjóðina
Stóru lífeyrissjóðirnir draga fram á síðustu stundu að ákveða hvort þeir taki þátt í útboði Icelandair. Mesta óvissan er hjá LIVE og Gildi.
2

Þarf lítið til að stýra væntingum
Reglubundin gjaldeyrissala Seðlabanka Íslands hefur stutt við gengi krónunnar og lækkað langtíma verðbólguvæntingar.
4

Refsitollar á kísilmálm
Viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna mun leggja á bilinu 28 til 48 prósenta innflutningstolla á íslenskan kísilmálm.
6

Eitt stærsta tæknigróðurhúsið
Hárækt rekur eitt af fimm stærstu lóðréttu gróðurhúsum í heimi sem er í fjöldaframleiðslu.
12

Lína í sandinn
Það bendir allt til þess að veikingarfasa krónunnar sé að mestu lokið á þessari stundu, segir sérfræðingur hjá Akta sjóðum.
14

Í átökum í tvo áratugi

Mikil átök geisuðu innan hluthafahóps Vinnslustöðvarinnar í tvo áratugi. Eitt fyrsta verk nýs framkvæmdastjóra árið 1999 voru fjöldauppsagnir. Upp úr bankahruninu beindu stjórnmálamenn spjótum sínum að kvótakerfinu. →8

Stundum er sagt að sjávarútvegsfyrirtæki búi við annað hagkerfi vegna þess að þau gera sum hver upp í erlendri mynt. Það er auðvitað algjörlega rangt að halda því fram.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar

MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



Hafa minni heimildir til að fjárfesta í söluréttum heldur en kaupréttum

Ný lög, sem heimila lífeyrissjóðum að fjárfesta í ákveðnum kaupréttum, fela ekki í sér heimild til að fjárfesta í söluréttum af sama tagi. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis vannst ekki nægt svigrúm til þess að meta hvort auknar fjárfestingaheimildir sjóðanna ættu einnig að ná til sölurétta en málið verður tekið til skoðunar.

„Það að auknar heimildir nái einungis til kauprétta þýðir að einungis eru leyfðar afleiður sem geta ýtt undir eignabólur. Það vantar mótvægið – sölurétti – þannig að hægt sé að taka stöðu með því að eignaverð lækki," segir viðmælandi Markaðarins á fjármálamarkaði.

Frumvarp um breytingar á lögum um heimildir lífeyrissjóða var lagt fram og samþykkt í aðdraganda hlutafjárútboðs Icelandair Group sem hefst í dag. Hverjum seldum hlut í hlutafjárútboðinu fylgja áskriftarréttindi sem teljast afleiður í skilningi laganna. Þar sem heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í afleiðum voru háðar því skilyrði að þær drægju úr áhættu sjóðs var talið mikilvægt að breyta lögunum áður en útboðið færi fram.

Frumvarpinu var meðal annars ætlað að veita lífeyrissjóðunum möguleika á að hljóta ábata af hagfelldri verðþróun eigna þar sem tapsáhætta er takmörkuð.

„Með því að opna á möguleika lífeyrissjóða til þess að eignast afleiður sem fela aðeins í sér rétt til að kaupa aðra eign eða áskriftarréttindi að henni, aukast möguleikar þeirra til áhættudreifingar og ábatasamra fjárfestingartækifæra," segir í frumvarpinu.

» Þar sem heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í afleiðum voru háðar því skilyrði að þær drægju úr áhættu sjóðs var talið mikilvægt að breyta lögunum fyrir hlutafjárútboð Icelandair Group.

Við vinnslu málsins fékk efnahags- og viðskiptanefnd á sinn fund fulltrúa frá Landssamtökum lífeyrissjóða sem lögðu til við nefndina að notast yrði við hugtakið „valréttarsamningur" í frumvarpinu. Þannig næði heimildin jafnt til kaup- og söluréttar sem væri í samræmi við markmið frumvarpsins. Þá stæðu rök til þess að sömu reglur giltu um skuldabréf með breytirétti enda væru þau nátengd áskriftarréttindum og rétt að taka af vafa um heimildir lífeyrissjóða til slíkra fjárfestinga.

Nefndinni vannst ekki nægt svigrúm innan þess tíma sem gafst við vinnslu frumvarpsins til að leggja fullnægjandi mat á framangreindar tillögur og hafa um þær nauðsynlegt samráð við sérfræðinga og hagaðila.

„Meiri hluti nefndarinnar, sem stendur að framlagningu frumvarpsins, telur þó ríkt tilefni til að slík vinna fari fram. Leggur meiri hlutinn til að nefndin hafi samráð um þá vinnu, meðal annars við ráðuneytið og Seðlabanka Íslands, á komandi löggjafarþingi," segir í umfjöllun um störf efnahags- og viðskiptanefnda. **– þfh**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

Hlutafjárútboð Icelandair Group hefst í dag og stendur til klukkan fjögur á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Enn mikil óvissa með aðkomu sjóðanna

Stóru sjóðirnir ekki tekið ákvörðun um þátttöku í útboði Icelandair. Skiptar skoðanir meðal stjórnarmanna og mesta óvissan hjá LIVE og Gildi. Tilraunir til að fá stóra einkafjárfesta í leiðandi hlutverk hafa ekki enn borið árangur.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Mikil óvissa er um mögulega aðkomu lífeyrissjóðanna að hlutafjárútboði Icelandair Group, sem hefst í dag, miðvikudag, og lýkur á morgun klukkan fjögur, en þátttaka þeirra mun ráða úrslitum um hvort félaginu takist að sækja sér nýtt hlutafé fyrir allt að 23 milljarða króna.

Fjórir stærstu lífeyrissjóðir landsins – Lífeyrissjóður verslunarmanna (LIVE), LSR, Gildi og Birta – halda spilunum afar þétt að sér og hafa enn ekki gefið upp hvort, og þá að hversu miklu marki, þeir muni fjárfesta í útboði flugfélagsins. Stjórnir sjóðanna, sem eru samanlagt með eignir upp á meira en þrjú þúsund milljarða króna, hafa boðað til fundar síðar í dag og snemma á morgun þar sem endanleg ákvörðun verður þá tekin um þátttöku í útboðinu.

Samkvæmt viðmælendum Markaðarins, meðal annars úr röðum lífeyrissjóðanna og eins í hópi ráðgjafa Icelandair við hlutafjárútboðið, þykir vera mest óvissa um afstöðu LIVE og Gildis. Stjórn LIVE, sem telur átta manns, kemur saman til fundar eftir hádegi í dag en talsverð gjá er á milli fulltrúa atvinnurekenda annars vegar og fulltrúa VR hins vegar í stjórninni um hvort lífeyrissjóðurinn eigi að koma að útboðinu. Sjóðurinn er í dag næststærsti hluthafi Icelandair með um 11,8 prósenta hlut.

Verði tveir af stærstu lífeyrissjóðunum, sem ætla að draga það fram á síðustu stundu að taka ákvörðun um fjárfestingu, ekki með gæti það sett verulegt strik í reikninginn með þátttöku annarra og minni sjóða og þá um leið hvort útboðið klárist.

Fjölmargir forystumenn verkalýðshreyfingarinnar, nú síðast Drífa Snædal, forseti ASÍ, og Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, hafa tjáð sig um hlutafjárútboð Icelandair og mælt gegn

15-20

milljónir dala er áætlað neikvætt sjóðsstreymi á mánuði vegna reksturs Icelandair við núverandi aðstæður.

því að eftirlaunasjóðir launafólks verði nýttir til að taka þátt í útboðinu. Efling skipar tvo fulltrúa í átta manna stjórn Gildis, sem er fjórði stærsti hluthafi Icelandair í dag, en þeirra á meðal er Stefán Ólafsson, formaður stjórnarinnar, en hann starfar jafnframt sem ráðgjafi Eflingar.

Verðbréfafyrirtækið Arctica Finance, sem hefur verið ráðgjafi Birtu, Gildis og LSR í aðdraganda hlutafjárútboðsins, skilaði af sér ítarlegri skýrslu, sem telur á annað hundrað blaðsíður, í lok síðustu viku til sjóðanna um Icelandair þar sem samkeppnisstaða þess var greind og lagt mat á hversu fýsilegt það væri að fjárfesta í félaginu. Þá hafa sömu sjóðir, samkvæmt heimildum Markaðarins, einnig fengið Magnús Árna Skúlason, hagfræðing hjá ráðgjafarfyrirtækinu Reykjavík Economics, til að gera greiningu á efnahagslegum áhrifum Icelandair fyrir hagkerfið og hvaða þýðingu það hefði ef útboðið heppnaðist ekki og félagið myndi hverfa af markaði. Magnús Árni vann sambærilega skýrslu fyrir WOW air í mars 2019, skömmu áður en flugfélagið fór í greiðslubrot.

Biðla til einkafjárfesta

Að sögn viðmælenda Markaðarins er útlit fyrir ágætis þátttöku í útboðinu á meðal verðbréfasjóða, hjá einkabankaþjónustum og eignastýringum bankanna, og eins almennum fjárfestum. Fáir einkafjárfestar eða fjárfestingafélög eru hins vegar sögð ætla að skrá sig fyrir stórum upphæðum í útboðinu enda sé áhættan við fjárfestinguna umtalsverð og lýsa sumir henni sem í reynd „afleiðu á bóluefni". Á fjárfestafundum með stjórnendum Icelandair hefur komið fram að þeir áætli að við núverandi aðstæður, þar sem nánast allt flug félagsins liggur niðri og tekjur eru litlar sem engar, sé neikvætt sjóðsstreymi vegna rekstursins um 15 til 20 milljónir Bandaríkjadala á mánuði.

Á síðustu dögum hefur verið biðlað til fjölmargra umsvifamikilla einkafjárfesta og forsvarsmanna fjárfestingafélaga um að skuldbinda sig fyrir myndarlegum hlut í útboðinu og í kjölfarið sækjast eftir sæti í stjórn félagsins. Markmiðið hefur meðal annars verið að fá hóp einkafjárfesta, sem hver um sig myndi fjárfesta fyrir mögulega hundruð milljóna, til að taka að sér leiðandi hlutverk, í samfloti með lífeyrissjóðunum, og auka um leið líkur á góðri þátttöku í útboðinu. Sú vinna hafði hins vegar enn ekki borið árangur síðla dags í gær, samkvæmt heimildum.

Icelandair freistar þess sem fyrr segir að auka hlutaféð með því að selja nýja hluti á genginu 1 króna á hlut fyrir alls 20 milljarða króna. Komi til umframeftirspurnar mun stjórn hafa heimild til að auka hlutafé enn frekar um allt að þrjá milljarða. Þá hefur félagið náð samkomulagi við Íslandsbanka og Landsbankann um sölutryggingu og munu bankarnir kaupa hlutafé fyrir allt að sex milljarða króna ef ekki næst að selja allt sem boðið er út.

Áætlanir Icelandair gera meðal annars ráð fyrir að flugframboð félagsins aukist jafnt og þétt. Árið 2024 verði framboðið komið í sama horf og það var árið 2018. Þá er gert ráð fyrir að tekjur félagsins hafi hækkað upp í 1,6 milljarða dala árið 2024 og verði þannig um þremur prósentum hærri en þær voru í fyrra.

EBIT, rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta, tekur hressilega við sér árin 2023 og 2024 og verður kominn í 175 milljónir dala árið 2024. Til samanburðar var EBIT 134 milljónir dala árið 2015 og 113 milljónir dala árið 2016.

IÐNÞING 2020

nýsköpun

er leiðin fram á við

Bein útsending frá Iðnþingi 2020

föstudaginn 18. september kl. 13.00–14.30

Landsmönnum öllum er boðið á Iðnþing 2020 í beinni útsendingu föstudaginn 18. september kl. 13.00–14.30. Samtök iðnaðarins vilja leggja sitt af mörkum til að hvetja til nýsköpunar á öllum sviðum atvinnulífsins nú þegar þörf er á viðspyrnu í efnahagslífinu. Á Iðnþingi 2020 verður kastljósinu beint að því hvernig við mætum áskorunum um fjölgun nýrra starfa. Þar gegnir nýsköpun veigamiklu hlutverki, hvort heldur er í rótgrónum fyrirtækjum eða nýjum sprotafyrirtækjum. Tækifærin liggja víða og á þinginu verður horft til þess hvernig nýsköpun getur drifið vöxt framtíðar.

Þátttakendur í dagskrá

Árni Sigurjónsson
formaður SI

Sigurður Ragnarsson
forstjóri ÍAV

Hilmar Veigar Pétursson
forstjóri CCP

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir
aðstoðarforstjóri CRI

Katrín Pétursdóttir
forstjóri Lýsis

Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri SI

Guðmundur Fertram Sigurjónsson
forstjóri Kerecis

Björn Lárus Örvar
yfirmaður rannsókna og nýsköpunar ORF Líftækni

Ingólfur Bender
aðalhagfræðingur SI

Ágústa Guðmundsdóttir
annar tveggja stofnenda Zymetech

Guðrún Hafsteinsdóttir
ein af eigendum Kjöríss

Sigríður Mogensen
sviðsstjóri hugverkasviðs SI

Fida Abu Libdeh
annar tveggja stofnenda GeoSilica

Eyjólfur Magnús Kristinsson
forstjóri Advania Data Centers

Þórður Magnússon
stjórnarformaður Eyris

Óskar Þórðarson
annar af stofnendum Omnom Chocolate Reykjavík

Jónína Guðný Magnúsdóttir
framkvæmdastjóri viðskipta- og þjónustusviðs Terra

Sesselja Ómarsdóttir
framkvæmdastjóri lyfjagreiningardeildar Alvotech

Kolbrún Hrafnkelsdóttir
stofnandi Florealis

Hjörtur Erlendsson
forstjóri Hampiðjunnar

Logi Bergmann
fundarstjóri

Skráning á www.si.is

2020 ÁR NÝSKÖPUNAR

SI Samtök iðnaðarins

Ekki allir lífeyrissjóðir töldu sig bundna af samkomulaginu við Seðlabankann auk þess sem skuldbindingar þeirra við erlenda framtakssjóði hafa kallað á gjaldeyriskaup. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þarf ekki mikið til að stýra væntingum

Reglubundin gjaldeyrissala Seðlabanka Íslands hefur stutt við gengi krónunnar og lækkað langtíma verðbólguvæntingar. Sjóðsstjóri hjá Kviku segir að Seðlabankinn þurfi ekki að nota mikið af gjaldeyrisforðanum til að stjórna verðbólguvæntingum.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Í ljósi þess hvað gjaldeyrisforði Seðlabankans er stór getur Seðlabankinn haft mikil áhrif með væntingastjórnun án þess endilega að þurfa að nota mikið af forðanum, segir Agnar Tómas Möller, sjóðsstjóri hjá Kviku banka í samtali við Markaðinn.

Seðlabankinn upplýsti eftir lokun markaða síðasta fimmtudag að hann myndi frá og með þessari viku vera reiðubúinn til að selja allt að 240 milljónir evra, jafnvirði 40 milljarða króna, í reglulegum viðskiptum við viðskiptavaka stóru bankanna á gjaldeyrismarkaði, til ársloka 2020. Mun Seðlabankinn selja þeim þrjár milljónir evra hvern viðskiptadag.

Tilkynning Seðlabankans kom eftir að ljóst var að samkomulag Seðlabankans við lífeyrissjóði, um að þeir gerðu hlé á gjaldeyriskaupum sínum, yrði ekki framlengt þegar það rennur út næsta fimmtudag. Markmiðið er að auka dýpt markaðarins, sem hefur að undanförnu einkennst af lítilli veltu, og bæta verðmyndun.

Gengisveiking upp á 3,6 prósent frá því í byrjun ágúst þurrkaðist nærri út eftir að tilkynnt var um reglubundna gjaldeyrissölu. Krónan styrktist um 1,5 prósent eftir tilkynninguna og degi síðar, á föstudaginn í síðustu viku, seldi Seðlabanki Íslandi gjaldeyri fyrir 2,9 milljarða króna til þess að styðja frekar við gengið.

Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhagfræðingur Arion banka, segir að útspil Seðlabankans hafi ekki komið á óvart, í framhaldi af fréttum um að samkomulag við lífeyrissjóðina verði ekki framlengt. Það sé í takti við þær yfirlýsingar sem hafa komið frá Seðlabankanum um gengi og gjaldeyrisinngrip.

„Fyrst um sinn studdi þetta við gengi krónunnar og ég sé ekki betur en að það sé einmitt eitt af því sem Seðlabankinn vill, enda telur hann að krónan sé orðin of veik miðað við undirliggjandi efnahagsstærðir og framleiðslugetu," segir Erna Björg.

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri sagði í viðtali við Fréttablaðið í síðustu viku að gengi krónunnar væri orðið mjög lágt miðað við eðlilegt framleiðslustig í efnahagslífinu. Hann sagðist telja að ferðaþjónustan myndi koma mjög fljótt til baka um leið og slakað yrði á sóttvarnaaðgerðum, rétt eins og gerðist í júlí og ágúst. „Þetta er því tímabundið ástand," útskýrði seðlabankastjóri.

Ekki allir lífeyrissjóðir töldu sig bundna af samkomulaginu við Seðlabankann auk þess sem skuldbindingar þeirra við erlenda framtakssjóði hafa kallað á gjaldeyriskaup. Þá hefur umtalsverð sala erlendra fjárfesta á íslenskum ríkisskuldabréfum sett þrýsting á gengi krónunnar.

Agnar Tómas bendir á að hreyfingar á gengi krónunnar byggist oft á sálfræði.

„Þegar krónan virkar veik og flæðið á markaðnum er einhliða, er hætta á að fyrirtæki og fjárfestar hagi ákvörðunum sínum í samræmi," segir Agnar. Hann telur líklegt að framvirkir samningar innflytjenda og frestun útflutningsfyrirtækja á að skipta gjaldeyri í krónur, hafi spilað inn í gengisveikingu sumarsins.

Sýnir mikinn trúverðugleika

Skrúfuáhrif á gjaldeyrismarkaði geta byrjað að grafa undan verðbólguvæntingum en verðbólgan stendur nú í 3,2 prósentum, sem er nokkuð yfir 2,5 prósenta markmiði Seðlabankans.

Agnar segir mikilvægt að Seðlabankinn beiti gjaldeyrisforðanum til að bregðast við. Gengisstyrking síðustu daga sýni að bankinn þurfi ekki að nota mikið af forðanum til þess að hafa áhrif með væntingastjórnun.

„Ég held það sé jákvætt að bankinn hafi það mikinn trúverðugleika að tilkynning um gjaldeyriskaupaáætlun, sem er ekkert sérstaklega stór í sniðum, hafi svo mikil áhrif," segir Agnar og bætir við að langtíma verðbólguvæntingar hafi lækkað mikið í kjölfar tilkynningar Seðlabankans.

Tíu ára verðbólguálag hafi lækkað úr 2,85 prósentum í 2,55 prósent og framtíðarverðbólguvæntingar, það er, væntingar um verðbólgu í 5 ár eftir 5 ár, sem Seðlabankar horfa almennt mikið til, hafi fallið úr 2,55 prósentum í 2,15 prósent sem er undir verðbólgumarkmiði.

Erna Björg tekur í sama streng og segir að Seðlabankinn hljóti að vera nokkuð ánægður með áhrifin sem þessi tilkynning hefur haft hingað til.

„Maður veltir auðvitað fyrir sér hvort tilkynningin hafi jafnvel haft meiri áhrif en Seðlabankinn átti von á. Svona miklar sveiflur milli daga ríma að minnsta kosti ekki við yfirlýst markmið um að auka stöðugleika á markaðinum. Gengisstyrkingin, sem á einum degi þurrkaði nánast út gengisveikingu ágústmánaðar, kemur sér hins vegar vel fyrir Seðlabankann, sem er á verðbólgumarkmiði."

Ekki verið að breyta leiknum

Í viðbrögðum gjaldeyrismiðlunar Landsbankans, sem voru send til viðskiptavina síðasta fimmtudag og Markaðurinn hefur undir höndum, segir að inngrip Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði hafi að undanförnu verið svo regluleg að ekki hafi verið hægt að kalla þau tilfallandi.

„Það er ekki hægt að hengja þetta lengur á ákveðna útlendinga, það hreinlega vantar bara gjaldeyri í vöru- og þjónustuviðskipti. Seðlabankinn er ekki með þessu að breyta leiknum, hann er í raun bara að útvega svipað magn og hann hefur gert síðustu 2 mánuði. Það magn hefur dugað til að hægja á veikingu," segir í skeyti gjaldeyrismiðlunar Landsbankans.

„Þetta getur róað einhverja og getur jafnvel búið til styrkingu á rólegum útflæðistímum. Það sem er miklu áhugaverðara er að fylgjast með Seðlabanka Íslands í óreglulegum aðgerðum. Þurfa dagsveiflurnar að verða meiri til þess að hann mæti með óregluleg inngrip?"

Þá bendir gjaldeyrismiðlunin á að hagkerfið hafi verið fast í „krónísku útflæði" og þar af leiðandi veikingu íslensku krónunnar. Ekki sé ástæða til að reikna með að það breytist.

„Í stað þess að geta treyst á jafna og þétta veikingu, hafa líkur á tilfallandi styrkingardögum aukist."

Mikil þörf á viðskiptaafgangi

Innlán lífeyrissjóða hjá innlendum fjármálafyrirtækjum hafa aukist um 50 milljarða króna frá byrjun árs. Upphæðin nam 153 milljörðum króna í janúar en var komin í 203 milljarða króna í júlí samkvæmt nýjustu tölum Seðlabanka Íslands. Uppsöfnun innlána má meðal annars rekja til uppgreiðslna á sjóðsfélagalánum og samkomulagsins við Seðlabanka Íslands.

Eignir sjóðanna nema hátt í 190 prósentum af þjóðarframleiðslu og hlutfall erlendra eigna er um 33 prósent. Agnar Tómas bendir á að flestir sjóðir ætli að hækka hlutfallið í um 40 prósent og auk þess renni um 300 milljarðar í sjóðina á ári í formi iðgjalda, afborgana og fjármagnstekna.

„Ég tel líklegt að lífeyrissjóðir muni vilja fjárfesta stórum hluta af þeim fjármunum erlendis. Líklega munu því á bilinu 100 til 150 milljarðar á ári um næstu ár leita frá lífeyriskerfinu í erlendan gjaldeyri. Það er um um 3 til 5 prósent af landsframleiðslu og því ljóst að þjóðarbúið mun þurfa að viðhalda talsverðum viðskiptaafgangi bara til að geta staðið undir því útflæði."

> **Ég held það sé jákvætt að bankinn hafi það mikinn trúverðugleika að tilkynning um gjaldeyriskaupaáætlun, sem er ekkert sérstaklega stór í sniðum, hafi svo mikil áhrif.**

Agnar Tómas Möller, sjóðsstjóri hjá Kviku banka

Gengi ISK gagnvart EUR



GEFÐU STARFSFÓLKI UPPLIFUN Í ÖSKJU

STUTTUR AFHENDINGAR-TÍMI

SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI

**Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf
með kveðju frá fyrirtækinu, í þeim verðflokki sem þú óskar.**

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

Kvika á 15 prósent í félaginu.

Incrementum tapaði um 150 milljónum

Fjárfestingafélagið Incrementum, sem var stofnað af Kviku banka og viðskiptafélögunum Baldvini Valtýssyni, Ívari Guðjónssyni og Smára Rúnari Þorvaldssyni vorið 2019, tapaði rúmlega 146 milljónum króna í fyrra.

Félagið, sem var sett á fót með rúmlega einn milljarð króna í hlutafé, fjárfesti í verðbréfum fyrir um 3.240 milljónir króna á síðasta ári, en seldi á móti fyrir liðlega 2.270 milljónir króna. Á meðal þeirra fyrirtækja í Kauphöllinni sem Incrementum fjárfesti í voru Reitir, Kvika banki, Síminn og Marel.

1.020

milljónum króna nam hlutabréfaeign Incrementum í árslok 2019.

Samkvæmt nýbirtum ársreikningi nam hlutabréfaeign félagsins um 1.020 milljónum króna í árslok 2019 og var eigið fé tæplega 870 milljónir. Hlutabréfaeign Incrementum á þeim tíma samanstóð fyrst og fremst af eignarhlut í Reitum, samtals um 10,5 milljónum hluta að nafnverði, sem var metinn á 766 milljónir króna, en frá áramótum hefur hlutabréfaverð fasteignafélagsins lækkað um nærri 40 prósent. Þá átti félagið auk þess lítinn hlut í Marel og Origo.

Fram kemur í skýringum með ársreikningi félagsins að það sé mat stjórnar að kórónaveirufaraldurinn muni hafa veruleg áhrif á rekstur Incrementum á árinu 2020. Það sé hins vegar mat stjórnenda að efnahagurinn sé sterkur og áframhaldandi rekstur tryggður. Brugðist hafi verið áhrifum verðsveiflna á mörkuðum með því að selja eignir og lækka skuldir til að bregðast við áhættu. Í lok síðasta árs námu skuldir við lánastofnanir 187 milljónum og skuldir vegna afleiðusamninga um 178 milljónum.

Félagið Kirkjustígur, sem er í eigu Baldvins, er stærsti hluthafi Incrementum með nærri 20 prósenta hlut. Þá nemur eignarhlutur Kviku banka og félags í eigu Róberts Wessman hvor um sig tæplega 15 prósentum. Aðrir helstu hluthafar Incrementum eru meðal annars Ari Guðmundsson, eigandi þvottaþjónustunnar Fannar, Ólafur Björnsson, eigandi heildsölunnar Innness, og Kristján Grétarsson, einn hluthafa Kea-hótela. **– hae**

Fram kemur í ákvörðun rannsóknarnefndar að 9.000 tonn af kísilmálmi hafi verið flutt til Bandaríkjanna frá Íslandi 2017 til 2019. MYND/GAUKUR HJARTARSON

Allt að 48 prósenta refsitollar lagðir á íslenskan kísilmálm

Í skýrslu rannsóknarnefndar bandaríska viðskiptaráðuneytisins, um undirverðlagningu á innfluttum kísilmálmi á Bandaríkjamarkaði, eru lagðir til háir tollar á kísilmálm framleiddan á Íslandi. Bandarískir framleiðendur kísilmálms áttu í rekstrarvanda fyrr á árinu þegar óskað var eftir aðgerðum stjórnvalda.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is

Viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna mun leggja á bilinu 28 til 48 prósenta innflutningstolla á íslenskan kísilmálm, að því er kemur fram í opinberum upplýsingum frá þar til bærum bandarískum yfirvöldum. Rannsókn á innflutningi kísilmálms frá fjórum löndum og hugsanlegri undirverðlagningu á Bandaríkjamarkaði, lauk í síðasta mánuði en gögn málsins voru nýlega birt.

Um er að ræða kísilmálm frá Íslandi, Kasakstan, Bosníu-Hersegóvínu og Malasíu. Innflutningstollar á kísilmálm frá Bosníu og Malasíu munu vera á bilinu 12 til ríflega 21 prósent. Innflutningstollar á íslenska málminn eru hins vegar hærri, eða á bilinu 28 til 48 prósent.

Í sumar óskuðu tveir stærstu framleiðendur kísilmálms í Bandaríkjunum eftir því við viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna að innflutningstollar yrðu lagðir á kísilmálm frá Íslandi, Malasíu, Kasakstan og Bosníu.

Að sögn Ferroglobe og Mississippi Silicon, sem samanlagt stýra meira en helmingi allrar kísilmálmframleiðslu í Bandaríkjunum, njóta framleiðendur landanna fjögurra ósanngjarns samkeppnisforskots. Því er náð fram með því að selja kísilmálm á niðursettu verði í krafti niðurgreiðslna við framleiðslu (e. dumping). Var því haldið fram að innflutningsverð á málmi frá löndunum fjórum væri á bilinu 54-85 prósentum lægra en eðlilegt gæti talist.

Fram kemur í skýrslu um málið að PCC, sem er sagt að baki öllum innflutningi kísilmálms frá Íslandi til Bandaríkjanna, hafi skilað skriflegum svörum til rannsóknarnefndar sem hafði málið til umfjöllunar. Deilan snerist að miklu leyti um hvort sú vara sem PCC hefði flutt til Bandaríkjanna væri sambærileg þeirri sem bandarísku framleiðendurnir seldu. Bandarísku framleiðendurnir héldu því fram að eiginleikar þess kísilmálms sem PCC framleiðir væru með þeim hætti að söluverð ætti að vera miklu hærra en raun ber vitni, en því mótmælti PCC.

» Að sögn Ferroglobe og Mississippi Silicon [...] njóta framleiðendur landanna fjögurra ósanngjarns samkeppnisforskots.

Rannsóknarnefndin komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að vara PCC væri fullkomlega útskiptanleg við bandaríska málminn og því væru umkvartanir bandarísku framleiðendanna réttlætanlegar.

Fram kemur að innflutningur á kísilmálmi frá Íslandi til Bandaríkjanna hafi verið um það bil 8.900 tonn á árunum 2017 til 2019, en gengið er út frá því að það hafi nánast allt komið frá PCC á Bakka. Árleg afkastageta verksmiðjunnar er 32 þúsund tonn, en full afköst verksmiðjunnar náðust hins vegar ekki fyrr en í október á síðasta ári. Heildarframleiðsla PCC frá upphafi er raunar ríflega 32 þúsund tonn, en ríflega fjórðungur framleiðslunnar fór til Bandaríkjanna. Ekki er ljóst hvaða áhrif bandarískir innflutningstollar á íslenskan kísilmálm hafa á rekstrargrundvöll PCC á Bakka. Ekki náðist í Rúnar Sigurpálsson, framkvæmdastjóra PCC á Bakka.

Bæði Ferroglobe og Mississippi Silicon, einkum hið fyrrnefnda, eiga í töluverðum rekstrarvanda um þessar mundir. Fyrr í sumar var lánshæfiseinkunn Ferroglobe færð úr B- í CCC+, en slík lánshæfiseinkunn er djúpt í svokölluðum ruslflokki. Versnandi horfur á heimsmarkaði kísilmálms eru meginástæða lækkandi lánshæfiseinkunnar Ferroglobe.

Verð á kísilmálmi í Bandaríkjunum hefur lækkað jafnt og þétt síðastliðin tvö ár. Samkvæmt gögnum frá US Geological Survey, sem skráir meðal annars mánaðarlega meðalverð á ýmsum málmum, hefur verðið lækkað úr tæplega 1,4 dölum á pundið um mitt ár 2018, í um 0,95 dali um mitt þetta ár. Um er að ræða ríflega þriðjungslækkun, en um sama leyti var tilkynnt um rannsókn yfirvalda í Bandaríkjunum á innfluttum kísilmálmi.

Ekki hægt að upplýsa um þátttöku stjórnenda í útboði Icelandair

Ekki er heimilt samkvæmt lögum að upplýsa hvort stjórnarmenn og lykilstjórnendur Icelandair Group hyggist taka þátt í hlutafjárútboði félagsins sem hefst í dag. Þetta kemur fram í svari Icelandair Group við fyrirspurn Markaðarins.

„Í ljósi þess að lög og reglur gera ráð fyrir að birta þurfi slíkar upplýsingar á markaði, svo allir hafi aðgang að þeim samtímis, þá er ekki hægt að svara spurningum um viðskipti æðstu stjórnenda að svo stöddu. Þau viðskipti verða birt á markaði þegar úthlutun liggur fyrir," segir í svari félagsins. Hið sama gildir um stjórnarmenn.

Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður Icelandair Group. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður Icelandair Group, er eini stjórnarmaðurinn sem á hlut í félaginu. Samkvæmt ársreikningi þess fyrir árið 2019 átti Úlfar rúmlega 12 milljónir hluta, en hann keypti þá á einu bretti haustið 2018.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group á tæpar 1,8 milljónir hluta og samanlagður eignarhlutur annarra lykilstjórnenda nemur tæplega 1,7 milljónum hluta.

Icelandair Group gerir ráð fyrir að selja nýja hluti á genginu 1 króna á hlut fyrir alls 20 milljarða. Komi til umframeftirspurnar, mun stjórn hafa heimild til að auka hlutafé enn frekar um allt að 3 milljörðum,

» Forstjóri og lykilstjórnendur eiga samanlagt um 3,5 milljónir hluta í félaginu.

þannig að stærð útboðsins yrði að hámarki 23 milljarðar króna.

Útgefið hlutafé Icelandair mun þynnast niður í um 19 til 21 prósent gangi útboðið eftir eins og áformað er, en ef nýir fjárfestar félagsins nýta sér þau áskriftarréttindi sem fylgja með bréfunum, sem hægt verður að gera í einu lagi eða skrefum til allt að tveggja ára, þynnist eignarhlutur hluthafa niður í allt að 16 prósent. **– þfh**

Bókhald & laun

Enginn tími fyrir bókhaldið?

Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

Sjá nánar á www.pwc.is/bokhald

pwc

PwC | Bókhald & laun | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

„Því miður er makríllinn í sumar ekki af sömu gæðum og undanfarin ár. Það er erfitt að tryggja gæði aflans þegar náttúrulegt ástand hans er ekki gott og svo bætist við að það þarf að sigla með

Líklegt að minna fáist fyrir makrílinn þrátt fyrir betri aflabrögð

Síðasta ár var það besta í sögu Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum sé litið til veltu og framlegðar. Framkvæmdastjórinn segir umfangsmiklar fjárfestingar síðastliðinna ára nú bera ávöxt. Breytt göngumynstur makríls þýðir að minna fæst fyrir aflann, en aðrir stofnar í lægð gætu nú náð betra jafnvægi.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, yfirleitt kallaður Binni í Vinnslustöðinni, tók við starfi framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar á vormánuðum 1999 og hefur því séð tímana tvenna í starfi. Þegar Binni tók við stöðu framkvæmdastjóra var félagið í miklum taprekstri. Ein af fyrstu ákvörðunum hans í starfi var að ráðast í fjöldauppsagnir. Mikil átök voru svo í hluthafahóp fyrirtækisins á árunum 2007-2018. Upp úr bankahruninu 2008 beindu stjórnmálamenn svo sjónum sínum að uppstokkun fiskveiðistjórnunarkerfisins, sem kom niður á fjárfestingum bæði hjá Vinnslustöðinni og öðrum íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum.

Síðastliðin fimm ár hafa einkennst af miklum uppgangi hjá Vinnslustöðinni, en félagið hefur fjárfest í skipastól og landvinnslu fyrir um 86 milljónir evra eða sem nemur tæplega 14 milljörðum króna á gengi dagsins í dag. Framlegð Vinnslustöðvarinnar mæld í evrum náði sínu hæsta gildi í fyrra.

„Síðasta ár var að mörgu leyti metár. Veltan og framlegðin var sú mesta fyrr og síðar í evrum talið. Hagnaðurinn var ekki sá mesti, en það skýrist af því að við höfum skuldsett félagið á síðustu árum vegna mikilla fjárfestinga. Afskriftir og fjármagnskostnaður aukast auðvitað með auknum fjárfestingum sem leiðir til þess að hagnaðurinn minnkar. En það breytir því ekki að niðurstaða síðasta árs var mjög góð þrátt fyrir loðnubrest. Fjárfestingar síðustu ára eru þannig að skila sér í töluvert betri rekstrarniðurstöðu," segir Binni.

Fjárfestingar Vinnslustöðvarinnar voru í algjöru lágmarki á árunum 2009 til 2014. „Fyrst kemur bankahrunið og þá þurfa allir að ná áttum. Svo tekur vinstristjórnin við og þar er alltaf yfirvofandi möguleikinn á stórhækkuðum veiðileyfagjöldum eða einhvers konar umbyltingu á kvótakerfinu. Í slíku umhverfi fjárfestir enginn útgerðarmaður í varanlegum rekstrarfjármunum, enda þurfa menn þá að eiga fyrir hækkandi skattskuldum eða þá stórminnkandi tekjum, sem virtust vera við sjóndeildarhringinn á tímabili.

Skuldir Vinnslustöðvarinnar voru þess vegna stöðugar til þess að gera framan af áratugnum eftir hrun en síðan þá hefur meiri sátt skapast um kvótakerfið og því höfum við ráðist í löngu tímabæra endurnýjun á skipastofni og húsnæði. Mikið af varanlegum rekstrarfjármunum fyrirtækisins var frá sjötta og sjöunda áratugnum. Togarinn Breki VE kom inn hjá okkur 2018, það var fjárfesting fyrir fjórtán milljónir evra og reyndar fyrsta skipið sem smíðað er fyrir Vinnslustöðina frá upphafi 1946. Á tímabilinu 2015-19 höfum við fjárfest fyrir ellefu til tólf milljarða, ef við horfum á meðalgengi evru gagnvart krónu á tímabilinu."

Binni bendir á að afkoma Vinnslustöðvarinnar sé auðvitað miklu sveiflukenndari í íslenskum krónum. „En þá er stundum sagt að sjávarútvegsfyrirtæki búi við annað hagkerfi vegna þess að þau gera sum hver upp í erlendri mynt. Það er auðvitað algjörlega rangt að halda því fram. Við erum í sama hagkerfi og allir hinir. Ef við erum með eina milljón evra inni á bankabók í árslok þá eigum við alltaf jafnmargar evrur til að fjárfesta í skipum, borga af lánum, kaupa olíu og veiðarfæri, óháð því hvar gengi krónunnar liggur hverju sinni. Að gera fyrirtækið upp í evrum gefur einfaldlega gleggri mynd af rekstrinum.

Við erum með stærstan hluta okkar kostnaðar tengdan erlendri mynt, það eru fyrst og fremst laun starfsfólks í landi sem eru í íslenskum krónum. Sjómenn fá greitt í samræmi við aflaverðmæti sem er auðvitað erlent tekjuflæði. Þetta hefur ekkert að gera með það að við búum við annað hagkerfi en önnur fyrirtæki í landinu."

Úr hælaskóm í gúmmístígvél

„Fyrr í sumar var kona stödd hér í Eyjum sem hafði áður starfað sem flugfreyja hjá Icelandair og hafði verið sagt upp. Hún var alin upp í Eyjum og hafði unnið í fiski á unglingsárunum og þekkti því erfiðisvinnu. Eftir að hún missir starfið kemur hún í heimahagana til að heimsækja ættingjana. Ein frænka hennar segir við hana: „Af hverju kemurðu ekki bara á vakt í Vinnslustöðinni? Þar vantar fólk til starfa." Flugfreyjan klæddi sig úr hælaskónum og fór í stígvélin og fór beint á næturvakt í vinnslunni hjá okkur. Hún var vön vaktavinnu úr fluginu svo það var ekkert mál fyrir hana að vaka heila nótt. Daginn eftir segir hún að hún skilji ekkert í þessu – „þetta var ekkert mál, ég er bara ekkert þreytt."

Þetta kannski sýnir það að í fiskvinnslu eru ekki sömu erfiðisstörfin og í gamla daga. Þetta snýst bara um að hafa eftirlit með vélum. Þú þarft auðvitað ganga töluvert um gólf en þetta er ekki sama puðið og áður var.

Sama er á uppsjávarskipunum. En það verður þó ekki sama sagt um þá sem eru á netabátum og togskipunum hjá okkur. Það er enn þá hörkuvinna. En sem betur fer er þessum störfum að fækka sem eru svona mikið erfiði og þannig getum við laðað að okkur fólk úr fleiri áttum."

Kynningar: CU2, Artasan

Fyrstu árin

MIÐVIKUDAGUR 16. SEPTEMBER 2020

Í ungbarnalínu Childs Farm er að finna einstaklega mildar vörur sem hafa reynst börnum með viðkvæma húð vel. Vörurnar innihalda eingöngu skaðlaus og náttúruleg efni.

Í háttinn með Childs Farm

Childs Farm vörurnar hafa notið gríðarlegra vinsælda síðan þær komu fyrst í hillur verslana og eru ungbarnavörurnar oft eitt það fyrsta sem kemst í snertingu við húð íslenskra bleyjubossa. →2

Framhald af forsíðu

Í ungbarnalínu Childs Farm er að finna einstaklega mildar vörur sem hafa reynst börnum með viðkvæma húð vel. Vörurnar innihalda eingöngu skaðlaus og náttúruleg efni sem ekki valda ertingu og mikilvægar olíur sem bæði stuðla að heilbrigði húðarinnar og gefa yndislegan ilm.

„Meginmarkmið Childs Farm er að vörur merkisins séu eins mildar og kostur er, en gefi jafnframt ungri og viðkvæmri húð mikinn raka. Þannig innihalda sápurnar einnig mýkjandi olíur svo baðferðir valdi ekki óþarfa þurrki," segir Karen Elva Smáradóttir, vörumerkjastjóri Childs Farm á Íslandi.

Róandi fyrir svefninn

„Þegar talað er um að skapa góðar svefnvenjur fyrir ungbörn er rauði þráðurinn sá að finna ákveðna röð atburða sem gerast á hverju kvöldi fyrir svefn, svo að barnið finni að nú sé að koma að nætursvefni. Þótt engin þörf sé á að baða börn daglega finnst þeim flestum notalegt í baðinu og það skapar dýrmætt tækifæri fyrir nána samveru," segir Karen Elva.

Vissir þú: að baðferðir geta haft mjög þurrkandi áhrif á húð okkar allra? Þess vegna skiptir máli að hugsa vel um hvað við setjum í baðið og passa að bera gott rakagefandi krem eða olíu á húðina strax á eftir.

„Margir kjósa því að hafa rólegan baðtíma á kvöldin sem hluta af háttatímarútínu barna sinna, og þess vegna hefur Childs Farm þróað vörur sínar með þetta að leiðarljósi."

Ein af þessum vörum er Bedtime Bubbles sem er milt og léttfreyðandi freyðibað sem inniheldur róandi tangerínuolíu. Karen segir að olían sé talin hafa svipað róandi eiginleika og lavender, en valdi síður ertingu. Freyðibaðið hefur einnig ýmis rakagefandi innihaldsefni og hefur því ekki þurrkandi áhrif á viðkvæma ungbarnahúð.

„Til þess að vera viss um að innihald Bedtime Bubbles myndi ekki valda ertingu fékk Childs Farm foreldra um allt Bretland til liðs við sig og voru fengin 100 ungbörn á aldrinum 0-18 mánaða sem höfðu verið greind með exem til að prófa vöruna. Foreldrar 94% þeirra sögðu freyðibaðið ekki hafa haft ertandi áhrif á húð barna sinna," segir Karen Elva.

Nudd og notalegheit

Eftir baðferðir, hvort sem þær hafa verið rólegar eða fjörugar, er tilvalið að ná enn meiri ró og tengingu við barnið með því að gefa því létt nudd. Childs Farm Massage Oil er létt nuddolía í úðaformi sem inniheldur fjórar mismunandi olíur sem allar hafa sína eiginleika.

Vissir þú: að ungbarnanudd er almennt talið góð leið til þess að sýna barninu ást og umhyggju í gegnum snertingu, sem er mikilvæg fyrir vöxt og velferð barna síðar.

„Lífræn kókosolía ilmar ekki bara dásamlega heldur hefur hún mýkjandi og róandi áhrif á ertingu í húð, eins og exem og bleyjuútbrot. Olía úr vínberjakjarna er talin hafa bólgueyðandi og græðandi áhrif. Baobab-olía hefur hátt innihald A-, E-, F- og D3-vítamína og fyrir utan að vera frábær rakagjafi fyrir húðina hefur hún einnig róandi og bólgueyðandi eiginleika sem gerir það að verkum að hún getur minnkað húðertingu og og þurrk," útskýrir Karen Elva.

„En Childs Farm nuddolían er ekki bara góð fyrir rólegt ungbarnanudd, heldur er hún frábær sem rakakrem á þurra húð, enda smýgur hún vel inn í húðina. Sumar mömmur hafa meira að segja stolist til þess að bera hana á fótleggi sína eftir rakstur!"

Margir kjósa að hafa rólegan baðtíma á kvöldin sem hluta af háttatíma rútínu barna sinna. Childs Farm hefur þróað vörur sínar með þetta að leiðarljósi.

> **Meginmarkmið Childs Farm er að vörur merkisins séu eins mildar og kostur er, en gefi jafnframt ungri og viðkvæmri húð mikinn raka.**
>
> **Karen Elva Smáradóttir**

Þrjóskir þurrkblettir

Það er oft erfitt að eiga við þráláta þurrkubletti og útbrot. Eins og margar Childs Farm vörur er bossakremið í ungbarnalínunni ekki bara ætlað til þess að halda bleyjubossum mjúkum og sætum, heldur er kremið svo græðandi að það hentar einmitt vel á exem og erfiða þurrkbletti að sögn Karenar Elvu.

„Bossakremið er ilmefnalaust, inniheldur græðandi Aloe vera og ofurrakagefandi shea- og kakósmjör. Kremið inniheldur ekki sink og smýgur því hratt inn í húðina og má nota á alla þurrkbletti ásamt því að vera öruggt fyrir taubleyjur," upplýsir hún.

Childs Farm-vörurnar eru prófaðar af húðlæknum og samþykktar af barnalæknum. Í þeim eru engin paraben, ekkert SLES, engar steinefnaolíur né tilbúin litarefni. Vörulínan samanstendur af sérhæfðri ungbarnalínu, krakkalínu og sólarlínu, sem innihalda flestar hársápu, baðsápu, krem og freyðibað. Sérhæfða ungbarnalínan inniheldur allt sem þarf til að hreinsa og næra húð ungbarna, jafnvel þótt húðin sé viðkvæm eða gjörn á að fá exem.

Childs Farm fæst í Hagkaup, Krónunni, Fjarðarkaupum og apótekum um land allt.

Eftir baðferðir er tilvalið að ná enn meiri ró og tengingu við barnið með því að gefa því létt nudd. Childs Farm Massage Oil er létt nuddolía í úðaformi sem inniheldur fjórar mismunandi olíur, sem allar hafa sína eiginleika.

Childs Farm vörurnar eru prófaðar af húðlæknum og samþykktar af barnalæknum. Í þeim eru engin paraben, ekkert SLES, steinefnaolíur eða tilbúin litarefni. Vörulínan samanstendur af ungbarnalínu, krakkalínu og sólarlínu.

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

Lansinoh

Therapearl hita- og kælimeðferð

3-in-1 brjóstameðferð má bæði nota heita og kalda. Inniheldur engin eiturefni og aðstoðar þig við hinar ýmsu aðstæður í brjóstagjöfinni. Einstök hönnun lagar sig að brjóstinu eða dælunni eins og baunapoki og virkar allan hringinn.

Mjólkursafnari

Safnaðu meiri mjólk með **Lansinoh mjólkursafnara** fyrir brjóstagjöf! Lansinoh mjólkursafnarinn sýgur sig fastan á brjóstið og þú getur safnað allt að 110 ml af mjólk handfrjálst.

Lansinoh vörurnar fást í apótekum, Hagkaup, Fjarðarkaup, barnavöruverslunum og á Heimkaup.is

Ófrísk á fimmtugsaldri

Aldur kvenna við fyrstu meðgöngu hefur hækkað mikið á undanförnum árum. Konur eru jafnvel að eiga börn um og eftir fimmtugt. Frjósemin fer þó mjög minnkandi hjá konum eftir 35 ára.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Í rannsókn sem gerð var í Svíþjóð kemur fram að meðalaldur kvenna sem eignast sitt fyrsta barn er alltaf að hækka. Árið 1973 var meðalaldur 24 ára en árið 2016 var hann kominn upp í 29 ára. Árið 2017 fæddust 60 börn í Svíþjóð þar sem móðirin var 49 ára eða eldri. Kenny Rodriguez-Wallberg, dósent og yfirlæknir við Karólínska háskólasjúkrahúsið, segir margvíslegar ástæður fyrir því að konur seinki barneignum. Bent er á að læknisfræðileg aðstoð hafi batnað mikið á síðustu árum auk þess sem hegðunarmynstur kvenna hafi breyst. „Í dag leggja konur mikinn metnað í að mennta sig og hafa síður tíma til að stofna fjölskyldu," segir Kenny. Þá hafi læknisfræðilegum valkostum fjölgað við getnað þótt glasafrjóvgun sé þeirra algengust. Þess má til gamans geta að fyrsta glasabarnið í heiminum, Louise Brown, fæddist í júlí árið 1978 en síðan hafa yfir milljón börn orðið til við glasafrjóvgun í heiminum.

Minni frjósemi

Aldursmörk fyrir glasafrjóvgun hefur verið 40-45 ár. Konur hafa beðið um endurskoðun á þessum mörkum þar sem konur á aldrinum 45-50 ára séu yfirleitt heilbrigðar og vel á sig komnar. Konur eru unglegri og heilsuhraustari í dag en jafnöldrur þeirra fyrir 10-20 árum. Það er þó erfiðara fyrir konu yfir fertugt að verða barnshafandi heldur en yngri konu. Frjósemin gæti verið meira en 50% minni hjá þeim sem komnar eru yfir fertugt. Besti aldurinn til að verða barnshafandi er í kringum 25 ár. Þá eru keisaraskurðir oftar gerðir hjá eldri konum. Hjá körlum minnkar líka frjósemin með árunum svo það á við um bæði kynin.

Meiri áhætta

Það fylgir því áhætta að verða barnshafandi eftir fertugt. Hættan er meiri á litningagalla hjá fóstrinu þótt líkurnar séu ekki miklar. Með legvatnsástungu og fylgjusýni er hægt að greina truflun á litningum á meðgöngu. Foreldrar geta staðið frammi fyrir þeirri erfiðu ákvörðun, ef í ljós kemur litningagalli, að halda áfram meðgöngu eða ljúka henni.

Sykursýki á meðgöngu og hár blóðþrýstingur eru algengari kvillar hjá konum yfir fertugt en þeim sem yngri eru. Þá eru eldri konur í meiri hættu á að fá meðgöngueitrun og að barnið fæðist fyrir tímann. Ef konur ætla sér að eignast barn eftir fertugt ættu þær að huga vel að heilsunni. Þær ættu ekki að vera of þungar því það eykur mikið hættu á vandamálum á meðgöngu. Gott er að taka inn vítamín sem innihalda fólínsýru og sleppa alfarið reykingum og áfengisneyslu.

Þótt konur yfir fertugt geti verið í meiri hættu á ýmsum fylgikvillum má líka horfa á björtu hliðarnar. Konur á þessum aldri eru þroskaðri og raunsærri en tvítugar stúlkur og jafnvel betur undir það búnar að ala upp barn, enda líklega búnar að þrá það lengi.

Það er ekki bara í Svíþjóð sem aldur kvenna á meðgöngu hefur hækkað. Þetta gildir um öll Norðurlöndin. Barneignum hefur þar fyrir utan fækkað mikið í öllum þessum löndum miðað við fæðingatíðni fyrri ára og er það áhyggjuefni víða.

Stjörnur fresta barneignum

Margar þekktar konur hafa eignast börn eftir fertugt. Geri Halliwell Horner, sem var þekkt sem Ginger Spice úr Spice girls, eignaðist son árið 2017, þá 44 ára. Fyrir átti hún tíu ára dóttur og stjúpdóttur. Hollywood-leikkonan Nicole Kidman var 41 árs þegar hún fæddi dóttur sína og Keith Urban árið 2008. Þremur árum seinna eignaðist hún aðra dóttur en þá með hjálp staðgöngumóður. Nicole og Tom Cruise ættleiddu tvö börn. Ofurfyrirsætan Iman eignaðist dóttur um tvítugt en hún var 45 ára þegar hún eignaðist dóttur með David Bowie. Hún kallaði barnið kraftaverk.

Madonna eignaðist soninn Rocco með Guy Ritchie þegar hún var 42 ára. Áður átti hún dóttur með þjálfara sínum, Carlos Leon. Hún hefur auk þess ættleitt fjögur börn. Janet Jackson fékk fyrsta barnið sitt, soninn Eissa, þegar hún var fimmtug árið 2016. Leikkonan Halle Berry var 46 ára þegar hún tilkynnti að hún ætti von á sínu fyrsta barni með Oliver Martinez. Hún átti áður dóttur. Eva Mendes var fertug árið 2014 þegar hún sagði frá því að hún og Ryan Gosling ættu von á dóttur. Tveimur árum síðar varð hún aftur ófrísk. Það má því segja að stjörnurnar hafi margar beðið með barneignir.

Konum sem bíða með barneignir þar til þær eru komnar yfir fertugt fjölgar mikið. MYND/GETTY

Geri Halliwell Horner var 44 ára þegar hún eignaðist sitt annað barn.

Nicole Kidman og Keith Urban eignuðust fyrsta barn sitt árið 2008. Þá var Nicole 41 árs.

» Konur á þessum aldri eru þroskaðri og raunsærri en tvítugar stúlkur og jafnvel betur undir það búnar að ala upp barn enda líklega búnar að þrá það lengi.

Varðveittu fyrstu augnablikin í nýju lífi

Alin mælieining í fæðingarlengd

Alin er mælieining sérsniðin í lengd barnsins þíns
við fæðingu. Áletruð með nafni, þyngd, fæðingardegi- og tíma.

Fullkomin gjöf fyrir nýja foreldra.

15% afsláttur af Alin mæleiningum og gjafabréfum
út september með kóðanum **FYRSTUARIN**

AGUSTAV / www.agustav.is / Skólavörðustíg 22 / s.8230014

SEGJUM NEI

VIÐ ÓÞARFA OG JÁ VIÐ ÞVÍ SEM SKIPTIR MÁLI

HÚÐOFNÆMI,
NEI TAKK

Neutral®

HÚÐOFNÆMI, NEI TAKK

Líðan mæðra mótar heilsu barna þeirra

Tvær nýjar rannsóknir gefa til kynna að andleg heilsa verðandi og nýbakaðra mæðra hafi mikil áhrif á andlega og líkamlega heilsu barna þeirra. Vellíðan getur styrkt þau og vanlíðan gert þau viðkvæmari fyrir álagi.



OPTIBAC FYRIR BÖRN

- Hentar vel börnum sem eru með meltingarvandamál s.s. kveisu, hægðatregðu eða bakflæði
- Styrkir mótstöðuafl líkamans og getur dregið verulega úr líkum á því að börn fái öndunarfærasýkingar
- Blandan er einstaklega mild þó hún sé áhrifarík og hana má gefa börnum frá fæðingu

OptiBac probiotics

STOÐMJÓLK
FYRIR ½ ÁRS TIL 2 ÁRA

TILBÚIN TIL DRYKKJAR

Niðurstöður hinnar rannsóknarinnar voru að börn mæðra sem þjáðust af þunglyndi eða kvíða væru viðkvæmari fyrir álagi. Rannsakendur óttuðust að það gæti leitt til andlegra erfiðleika síðar á ævi barnanna. MYND/GETTY

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Rannsóknir sýna að líðan verðandi mæðra hefur veruleg áhrif á heilsu barna þeirra. Góð andleg líðan hefur jákvæð áhrif á heilsu ungbarna en vanlíðan mæðranna virðist gera börnin viðkvæmari fyrir álagi.

Um tvær aðskildar rannsóknir er að ræða, en önnur þeirra var unnin við Charité-háskólasjúkrahúsið í Berlín og birtist í ritrýnda sálfræðitímaritinu American Journal of Psychiatry. Niðurstaða hennar er að andleg vellíðan mæðra lengi litningsenda, sem eru frumur sem vernda enda litninga við frumuskipti. Þetta er talið hægja á öldrun frumna og geta bætt heilsu barnanna til lengri tíma litið.

Það er margt sem getur haft áhrif á þroska barns á meðgöngunni en hingað til hafa rannsakendur aðallega skoðað áhrif neikvæðra þátta og lítið kannað áhrif jákvæðra þátta. Ýmislegt getur haft áhrif á litningsenda, en talið er að lengri litningsendar tengist auknum lífslíkum og vinni gegn ýmsum aldurstengdum sjúkdómum.

Rannsakendur sýndu fram á að geta móður til að takast á við álag á meðgöngunni tengdist lengd litningsenda. Þeim mun jákvæðari og andlega stöðugri sem móðir var á meðgöngunni, þeim mun lengri voru litningsendar barns hennar.

Rannsakendurnir segja að þetta undirstriki mikilvægi andlegrar heilsu verðandi mæðra hvað varðar framtíðarþroska og heilsu barna þeirra, sem og mikilvægi þess að þungaðar konur fái aukinn andlegan og félagslegan stuðning.

Vanlíðan skapar óöryggi

Niðurstaða í annarri rannsókn, sem var gerð við háskólann í Heidelberg, var að börn þunglyndra eða kvíðinna mæðra sýni sterkari sálræn einkenni álags þegar þau taka staðlað álagspróf en börn mæðra sem hafa ekki glímt við slíkt.

Samskipti móður og ungbarns eru gríðarlega mikilvægur hluti af heilbrigðum þroska, sérstaklega á fyrstu mánuðum ævinnar. Sumar mæður, sérstaklega ef þær þjást af þunglyndi, kvíða eða fæðingarþunglyndi, eiga erfitt með að eiga við neikvæða hegðun ungbarna og það er talið skapa óöryggi hjá börnunum þegar þau eldast. Slík geðræn vandamál eru mun algengari á meðgöngu og eftir barnsburð en annars og hrjá 10-20% kvenna á því tímabili ævinnar.

Áhrif afskiptaleysis mæðra voru sýnd í frægri rannsókn frá 8. áratug þar sem mæður voru beðnar um að eiga létt samskipti við börnin sín í smá tíma, sýna þeim svo engin viðbrögð í smástund og haga sér svo aftur venjulega. Þegar börnunum voru ekki sýnd nein viðbrögð sýndu þau neikvæðari tilfinningar og höfðu líka minni félagsleg samskipti en annars.

Niðurstöður annarrar rannsóknarinnar voru að andleg vellíðan móður lengdi litningsenda barns hennar. Lengri litningsendar eru taldir hægja á öldrun frumna og gætu bætt heilsu barnanna til lengri tíma litið. MYND/GETTY

> **Rannsakendurnir segja að þetta undirstriki mikilvægi andlegrar heilsu verðandi mæðra hvað varðar framtíðarþroska og heilsu barna þeirra.**

Sterkari viðbrögð við álagi

Þessi aðferðafræði var notuð aftur í nýju rannsókninni, þar sem niðurstöðurnar sýndu að þegar móðir sýnir engin viðbrögð og veitir barninu ekki athygli, hefur það meiri áhrif á börn mæðra sem voru þunglyndar eða kvíðnar. Hjartsláttur þeirra jókst meira en barna sem áttu mæður sem höfðu ekki glímt við slíkt, en munurinn var átta slög á mínútu. Mæður þessara barna töldu þau líka erfiðari í skapi. Rannsakendur óttast að þetta gæti leitt til andlegra erfiðleika þegar barnið vex úr grasi.

Rannsóknin náði til 50 mæðra og barna þeirra, 20 þeirra höfðu þjáðst af þunglyndi eða kvíða í kringum fæðingu barna sinna og 30 höfðu ekki gert það. Enn um sinn er því bara um bráðabirgðaniðurstöður að ræða og það þarf að endurtaka rannsóknina með stærra úrtaki. Rannsakendur segja að það sé næsta skrefið.

KiDS COOLSHOP

Smáratorg - 550 0800

Mán.-fös. 10-19
Lau. 10-18
Sun. 12-18

Tilboðin gilda út september

KiDS COOLSHOP

Glerártorg - 461 4500

Mán.-fös. 11-18
Lau. 11-17
Sun. 13-17



D-vítamín frá fæðingu

Það verður seint talað of mikið um nauðsyn þess að taka inn D-vítamín. Öllum er ráðlagt að gefa börnum sínum D-vítamín, nánast frá fæðingu, en skortur á því getur haft alvarlegar afleiðingar.

Hver einasta fruma líkamans þarf D-vítamín og það er jafnframt eina vítamínið sem við þurfum að fá á bætiefnaformi alla ævi. Fljótlega eftir fæðingu þarf að huga að D-vítamíngjöf fyrir ungbarnið því að móðurmjólkin sem er svo næringarrík inniheldur ekki nægilegt magn af þessu vítamíni.

Börn með beinkröm á Íslandi

D-vítamín er mikilvægt fyrir nýtingu kalks í líkamanum og þeim, sem fá ekki nóg af því, er hættara en öðrum við að fá beinþynningu, vöðvarnir verða veikari og líkur á beinbrotum aukast. Hjá börnum kemur algjör D-vítamínskortur fram sem beinkröm en þá bogna bein í fótleggjum og rifbein svigna. Þessi sjúkdómur er enn til staðar víða í heiminum og því miður fyrirfinnst hann enn á Íslandi þó sjaldgæfur sé. Skortur á D-vítamíni í fullorðnum getur valdið beinþynningu, beinmeyru, vöðvarýrnun og tannskemmdum.

D-vítamínskortur á norðlægum slóðum

Sérfræðingar við Friedman School of Nutrition Science and Policy hafa birt rannsóknir sem gerðar voru á skólabörnum í Boston og sýndu að allt að 90% þeirra voru með D-vítamínskort. Einnig kom þar fram að þeir sem eru í ofþyngd, með dökka húð og/eða lifa á norðlægum slóðum séu oftar með skort en aðrir. Í framhaldi af þessu var skoðað hvað það þyrfti mikið magn í daglegri inntöku af D-vítamíni til að hækka gildin hjá þeim börnum sem mældust með skort. Í ljós kom að stærstur hluti barnanna þurfti að taka 2.000 a.e. (alþjóðlegar einingar) af D-vítamíni í 6 mánuði til að ná ásættanlegum gildum en hámarksskammtur fyrir 9 ára og eldri er 4.000 a.e. á dag. Þetta segir okkur að ef um D-vítamínskort er að ræða, dugir ekki að taka bara ráðlagðan dagskammt, enda eru eru þeir hugsaðir til að viðhalda þeim gildum sem fyrir eru, ekki til að hækka þau.

Hvar fáum við D-vítamín?

Þetta vítamín er ekki eins og önnur vítamín sem getum fengið úr fjölbreyttri fæðu en aðeins um 10% af D-vítamíni kemur úr matnum. Það eru ekki margar tegundir matar sem innihalda D vítamín en helst ber að nefna lax, egg, ost, shiitake-sveppi og svo vítamínbættar matvörur. Sólin er helsta og besta uppspretta D-vítamíns en það verður til í líkama okkar vegna áhrifa UVB-geisla sólarinnar á húðina. Þetta gerist eingöngu þegar hún er mjög hátt á lofti og því erfitt fyrir fólk á norðurslóðum að tryggja sér nægilegt magn nema rétt yfir hásumarið og þá ef engin sólarvörn er notuð. Gott ráð er að leyfa sólinni að skína á líkamann í ca. 20 mínútur án sólarvarnar en þannig er vænn skammtur af D-vítamíni tryggður.

Sumir telja að of lítil inntaka á D-vítamíni sé orðin alvarlegt og útbreitt heilbrigðisvandamál í heiminum í dag.

DLúx – infant fyrir börn yngri en þriggja ára. Hver úði inniheldur 400 a.e. sem er sami styrkleiki og í junior-blöndinni en bragðlaus.

DLúx – junior er fyrir börn eldri en þriggja ára. Gott piparmintubragð og hver úði inniheldur 400 a.e. Þriggja mánaða skammtur í glasi.

Sykurlaust og án gerviefna

Börnin, beinin, kalk og D

Við höfum öll heyrt að kalk sé nauðsynlegt fyrir tennur og bein.

> **D-vítamín er nauðsynlegt fyrir heilbrigt taugakerfi, heila, hjarta og æðakerfi. Það er nauðsynlegt fyrir húðina, beinin, sjónina og heyrnina svo nokkuð sé nefnt og það ver okkur fyrir alvarlegum sjúkdómum.**

Það er alveg hárrétt en ef það fylgir ekki D-vítamín með, þá frásogast ekki nema 10-15% af kalkinu. Það eykst í 30-40% ef D-vítamín er til staðar og þar sem við erum að byggja upp og þétta beinin frá fæðingu er nauðsynlegt að gefa þetta vítamín strax. Það er ekki síður mikilvægt fyrir tennurnar og geta tannskemmdir einmitt verið eitt af einkennum skorts.

Ráðlagðir dagskammtar

Landlæknisembættið hvetur fólk til þess að taka D-vítamín sérstaklega á formi bætiefna og eru börn ekki undanskilin. Ráðlagt er að gefa börnum frá 2 vikna aldri D-vítamín daglega og er ráðlagður dagskammtur fyrir börn 400 a.e.

Efri mörk ráðlagðrar neyslu eru 100 µg á dag (4.000 AE) fyrir fullorðna, 50 µg (2.000 AE) fyrir börn eldri en eins árs að tíu ára aldri og 25 µg (1.000 AE) fyrir ungbörn að eins árs aldri.

Af hverju DLúx í úðaformi?

Munnúði tryggir hraða og mikla upptöku því vítamínið seytlar gegnum slímhúðina í munninum og beint út í líkamann en þannig er einnig minni hætta á magaónotum, sérstaklega hjá börnum.

DLúx hentar grænmetisætum og sykursjúkum sem og þeim sem eru á glúteinlausu fæði. Inniheldur engin gerviefni, salt, ger eða laktósa.

Eplaedik
– *lífsins elexír*

Eplaedik hefur verið notað sem heilsubótarefni í aldaraðir, bæði sem forvörn sem og vegna læknandi eiginleika.

Auk eplaediks innheldur Apple Cider ætiþistil, túnfífil og kólín sem getur elft meltinguna, haft góð áhrif á lifrina og leitt til eðlilegs niðurbrots á fitu. Svo er króm sem er gott fyrir blóðsykursjafnvægið og slær þannig á sykurlöngun.

Aðeins ein tafla á dag og ekkert bragð!

- Hreinsandi
- Vatnslosandi
- Gott fyrir meltinguna
- Getur lækkað blóðsykur
- Getur dregið úr slímmyndun
- Gott fyrir þvagblöðru, lifur og nýru

NEW NORDIC

hann svona langt til hafnar,“ segir Binni í Vinnslustöðinni. MYND/ÓSKAR PÉTUR

Fræg er sagan af því þegar Vinnslustöðinni áskotnaðist mikið magn af niðursoðnum ávöxtum á sjötta áratugnum. Það lenti á borði stjórnar hvernig ætti að deila því góssi út meðal hluthafa.

Átök meðal hluthafa

Á síðastliðnum tveimur áratugum hafa mikil átök gjarnan geisað innan hluthafahóps og stjórnar Vinnslustöðvarinnar. Árið 2002 var hópur hluthafa tengdur S-hópnum svokallaða keyptur út úr fyrirtækinu. Á næstu árum eftir það hófst áralöng deila milli Vinnslustöðvarinnar og Stillu útgerðar, sem var stór hluthafi í fyrirtækinu, en Stilla útgerð var félag í eigu bræðranna Guðmundar og Hjálmars Kristjánssona. Í september 2018 lauk þeim deilum svo þegar FISK Seafood á Sauðárkróki hafði keypt þriðjungshlut í Vinnslustöðinni, en seljandinn var Brim.

„Það hefur oft verið mikill slagur um eignarhaldið á Vinnslustöðinni. Guðmundur Kristjánsson hafði náttúrulega þá hugmynd að eignast Vinnslustöðina að fullu og beitti til þess ýmsum brögðum. Höfðaði fjórtán mál og rannsóknarbeiðnir á hendur félaginu, stjórnendum þess og hótaði hluthöfum einnig málsóknum og fyrrverandi bæjarstjóra Vestmannaeyja líka. Hann tapaði öllum nema einu, sem hann vann í fyrri hálfleik. En nú eru tvö ár síðan okkur bárust þær gleðifréttir suður yfir heiðar að Skagfirðingarnir í FISK hefðu keypt Guðmund Kristjánsson út.“

Binni segir að samstaðan í hluthafahópnum sé góð í dag: „Saga fyrirtækisins er lituð af miklum átökum meðal hluthafa. Fræg er sagan af því þegar Vinnslustöðinni áskotnaðist mikið magn af niðursoðnum ávöxtum á sjötta áratugnum. Það lenti á borði stjórnar hvernig ætti að deila því góssi út meðal hluthafa. Hér hefur því ýmislegt gengið á síðastliðna áratugi. Vinnslustöðin er þekkt fyrir átök meðal eigenda hér í Vestmannaeyjum og víðar, hluthafafundir hafa sjaldan verið einhverjar hallelújasamkomur.“

Breyttar makrílgöngur

Markílvertíðin er nú senn á enda. Úthlutað aflamark makríls var 138 þúsund tonn á yfirstandandi kvótaári. Þar sem ekki tókst að veiða allan makrílkvóta síðasta fiskveiðiárs færðust þær aflaheimildir yfir á yfirstandandi ár. Að meðtöldum yfirfærslum og uppboðspottum sjávarútvegsráðuneytisins til handa smærri skipum er heildarmagn sem leyfilegt er að veiða á yfirstandandi fiskveiðiári um 167 þúsund tonn. Sem stendur hefur um 150 þúsund tonnum verið landað og því líklegast að takast muni að veiða kvóta þessa árs að fullu.

Hins vegar hefur makríllinn haldið sig á öðrum slóðum en vanalega. Þegar tegundin gerði fyrst vart við sig fyrir tíu árum voru veiðar stundaðar af kappi suður af landinu vel fram í júlí og torfurnar loks eltar vestur og austur með landinu eftir því sem leið á vertíðina. Í ágústlok og september þurfti svo gjarnan að sækja fiskinn í Síldarsmuguna austur af landinu. Í ár var veiðin suður af landinu hins vegar döpur og allur flotinn var mættur í Síldarsmuguna í lok júlí og þar hefur nánast allur afli veiðst á vertíðinni í ár.

„Það hefur verið erfið vertíð vegna þess að við höfum þurft að sækja fiskinn langt. Fiskurinn er að fitna, laus í sér og viðkvæmur í vinnslu og ekki sérlega góður matfiskur í því ástandi. Því miður er makríllinn í sumar ekki af sömu gæðum og undanfarin ár. Það er erfitt að tryggja gæði aflans þegar náttúrulegt ástand hans er ekki gott og svo bætist við að það þarf að sigla með hann svona langt til hafnar,“ segir Binni.

„Göngumynstur makrílsins hefur óneitanlega breyst mikið. Þetta hefur áhrif á okkur. Það er dýrara að sækja fiskinn svona langt. Þegar makríllinn kemur inn í lögsöguna hér er hann mjög magur. Svo fitnar hann hratt í júlí og ágúst. Það er ekki fyrr en undir lok ágúst og í september þegar fiskurinn fer að grennast aftur og fitan rennur inn í holdið sem hægt er að selja fiskinn á hæsta verði. Með þessum löngu siglingum með aflann til hafnar verður afleiðingin sú að minni hluti makrílsins er seldur á hæsta verðinu og til manneldis en áður. Þetta er því snúin staða í augnablikinu. Við höfum verið að veiða mest af þessum fiski rétt við landhelgislínu Færeyja í suðri og Norðmanna í austri. Þaðan er tveggja sólarhringa sigling til Vestmannaeyja. Þetta er áhyggjuefni.“

En þegar einar dyr lokast þá opnast aðrar. „Það eru þó jákvæð áhrif fyrir Vestmannaeyjabæ að einu leyti. Bærinn er fullur af pysjum þannig að það er greinilega nóg af æti í sjónum. Það var lítið af makríl í fyrra við Eyjar og ennþá minna í ár og við sjáum að pysjurnar koma aftur í bæinn og eru núna feitari og pattaralegri en í langan tíma. Því gæti sú kenning verið rétt að makríllinn komi hér eins og engisprettufaraldur og tæmi sjóinn af æti.

Einhverjir hafa sagt að kannski sjáum við árgang af humri verða til hér suður af landinu þar sem makríllinn stoppaði svo stutt við þetta árið. Auðvitað verða vísindamennirnir að svara því hvort eitthvað sé til í þessum hugleiðingum, en margir hafa sagt að makríllinn éti lirfur humarsins á hrygningartímanum.“

Þörf á loðnurannsóknum

Loðnubrestur varð annað árið í röð fyrr á þessu ári. „Það er erfitt að spá í loðnuna þar sem það hafa ekki verið gerðar neinar grunnrannsóknir á stofninum síðan 1927, þegar Bjarni Sæmundsson var uppi. Mér finnst skrítið að loðnurannsóknum hafi ekki verið sinnt sem skyldi á síðastliðnum áratugum. Ég veit ekki hver skýringin er. En við vitum til dæmis lítið um breytingar á hrygningu hennar við Ísland, það eru engar haldbærar kenningar heldur bara getgátur og sögusagnir. Ef þessum rannsóknum yrði sinnt betur þá myndum við kannski hafa meiri skilning á þessum göngum loðnu og loðnubresti sem hefur verið síðastliðin tvö ár. En sem betur fer sjáum við breytingu í rétta átt núna í kjölfar aukinnar samvinnu útgerða, Hafró og stjórnvalda,“ segir Binni.

„Það verður spennandi að sjá loðnumælinguna núna í haust. En miðað við mælinguna á síðasta ári ætti kvótinn fyrir komandi vertíð að geta verið allt að 400 til 500 þúsund tonn. Það skiptir miklu máli fyrir þjóðarbúið en líka fyrir markaðina erlendis sem eru algjörlega tómir. Sæmileg loðnuvertíð er 20 til 30 milljarðar fyrir þjóðarbúið, þetta er sambærileg að umfangi og makrílvertíðin.“

Mikil kreppa að skella á

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur haft áhrif á sjávarútveginn líkt og flestar aðrar atvinnugreinar. Útflutningur á frystum fiski hefur aukist mikið á kostnað ferskvöru. Eftirspurn veitingahúsa hefur minnkað þar sem þeim var víða lokað. „Það verða breytingar á neyslumynstri, en áfram verða jafnmargir munnar að metta í heiminum. Það sem er hins vegar áhyggjuefni er að hagkerfi heimsins er að dragast saman. Meiriháttar kreppa er að skella á um allan heim, það er ekki bara á Íslandi. Við höfum verið að selja töluvert af svokölluðu masago til sushistaða í Bandaríkjunum, sem er afurð unnin úr loðnuhrognum. Það hefur hreinlega ekki verið spurt um það á síðustu mánuðum, enda var nánast öllum sushistöðum á vestur- og austurströnd Bandaríkjanna lokað. Þetta er aðeins farið að hjarna við núna enda virðist vera sem við þurfum að læra að lifa með þessari veiru, því erfitt virðist að útrýma henni endanlega.

Auðvitað endar með því að aðferðir verða fundnar til að takast á við þessa farsótt, sama hvort það verður með bóluefni eða öðrum aðferðum. Manni virðist sem fólk sé ekki að veikjast jafn illa núna og síðasta vor, svo að vonandi er þetta í rénun. Það er sennilega vegna þess að heilbrigðiskerfin eru að læra að bregðast við þessu og takast á við þetta. Ég get ekki sagt hvort veiran sé að veikjast eða ekki, en þetta er vonandi að síast í gegn. Hins vegar óttast ég að veitingahús verði síður vinsæl til skemmri tíma, þess vegna gætum við þurft að breyta okkar vöruframboði. Við sjáum það hjá sölufyrirtæki okkar í Japan að „take away“ er orðið miklu stærra en það var og eftirspurn viðskiptavina breytist samkvæmt því,“ segir Binni að endingu.

Furðar sig á niðurstöðum Kastljóss

Mikið hefur verið fjallað um vinnuskjal Verðlagsstofu skiptaverðs vegna útflutnings á karfa á undanförnum vikum, en skjalið var grundvöllur umfjöllunar Ríkisútvarpsins árið 2012. Þrátt fyrir að Samherji hafi verið aðalumfjöllunarefni fjölmiðla í tengslum við það var útflutningur Vinnslustöðvarinnar á karfa einnig nefndur í téðu skjali í tengslum við undirverðlagningu á erlendum mörkuðum, en einn Kastljóssþáttur fjallaði um Vinnslustöðina:

„Eftir umfjöllun Kastljóssins voru bæði stjórn og stjórnendur Vinnslustöðvarinnar kærð til sérstaks saksóknara vegna gruns um ýmis brot, meðal annars undanskot á gjaldeyri með því að undirverðleggja fisk erlendis. Það hefði leitt til þess að sjómenn fengju lægri tekjur og ríkissjóður minni tekjur. Af þessu var svo ályktað að arður af auðlindinni væri fluttur úr landi í stórum stíl vegna þess að íslensk útgerðarfyrirtæki ættu í viðskiptum við eigin dótturfélög erlendis. Málinu var vísað frá hjá saksóknara þar sem ekkert sakarefni fannst.

Svo kemur þetta merkilega skjal frá Verðlagsstofu skiptaverðs í leitirnar fyrir skömmu. Þar kemur fram að söluverð Vinnslustöðvarinnar var miklu hærra en meðalverðið á innlendum mörkuðum hérlendis og hærra en verð á uppboðsmörkuðum erlendis.

Skjal Verðlagsstofu er meingallað og óhæft til samanburðar og ályktana eins og gert var í Kastljóssþáttunum. En með þeim fyrirvara þá kemur þar fram í skjalinu að á árinu 2008 var meðalverð á uppboðsmörkuðum í Þýskalandi tæplega 226 krónur, en okkar söluverð liggur á bilinu 230 til 290 krónur, mismunandi eftir bátum. Þetta er Kastljósið með fyrir framan sig og sakar okkur svo um undirverðlagningu. Ég er ekki hissa á að Helgi Seljan hafi ekki geymt skjalið í gagnageymslu RÚV, ef hún er þá til, og ekki viljað að það kæmi fram í dagsljósið. Það sýnir nefnilega að allt sem hann sagði um Vinnslustöðina í Kastljóssþættinum voru ósannindi. Eina sem við biðjum um er leiðrétting og afsökunarbeiðni en auðvitað dettur RÚV ekki í hug að éta vitleysuna ofan í sig og biðjast velvirðingar á ósannindum sínum í okkar garð. Þeir standa enn við umfjöllun sína í Kastljóssþættinum fræga.“

Fjárfestingar VSV í varanlegum rekstrarfjármunum
milljónir evra



EBITDA VSV 2009-2019
milljónir evra



Það var lítið af makríl í fyrra við Eyjar og ennþá minna í ár og við sjáum að pysjurnar koma aftur í bæinn og eru núna feitari og pattaralegri en í langan tíma. Því gæti sú kenning verið rétt að makríllinn komi hér eins og engisprettufaraldur og tæmi sjóinn af æti.

Snaps hefur ekki farið varhluta af COVID-19. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hagnaður hjá Snaps jókst í 17 milljónir króna

Hagnaður Snaps jókst í 17,2 milljónir króna árið 2019. Árið áður tapaði veitingastaðurinn 344 þúsund krónum. Fram hefur komið í fjölmiðlum að það ár hafi afkoman litast talsvert af því að ábyrgð á leigu hjá Cafe Paris hafi verið gjaldfærð hjá Snaps fyrir 28 milljónir króna.

Velta Snaps dróst saman um átta prósent á milli ára og nam 558 milljónum króna árið 2019. Launakostnaður nam 54 prósentum af tekjum en var 46 prósent árið áður. Laun og launatengd gjöld jukust um sjö prósent á milli ára og námu 300 milljónum. Starfsmannafjöldi var óbreyttur á milli ára og var 60, samkvæmt ársreikningi 2019.

54%

var launakostnaður sem hlutfall af tekjum Snaps árið 2019. Hlutfallið fór vaxandi en það var 46 prósent árið áður. Starfsmannafjöldi var óbreyttur en launakostnaður jókst um sjö prósent.

Arðsemi eiginfjár var 30 prósent á árinu 2019. Eigið fé var 66,1 milljón við lok árs og eiginfjárhlutfallið var 42 prósent.

Snaps er í eigu félags á vegum hjónanna Birgis Þórs Bieltvedt og Eyglóar Bjarkar Kjartansdóttur.

Fram kemur í ársreikningnum að velta veitingastaðarins hafi dregist saman um 35 prósent á fyrstu sjö mánuðum ársins 2020 vegna tímabundinnar lokunar á veitingastöðum, samkomutakmarkana og tveggja metra reglunnar. Stjórnendur hafi brugðist við þessum aðstæðum meðal annars með því að nýta sér úrræði stjórnvalda, eins og hægt sé og með hliðsjón af þeim, ágætri stöðu félagsins í árslok 2019 og hagræðingaraðgerðum telja stjórn og stjórnendur að félagið muni verða rekstrarhæft um fyrirsjáanlega framtíð, segir í ársreikningi. – **hvj**

Sjálfbærnivottun bygginga getur aukið verðmæti þeirra

Rekstrarkostnaður bygginga sem hlotið hafa sjálfbærnivottun er lægri. Eftirspurn eftir slíku húsnæði getur jafnframt aukið verðmæti þess, að því er kemur fram í nýrri rannsókn. Fyrirtæki á Norðurlöndum og Bretlandi setja sér nú mörg reglur um að nota einungis húsnæði sem hlotið hefur sjálfbærnivottun.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is

Rekstrarkostnaður sjálfbærra bygginga er allt að 10 prósentum lægri á ársgrundvelli og meirihluti fjárfesta telur verðmæti slíkra bygginga vera á bilinu 3 til 10 prósentum hærra, að því er fram kemur í alþjóðlegri könnun sem verkfræðistofan Mannvit átti aðild að. Lægri rekstrarkostnaður birtist meðal annars í skilvirkari orkunotkun og aukið verðmæti fasteignanna stafar meðal annars af meiri eftirspurn leigutaka eftir sjálfbærnivottuðu húsnæði.

Rannsóknin sem um ræðir var samstarfsverkefni Mannvits og dönsku verkfræðistofunnar Rambøll. Könnunin var send út til aðila á byggingarmarkaði á Norðurlöndunum og í Bretlandi. „Við fengum svör frá 18 lykilaðilum í byggingariðnaðinum á Íslandi í þessari könnun, sem er ágætt hlutfall miðað við þann fjölda sem er á markaðnum í raun og veru. Á tæpu ári sem er liðið síðan við gerðum könnunina hefur viðhorfið hins vegar breyst hratt," segir Sandra Rán Ásgrímsdóttir, sjálfbærniverkfræðingur hjá Mannviti.

„Þegar ég byrjaði að ræða þessi mál við viðskiptavini árin 2016 og 2017 var bara skellt á mig. Að flestra mati áttu sjónarmið um sjálfbærni bygginga ekki við á Íslandi og var þar gjarnan vísað í hversu ódýrt og hreint rafmagnið er á Íslandi. Hins vegar er fleira undir en orkunotkun, til að mynda hvernig farið er með úrgang, bæði við framkvæmdir og síðan við rekstur byggingar, orkunotkun, viðbyggingu, efnisval, til dæmis hversu mikið kolefni er bundið í byggingarefnum og svo framvegis. Svo koma þarna líka inn sjónarmið um vistgæði, innivist og vellíðan þeirra sem nota bygginguna," segir Sandra.

„Fyrst og fremst nýtast vottunarkerfin sem gæðakerfi fyrir byggingariðnaðinn. Erlendis erum við að sjá að verðmæti sjálfbærnivottaðra bygginga er meira en annarra, einfaldlega vegna þess að mörg fyrirtæki gera þá kröfu að húsnæði sem er notað undir starfsemi þeirra sé sjálfbærnivottað."

Sjálfbærnivottun fyrir nýjar byggingar felur í sér ákveðinn kostnað í upphafi, en Sandra segir að stofnkostnaður bygginga geti verið um einu til þremur prósentum hærri að meðaltali ef gæta á fyllstu sjálfbærnisjónarmiða, samkvæmt erlendum rannsóknum. Hún bendir hins vegar á að meira virði fasteigna, hærri leigutekjur og lægri rekstrarkostnaður bæti það upp á skömmum tíma.

Smáralindin fékk nýlega sjálfbærnivottun, en Reginn er eigandi fasteignarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ég myndi segja að við séum svona fimm til tíu árum á eftir Norðurlöndunum í þessum efnum.**
>
> Sandra Rán Ásgrímsdóttir

Rannsóknin leiddi í ljós að sjálfbærni er að verða hið nýja viðmið í byggingariðnaðinum hjá nágrannaþjóðum okkar, þar sem rúmlega 57% aðspurðra töldu að meira en helmingur framtíðarverkefna yrðu tengd sjálfbærni. Sandra segir að Ísland sé aðeins á eftir öðrum Norðurlöndum og Bretlandi í þessum efnum: „Í öðrum löndum sjáum við að eftirspurn sjálfbærnivottaðs húsnæðis er einfaldlega að stuðla að hærra leiguverði. Það hefur síðan sýnt sig að slíkt skilar sér í meira verðmæti fasteignanna. Ég myndi segja að við séum svona fimm til tíu árum á eftir Norðurlöndunum í þessum efnum. Kosturinn er hins vegar sá að við getum hreyft okkur miklu hraðar. Orkan er til að mynda þegar hrein hér á Íslandi."

Séu svör þátttakenda í könnuninni á Íslandi og í öðrum löndum borin saman, sést að afstaðan hér á landi sker sig úr. Íslenskir svarendur svöruðu þannig miklu frekar að hærri fjárfestingakostnaður, skortur á pólitískri hvatningu og skortur á eftirspurn sjálfbærra fasteigna, kæmi í veg fyrir að sjálfbærnimál væru tekin til gagngerrar hugleiðingar við hönnun, framkvæmd og rekstur fasteigna.

Sandra nefnir að sjálfbærnivottun bygginga hafi þau áhrif gagnvart eigendum þeirra að hægt er að gefa út græn skuldabréf með veði í byggingunum. Sífellt fleiri fjárfestingasjóðir hafa sett sér markmið um ákveðið hlutfall grænna fjárfestinga í sínum eignasöfnum og því eru þessi svokölluðu grænu skuldabréf að seljast á betri kjörum fyrir lántakendur, vegna aukinnar eftirspurnar í slíka fjármálagjörninga.

„Reykjavíkurborg er að vinna í því að votta allar sínar byggingar í samræmi við sína umhverfisstefnu og sama má segja um framkvæmdasýsluna. Smáralindin var einnig vottuð nýlega, en það gerir eiganda fasteignarinnar kleift að gefa út grænt skuldabréf á móti henni. Fjárfestar eru stöðugt að horfa til þess að hafa sín eignasöfn með grænni vottun af einhverju tagi, meðal annars vegna þess að þær eru öruggari fjárfestingar til frambúðar. Olíuvinnsla er þannig miklu áhættusamari fjárfesting en orkuvinnsla úr endurnýjanlegum orkugjöfum, meðal annars með tilliti til slysatíðni og loftslagsbreytinga," segir Sandra.

Eftirspurn grænna skuldabréfa eykst

Fyrst tók að kræla á grænum skuldabréfum árið 2008 þegar Alþjóðabankinn gaf út skuldabréfaflokk að jafnvirði 1,3 milljarða dollara. Afrakstur útboðsins var svo nýttur í verkefni sem sögð voru umhverfis- og samfélagslega ábyrg. Síðan þá hefur þessi sami skuldabréfaflokkur vaxið mjög og stendur nú í 12,6 milljörðum dollara, en að sögn Alþjóðabankans hefur ávallt verið umframeftirspurn eftir við hverja útgáfu. Meðal þeirra sem fjárfest hafa í grænum skuldabréfum Alþjóðabankans eru lífeyrissjóðir og eignastýringafyrirtæki.

Í kjölfar samþykktar Parísarsáttmálans árið 2015 kom síðan aukinn kraftur í útgáfu grænna skuldabréfa, einkum og sér í lagi í Evrópu. Samkvæmt skýrslu frá sænska bankanum SEB var heildarvirði útistandandi grænna skuldabréfa yfir 800 milljarðar dollara undir lok síðasta árs. Spáði bankinn því að þess væri ekki lengi að bíða að heildarvirði grænna skuldbréfa á heimsvísu myndi skríða yfir 1.000 milljarða dollara markið.

Arnarlax tapaði 450 milljónum króna á öðrum ársfjórðungi

Arnarlax, stærsta laxeldi landsins, tapaði 30 milljónum norskra króna, jafnvirði um 449 milljóna króna, á öðrum fjórðungi, fyrir skatta og fjármagnsliði (EBIT). Til samanburðar hagnaðist laxeldið um 26 milljónir norskar, á sama mælikvarða á sama tíma fyrir ári. Þetta kemur fram í uppgjöri norska laxeldisins SalMar sem á meirihluta í Arnarlaxi.

Á fyrri helmingi ársins tapaði Arnarlax níu milljónum norskra króna, jafnvirði 135 milljóna króna, samanborið við 51 milljónar norskra króna hagnað, jafnvirði 766 milljóna króna, á sama tíma fyrir ári.

Kjartan Ólafsson, stjórnarformaður Arnarlax, segir að afkoman á fyrri hluta ársins litist af miklum kostnaði sem rekja megi til affalla á seiðum sem sleppt var árið 2018, en talsverð afföll urðu í byrjun árs af völdum vetrarsára. Jafnframt hafi vinnslan legið niðri í júní á meðan unnið var að aukinni afkastagetu á Bíldudal.

Kjartan Ólafsson, stjórnarformaður Arnarlax. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við bindum miklar vonir við uppskeru sem hefst á næstu vikum," segir hann en þeim seiðum var sleppt í fyrra.

Fram kemur í uppgjörinu að 90 prósent af sölunni í apríl og maí hafi verið þegar verð á eldislaxi var lágt. „Söluverð afurða var heldur lágt en ástandið á helstu mörkuðum er viðkvæmt og dreifileiðir mun snúnari en áður var. COVID-19 hefur gert það að verkum að flugsamgöngur eru skertar og stopular," segir Kjartan.

Hann segir að heimsfaraldurinn hafi sömuleiðis áhrif á sölu á eldislaxi, því hótel og veitingahús víða um heim „eru í öldudal eins og þekkt er þessi misserin".

Kjartan segir að eftirspurn eftir eldislaxi sé mikil í smásölu. „Hágæðamatvæli eins og ferskur lax aðlagast aðstæðum og finna sér smám saman nýjar leiðir að neytandanum. Þessi misserin einbeitum við okkur að því að ná betur utan um rekstur og kostnað," segir hann. – **hvj**

LEIÐTOGAR Í EIGIN LÍFI

Örnámskeið fyrir 14-17 ára í samstarfi við Dale Carnegie



FYRIR UNGMENNI SEM HAFA GREINST MEÐ KRABBAMEIN OG ÞAU SEM ERU AÐSTANDENDUR

Í samstarfi við Dale Carnegie bjóðum við 14-17 ára ungmenni sem greinst hafa með krabbamein, eða eru aðstandendur, velkomin á tveggja skipta námskeið í Ljósinu.

Á námskeiðinu setjum við raunhæf markmið fyrir veturinn og mótum framtíðina á okkar eigin forsendum. Við skoðum styrkleikana okkar og finnum eldmóðinn sem þarf til að ná sem mestum árangri. Við þjálfumst í að líta á áskoranir sem tækifæri til þess að efla okkur og ná lengra.

Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu og fer fram í húsnæði Ljóssins að Langholtsvegi 43, 1. og 8. október milli 19:30-21:30.

Skráning fer fram í móttöku Ljóssins í síma 561-3770

Ljósið

Eitt stærsta tæknigróðurhús í heimi

Hárækt rekur eitt af fimm stærstu lóðréttu gróðurhúsum í heimi sem er í fjöldaframleiðslu. Novator fjárfesti nýverið í fyrirtækinu. Tæknin fór á flug fyrir tíu árum. Verkefnið er að fá neytendur til að gera kröfur um fjölbreytilegt grænmeti sem stenst gæðakröfur.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



„Stóri munurinn á okkur og hefðbundinni ræktun, hvort sem um er að ræða gróðurhús eða úti á akri, er að allt sem við kemur ferlinu er undir okkar stjórn," segir Andri Björn Gunnarsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Hárækt sem selur grænmeti undir merkjum Vaxa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við Íslendingar eigum eftir að hlæja að því þegar fram líða stundir og rifjað verður upp hve mikið af lofti og vatni – sum sé grænmeti og ávöxtum – var flutt frá Afríku til Íslands. Hér er nóg af hreinu vatni og umhverfisvænni orku sem er hráefnið sem við þurfum. Þetta segir Andri Björn Gunnarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Hárækt sem stundar svokallaðan lóðréttan landbúnað og framleiðir afurðir undir vörumerkinu Vaxa.

Hann varpar fram spurningunni: „Hvers vegna erum við að flytja tómata inn frá Hollandi? Hvers vegna flytjum við ekki tómata út til Hollands?"

Andri Björn segir að ræktunin, sem Novator fjárfesti nýverið í, sé ein af fimm stærstu sinnar tegundar í heiminum. Tæknin sé það ný af nálinni að flest slík gróðurhús séu rannsóknarsetur en ekki gerð til þess að framleiða og selja matvæli í stórum stíl. Að hans mati var tæknin nógu langt komin til þess að hefja starfsemi hérlendis og þróa áfram.

„Við ræktum fyrsta flokks grænmeti innandyra og án allra varnarefna. Stóri munurinn á okkur og hefðbundinni ræktun, hvort sem um er að ræða gróðurhús eða úti á akri, er að allt sem við kemur ferlinu er undir okkar stjórn. Við nýtum ekki sólarljós og rýmið er fullkomlega hitastýrt. Þess vegna getum við stýrt framboðinu og boðið upp á afburðagæði og hillu-líf allan ársins hring," segir hann.

Andri Björn segir að hefðbundinn landbúnaður hafi alla tíð stýrst af ytri þáttum. „Ef það er vont veður á Suður-Ítalíu dregur það til dæmis úr framboði á rúkola og verðið hækkar. Ég lít á lóðréttan landbúnað eins og þegar bílaframleiðendur skiptu úr bensínbílum í rafbíla. Þetta er stórt skref fram á við.

Lóðréttur landbúnaður sleit barnsskónum í Asíu fyrir 30 árum en þróunin fór ekki á flug fyrr en fyrir tíu árum síðan þegar Bandaríkjamenn urðu áhugasamir og vísisjóðir lögðu verulegt fjármagn í þróunina. Segja má að Evrópa hafi ekki áttað sig á tækifærinu sem felst í lóðréttum landbúnaði fyrr en COVID-19 reið yfir því þá fóru fyrirtæki að huga að því hvernig bregðast mætti við því ef landamæri lokast og aðföng berast ekki á milli landa," segir hann.

Hver er munurinn á ræktun Vaxa og hefðbundnu gróðurhúsi?

„Kosturinn við okkar ræktun umfram gróðurhús er að gæði framleiðslunnar og tíminn sem ræktunin tekur sveiflast ekki. Í gróðurhúsum sveiflast þessir þættir. Á sumrin gæti ræktun tekið 40 daga en 55 daga yfir veturinn.

Við notum til dæmis ekki sólarljós. Í hefðbundnum gróðurhúsum er sólin nýtt samhliða hefðbundnum gróðurljósum sem oft og tíðum eru ekki eins orkusparandi og LED-perurnar sem við notum. Yfir vetrarmánuðina þarf að hafa mikið kveikt á gróðurljósunum.

Að sama skapi nota hefðbundin gróðurhús heitt vatn sem við gerum ekki. Þau stýra hvorki hita né rakastigi af nákvæmni heldur eru gluggar einfaldlega opnaðir eða lokað eftir þörfum. Skordýr geta komist í gegnum opna glugga þótt það sé ekki mikið vandamál á Íslandi.

Framleiðendur fræja hafa varið miklum tíma í að þróa plöntur sem eru ekki viðkvæmar fyrir sjúkdómum eða skordýrum. Með lóðréttri ræktun er það vandamál ekki til staðar og því geta framleiðendur fræja varið kröftum sínum í að leggja áherslu á bragð eða aðra eiginleika."

Hvað bjóðið þið upp á margar tegundir af grænmeti?

„Við höfum ræktað yfir 100 tegundir frá upphafi. Nú erum við með yfir 20 tegundir í framleiðslu: salöt, rúkola, kryddjurtir og sprettur."

Hvernig hefur gengið? Hvenær hóf Vaxa starfsemi?

„Við byrjuðum að rækta í lok árs 2018 og fyrsta uppskeran var í byrjun árs 2019. Fyrst um sinn var afkastagetan lítil, svo unnum við okkur upp í helmings afköst og þessa dagana erum við komast í full afköst en við erum alltaf að stilla af ræktunina.

Áður en COVID-19 skall á seldum við hlutfallslega mikið til veitingageirans samanborið við matvöruverslanir. Við brugðumst við breyttu neyslumynstri með því að selja í meira mæli í matvöruverslanir og bjóða upp á nýjar tegundir. Það var skemmtilegt að verða vitni að því hve sveigjanlegur reksturinn er. Tekin var ákvörðun um að gróðursetja nýjar tegundir og þremur vikum seinna voru þær fáanlegar í verslunum.

Þessi sveigjanleiki gerir það að verkum að við getum boðið upp á ólíkar vörur eftir því hvernig framboðið er á markaðnum hverju sinni.

Það hefur gengið á ýmsu. Þegar verið er að koma á fót nýsköpunarfyrirtæki fer allt úrskeiðis sem getur farið úrskeiðis, og yfirleitt allt á sama tíma. Um er að ræða nýja tækni og ég gat því ekki skoðað sambærileg gróðurhús áður en við reistum okkar.

Auk þess er ég viðskiptafræðingur en ekki garðyrkjufræðingur og hef í gegnum tíðina drepið ógrynni af pottaplöntum. Til þess að koma mér af stað þurfti að læra margt, en í dag starfa tveir sérfræðingar í ræktun hjá fyrirtækinu. Auk þess fáum við reglulega til okkar háskólanema í starfsþjálfun frá virtum landbúnaðarháskóla í Hollandi.

Í ljósi þess að flest lóðréttu gróðurhúsin í heiminum eru rannsóknarstofur en ekki gróðurhús í fjöldaframleiðslu kom stundum á daginn að það sem gekk upp fræðilega gekk ekki vel í fjöldaframleiðslu. Það hefur því þurft að bregðast við ýmsum áskorunum í ferlinu. En það er hluti af því að taka þátt í nýsköpun."

Þegar reksturinn er kominn í fulla afkastagetu, hvað gerist þá?

„Verkefnið verður að halda áfram að besta ræktunina. Við horfum á reksturinn hér sem rannsóknarstofu. Þetta snýst mikið um ferla. Ef við byggjum fleiri gróðurhús er hugmyndin að hér verði þróunarvinnan. Ísland er nefnilega góður markaður í það. Íslendingar eru nýjungagjarnir og boðleiðir eru stuttar.

Við Íslendingar ölumst ekki upp í grennd við akur. Hér er takmarkað framboð af árstíðabundnu grænmeti eða ávöxtum, eins og víða í heiminum þar sem veðurfar er blíðara. Það gerir það að verkum að við gerum ekki jafn miklar kröfur um gæði heldur kaupum það sem er í boði hverju sinni. Verkefnið fram undan er að fá neytendur til að gera kröfur um fjölbreytilegt grænmeti sem stenst gæðakröfur. Það er skemmtilegt viðfangs en mun taka tíma."

Er hægt að flytja út grænmeti með arðbærum hætti?

„Það kæmi mér ekki á óvart. Við höfum metnaðarfullar hugmyndir um framtíðina. Tækninni mun fleygja fram og við það lækkar framleiðslukostnaður."

Þurfið þið mikið rafmagn? Er það stór kostnaðarliður?

„Hlutfallslega þurfum við ekki mikið rafmagn enda framleiðum við mikinn mat á hvern fermetra og það eru engar sveiflur í orkunotkun yfir árið eins og í hefðbundinni ræktun. Ekki er um að ræða stóran kostnaðarlið, er undir 20 prósentum af okkar kostnaði.

Það er mikill misskilningur að rafmagn sé ódýrt á Íslandi. Það er hægt að fá hagstæða umhverfisvæna orku á mörgum stöðum í heiminum.

Rekstrarskilyrði eru almennt erfið á Íslandi. Hérlendis er launakostnaður, sem er okkar stærsti útgjaldaliður, hár. Húsakostur er sömuleiðis dýr. Við gætum fengið mun ódýrara húsnæði annars staðar á Norðurlöndunum. Aðstæður á Norðurlöndum eru því að mörgu leyti hagstæðari til að reka hátæknigróðurhús. Það þarf að leita leiða til að bæta rekstrarumhverfið."

Hvenær reiknarðu með að reksturinn verði kominn út á sléttu?

„Við erum nálægt því nú þegar. Um þessar mundir er lögð áhersla á rannsóknir og þróun sem dregur úr arðsemi til skemmri tíma en einingin hefur alla burði til að verða töluvert arðbær."

> **Það er mikill misskilningur að rafmagn sé ódýrt á Íslandi. Það er hægt að fá hagstæða umhverfisvæna orku á mörgum stöðum í heiminum.**

Keyptu út Mata-fjölskylduna

Fjölskyldan sem á Mata, heildverslun með grænmeti og ávexti, fjárfesti í Hárækt þegar fyrirtækið var að stíga sín fyrstu skref. Á árinu seldi hún helmings hlut sinn til bræðranna og fjárfestanna Henriks og Sveins Biering og Andra Guðmundssonar, framkvæmdastjóra hjá Fossum mörkuðum.

Á árinu fjárfesti Novator, fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, sömuleiðis í Hárækt. Andri Björn segir að Novator eigi minnihluta í félaginu en hluturinn sé engu að síður umtalsverður. Novator tilnefni einn mann í stjórn en tveir komi úr röðum annarra hluthafa.

„Fjárfestar hafa sýnt okkur áhuga frá upphafi. Að fá öfluga fjárfesta til liðs við okkur er mikil viðurkenning fyrir okkur og þennan atvinnuveg. Það er gaman að vera eitt af leiðandi fyrirtækjum á þessu sviði," segir Andri Björn.

Munum þurfa tvær til tíu plánetur til að fæða alla

Andri Björn segir að á næstu 30 árum sé útlit fyrir að jarðarbúum muni fjölga um rúmlega tvo milljarða manna, í tíu milljarða. „Það ferð aðeins eftir hvað er miðað við, en ef við höldum áfram á sömu braut þurfum við tvær til tíu plánetur til að fæða alla íbúa jarðar. Við þurfum að breyta framleiðsluaðferðum og nýta nýja tækni til að geta ráðið við viðfangsefnið.

Í lóðréttum landbúnaði er ræktað í hillum. Þess vegna getum við ræktað á mun fleiri fermetrum en gólfflöturinn segir til um. Við getum því búið til margfalt fleiri kíló af mat á minna landsvæði og þurfum ekki að höggva skóg til að hægt sé að nýta landið til ræktunar. Talað er um að nú þegar sé verið að nýta um 70-80 prósent af ræktanlegu landi. Stór hluti af því er sunnan Sahara í Afríku og þar sem ræktun er erfið og því er ræktunin einkum kornafurðir," segir hann.

BETRI HLJÓMUR · FRÁBÆR HÖNNUN

CLUB

NÝTT!

NÝ HÁGÆÐA HEYRNARTÓL – JBL CLUB

GLEYMDU ÞÉR Í TÓNLISTINNI MEÐ HEYRNARTÓLUM ÚR NÝJUSTU JBL PRO LÍNUNNI. MÖGNUÐ HLJÓMGÆÐI EINS OG FAGAÐILAR VILJA HAFA ÞAU OG ÞÆGILEG HÖNNUN SVO ÞÚ GETUR HLUSTAÐ ENDALAUST.

CLUB 700BT **19.995 KR.** CLUB 950NC **29.995 KR.** CLUB ONE **39.995 KR.**

BETRA BORGAR SIG

OpiÐ virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16

RAFLAND

SíÐumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

Skotsilfur

Til Arion banka

Gunnar Örn Erlingsson hefur verið ráðinn til markaðsviðskipta Arion banka þar sem hann mun starfa við skuldabréfamiðlun. Gunnar Örn kemur frá Kviku banka þar sem hann starfaði í eigin viðskiptum frá 2012. Þar sá hann um stöðutöku og viðskiptavakt með innlend verðbréf. Áður starfaði Gunnar Örn hjá Íslandsbanka, fyrst sem sérfræðingur á afleiðuborði og síðar í fjárstýringu. Hann hóf störf hjá markaðsviðskiptum Arion banka í gær.

Bjarnargreiði

Benedikt Jóhannesson, fyrrverandi formaður Viðreisnar, sýnir þrautseigju með því að sækjast eftir því að leiða lista flokksins í komandi kosningum. Hann féll jú af þingi eftir að hafa verið í einungis átta mánuði sem fjármálaráðherra. Í Fréttablaðinu í gær sagði Benedikt að barist yrði fyrir því að Ísland gangi í Evrópusambandið. Rétt eins og það væri ný hugmynd sem vænleg væri til árangurs í kosningum og væri jafnvel aðgöngumiði að farsælu ríkisstjórnarsamstarfi. Sambandið glímir við djúpstæðan vanda í einhverri verstu heimskreppu í hundrað ár. Það liggur í augum uppi að innganga í sambandið nú væri bjarnargreiði.

Skilja seint

Félagar í Stjórnarskrárfélaginu með **Katrínu Oddsdóttur** í stafni, sýna sitt rétta andlit með mislukkuðum auglýsingum. Félagsskapurinn stendur nú að mislukkuðu myndbandi þar sem birtist vinstrivaðall um að útgerðir snuði Íslendinga um skattgreiðslur. Betra væri að mergsjúga þær og þá bíði okkar glæst framtíð og Eurovision-sigrar. Útgerðin, sem nýtur ekki ríkisstyrkja ólíkt því sem tíðkast víða erlendis, er eina stóra útflutningsgreinin á Íslandi sem stendur í lappirnar í COVID-19. Að veitast að henni með þessum hætti mun draga verulega úr lífsgæðum landsmanna og getunni til að standa undir opinberri þjónustu. Það munu vinir Stjórnarskrárfélagsins seint skilja.

Opna má skemmtigarða á ný í Hong Kong

Hong Kong er að losa hömlur á samkomubanni vegna COVID-19. Ekkert nýtt smit á meðal heimamanna hefur uppgötvast frá því að þriðja bylgja veirunnar hófst í júlí. Á undanförnum vikum hafa söfn og líkamsræktarstöðvar mátt hefja starfsemi á nýjan leik. Á föstudaginn má opna bari, karóki, sundlaugar og skemmtigarða eins og Disneyland. Einungis fjórir mega koma saman í Hong Kong og fólki er skylt að bera grímur. MYND/EPA

Lína í sandinn

Birgir Haraldsson sérfræðingur hjá Akta sjóðum

Seðlabankinn sendi skýr skilaboð í síðustu viku um að gengisveiking íslensku krónunnar það sem af er ári væri orðin óhófleg. Fréttatilkynning bankans um að hann myndi hefja reglulega sölu á gjaldeyri í þessari viku bar öll þess merki en eitt af markmiðum aðgerðarinnar er að bæta verðmyndun á gjaldeyrismarkaði. Þá var fundargerð peningastefnunefndar fyrir ágúst einnig birt sama dag og reyndist niðurstaðan úr gjaldeyrisumræðum nefndarinnar vera að raungengi krónunnar væri komið undir jafnvægisgildi sitt. Seðlabankastjóri steig síðan fram degi síðar og lýsti því yfir að gengi krónunnar væri einfaldlega orðið mjög lágt og úr takti við grunnþætti íslenska hagkerfisins.

Í ljósi tíðra inngripa Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði á þessu ári – bankinn hefur í dögum talið stigið þrisvar sinnum oftar inn á markaðinn í samanburði við 2019 og verið mjög virkur síðasta mánuðinn – má líta á aðgerðir hans í síðustu viku sem nokkurs konar útvíkkun á þeirri stefnu sem þegar hafði verið mörkuð. Engu að síður er ljóst að Seðlabankinn hefur nú ákveðið að draga línu í sandinn varðandi eigin þolmörk um frekari veikingu krónunnar. Samstillt og stigmagnandi inngrip í orði og á borði bera vott um það.

Þrjár spurningar vakna af þessu tilefni. Í fyrsta lagi má spyrja hvort gengið sé í raun og veru of lágt. Í öðru lagi hvað sé að valda auknu óþoli Seðlabankans gagnvart frekari gengisveikingu. Í þriðja lagi hver sé líkleg þróun krónunnar næstu ársfjórðunga.

Ein nálgun við mat á misgengi er að bera saman raungengið við langtímameðaltal og áætla þannig hvort frávikið bendi til sterkrar eða veikrar krónu. Með slíkri nálgun fæst að raungengið var í ágúst um 3% lægra en meðaltal síðasta aldarfjórðungs en það getur varla talist óhóflega veik króna í núverandi efnahagsástandi. Vissulega eru grunnstoðir hagkerfisins sterkari í dag heldur en oft áður en til samanburðar má nefna að raungengið var að jafnaði 15% til 30% lægra en fyrrnefnt meðaltalsgildi frá haustinu 2008 til ársloka 2013.

> **Seðlabankanum er ekkert til fyrirstöðu við trúverðuga framkvæmd á þessari stefnu þar sem tröllvaxinn gjaldeyrisforði styður kröftuglega við hana.**

Óþol gagnvart frekari gengisveikingu verður því ekki skrifað á raungengið eitt og sér en þegar það er sett í samhengi við nýlega verðbólguþróun verður heildarmyndin skýrari. Verðbólguáhrifin af veikari krónu hafa þannig reynst þróttmeiri en gert var ráð fyrir og situr verðbólgan nú í 3,2% sem er þó nokkuð yfir 2,5% markmiði Seðlabankans. Verðbólguspá bankans til loka þessa árs var einnig færð upp um 0,6% prósentustig í ágúst á meðan sögulega lágir vextir eru að valda snörpum hækkunum á húsnæðisverði. Óþol Seðlabankans gagnvart frekari gengisveikingu er því birtingarmynd af áhyggjum hans af verðbólguþróuninni.

Opinská orðræðuinngrip ásamt kerfisbundnum inngripum á gjaldeyrismarkaði til að leggjast gegn skammtíma- og langtímasveiflum sýna því að krónan er stýritækið sem Seðlabankinn hyggst beita til að kveða niður verðbólguþrýstinginn. Til að þessi stefna sé trúverðug þarf að fylgja henni eftir af krafti og koma í veg fyrir að gengið veikist frekar frá þeim gildum þar sem línan var dregin í sandinn. Ótímabærar vaxtahækkanir gætu annars þurft að líta dagsins ljós ef eftirfylgnin er af hálfum huga og verðbólgan reynist þrálát yfir markmiði. Seðlabankanum er hins vegar ekkert til fyrirstöðu við trúverðuga framkvæmd á þessari stefnu þar sem að tröllvaxinn gjaldeyrisforði bankans styður kröftuglega við hana.

Það bendir því allt til þess að veikingarfasa krónunnar sé að mestu lokið á þessari stundu og þegar litið er til næstu ársfjórðunga eru sviðsmyndirnar auk þess að mestu ósamhverfar og hneigðar til styrkingar. Vandamál hagkerfisins eru vel þekkt á þessari stundu en viðspyrnan gæti orðið öflug og þungri byrði þannig létt af krónunni ef þróun bóluefnis við COVID-19 kemst yfir marklínuna á komandi ári líkt og væntingar eru um.

Ekki heil brú í brúarlánum

Konráð Guðjónsson aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs

Lítið hefur farið fyrir brúarlánunum sem stjórnvöld kynntu síðastliðið vor. Aðeins hefur verið veitt eitt lán og rúmlega 1% verið lánað út af þeim 80 milljörðum króna sem áætlaðir voru í úrræðið. Ekki er hægt að segja annað en að úrræðið sé agnarsmátt í öllu samhengi hlutanna.

Mögulega er staðan einfaldlega sú að fleiri fyrirtæki ná að koma sér yfir erfiðasta hjallann með öðrum leiðum. Engu að síður eru dæmi um fyrirtæki sem hefðu getað nýtt sér lánin en gátu það ekki, m.a. vegna þröngra skilyrða. Sú skýring er áhugaverð í ljósi þess að stuðningslán, sem eru ekki háð eins strömgum skilyrðum og bera meiri ríkisábyrgð, hafa verið greidd út í mun meira mæli.

COVID-19 og lánaúrræði
milljarðar króna



1. Breyting á afkomu ríkissjóðs frá fjárlögum 2020 til nýsamþykktrar fjármálastefnu.
2. Samkvæmt Hagvísum Seðlabankans og spá um landsframleiðslu 2020.
Heimild: Hagstofa Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Seðlabanki Íslands

> **Ekki er hægt að segja annað en að úrræðið sé agnarsmátt í öllu samhengi hlutanna.**

Það er viðbúið að sumar aðgerðir stjórnvalda hafi ekki virkað sem skyldi þegar rennt var blint í sjóinn, en það er jafn eðlilegt að lagfæra þær aðgerðir um leið og agnúar blasa við. Klukkan tifar hratt þegar atvinnuleysi vex og fjárfesting fer dvínandi.

-35%

AF H1 RAFMAGNSBORÐUM



Plötur til á lager
í svörtu, hvítu,
eik og beyki

Fætur til á lager
í svörtu, hvítu
og gráu

H1 RAFMAGNSBORÐ
TILBOÐSVERÐ FRÁ
59.900 KR.

120cm borð
Verð nú 59.900 kr.
Listaverð 93.500 kr.

140cm borð
Verð nú 62.900 kr.
Listaverð 97.500 kr.

160cm borð
Verð nú 64.900 kr.
Listaverð 100.500 kr.

180cm borð
Verð nú 66.900 kr.
Listaverð 103.500 kr.

MYNDFORM GRAFÍK

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

www.hirzlan.is

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. **Lager opinn** mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 16. september 2020

FRÉTTABLAÐIÐ IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik Halldórsson

Lítilfengleg sýn á samfélag

Er æskilegt að lífið sé laust við allt mótlæti? Þjóðfélagsumræða um sum lagafrumvörp er nokkuð yfirborðskennd. Rætt er um tæknileg atriði og hin ýmsu hagrænu áhrif sem breytingunum fylgja en minna fer fyrir umræðu um gildin og samfélagssýnina sem búa að baki. Þetta á sérstaklega við hlutdeildarlán félagsmálaráðherra sem hafa nýlega hlotið brautargengi á Alþingi.

Ekki misskilja mig sem svo að hagrænu áhrifin skipti engu máli. Varasamt er að auðvelda lántöku á sama tíma og vextir eru í sögulegu lágmarki. Það er ekki að ástæðulausu að Seðlabankinn minnti á gömlu 90 prósenta lánin og afleiðingar þeirra í umsögn sinni um frumvarpið. Hlutdeildarlánin munu án efa skapa meiri spennu á húsnæðismarkaði. En í þessum efnum þarf að huga að fleiru.

Séreignarsamfélagið, þar sem millistétt og tekjulægri njóta búsetuöryggis og eignamyndunar, er eftirsóknarvert af ýmsum ástæðum. Ein er sú að slíkt samfélag gerir manneskjunni kleift að uppfylla hina aldagömlu þrá eftir því að eiga fremur en að leigja. Önnur ástæða er að séreignarsamfélagið elur af sér tvær mikilvægar dyggðir: eljusemi og sparsemi. Það er reisn yfir því að kaupa fasteign eftir að hafa lagt hart að sér í vinnu og neitað sjálfum sér um efnisleg gæði.

Hlutdeildarlán virka þannig að ríkið veitir 20 prósenta lán á hagstæðum kjörum á móti einungis fimm prósenta eiginfjárframlagi lántaka.

Þetta frumvarp afhjúpar lítilfenglega sýn á mannlegt samfélag. Skilaboðin eru þessi: Ef þú uppfyllir vesældarskilyrði ráðuneytisins þá þarftu ekki að vinna bug á aðstæðum þínum með eljusemi og sparsemi. Þú þarft ekki að þróa með þér öfundsverð persónueinkenni til þess að ná háleitu markmiði. Farðu auðveldu leiðina og skráðu þig í ríkisprógrammið.

Hlutdeildarlánin svala þorsta samtímans í að fá allt sem allra fyrst. Þau eru uppskrift að þróttlitlu og veikburða samfélagi.

Ekki er þar með sagt að ríkið hafi engu hlutverki að gegna. Sannarlega geta skapast aðstæður, bæði í þjóðlífi og atvinnulífi, sem krefjast inngripa af hálfu ríkisins. Vandinn er sá að margir stjórnmálamenn starfa eftir sömu lögmálum og gilda um straum. Þeir leita leiðar hins minnsta viðnáms.

Þegar hagsmunahópar búa til vanda úr engu hafa ráðherrar málaflokksins ekki í sér að andmæla. Og ef vandinn er vissulega til staðar hafa þeir ekki kjark til þess að ráðast á rótina. Framboðsskortur á húsnæðismarkaði leiðir til frumvarps um sérstök ríkislán. Umsvif Ríkisútvarpsins leiða til þess að einkareknir fjölmiðlar eru gerðir að bótaþegum. Og svo framvegis.

UMHVERFIÐ
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Eyja tapaði 689 milljónum króna

Eyja fjárfestingafélag, sem er í eigu hjónanna Birgis Þórs Bieltvedt og Eyglóar Bjarkar Kjartansdóttur, tapaði 689 milljónum króna árið 2019. Árið áður hagnaðist félagið um 288 milljónir króna, samkvæmt ársreikningi.

Birgir Þór Bieltvedt.

Eigið fé fjárfestingafélagsins var 2,3 milljarðar króna við árslok og eignir þess voru um fjórir milljarðar króna. Skuldir við tengda aðila námu 1,5 milljörðum króna.

Tap Eyju í fyrra má annars vegar rekja til að áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga drógu afkomuna niður um 334 milljónir króna. Sá liður var jákvæður um 582 milljónir árið áður. Hins vegar til þess að niðurfærðar kröfur námu um 286 milljónum króna. Sá liður var neikvæður um 150 milljónir árið áður.

Verðmætasta eign Eyju er félag sem áður hélt utan um eignarhlut hans í Domino's á Íslandi. Dótturfélagið, Eyja fjárfestingafélag II, er bókfært á 1,4 milljarða króna í ársreikningnum.

Eyja á meðal annars í Snaps, Joe and the Juice á Íslandi, Gló og Brauð og co. Í fyrra átti félagið helmingshlut í Jómfrúnni, en seldi hlut sinn í sumar til Jakobs Einars Jakobssonar sem á nú veitingastaðinn að fullu. – hvj

10.09.2019

Spurningar og ólík sjónarmið eru eitur í beinum hinna „réttlátu" sem hafa höndlað sannleikann í eitt skipti fyrir öll.

Óli Björn Kárason, formaður efnahags- og viðskiptanefnda Alþingi

GEFÐU STARFSFÓLKI UPPLIFUN Í ÖSKJU

STUTTUR AFHENDINGARTÍMI

SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf með kveðju frá fyrirtækinu, í þeim verðflokki sem þú óskar.

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

enox®
enjoy life
Þýskt gæðamerki

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Rafmagn er framtíðin

Tilvalin fermingargjöf

Rafmagnsvespa ENOX V7
Verð aðeins
169.900 kr
3903101

Enox V7. Hámarkshraði er stilltur á 25 km/klst. og drægni á rafhlöðu er allt að 80 km. Viðhaldsfrír Lithium 48V24AH rafgeymir tryggir endingu í minnst 800 hleðslur.

ENOX EBX37 rafmagnsreiðhjól
Verð aðeins
149.900 kr

Hámarkshraði er 25 km/klst., drægni á rafhlöðu allt að 70 km. 7 gíra, 36v rafhlaða undir bögglabera. Bafang mótor að framan, hleðslutími 3-6 klst.,
Sjá nánar á husa.is

3903103

ENOX EM215 rafmagnsvespa
Verð aðeins
199.900 kr
Án skráningarkostnaðar

Hámarkshraði er 45 km/klst., drægni á rafhlöðu er allt að 60 km. Graphene rafgeymir (1.000 hleðslur).
Sjá nánar á husa.is

ATH: Skellinöðru- eða bílpróf er nauðsynlegt

3903100

Nett og nútímaleg hönnun sem hefur vakið mikla athygli. Þýskt-kínverskt samstarf tryggir hágæða framleiðslu og ótrúlega hagstætt verð. Umhverfisvæn farartæki, engin loftmengun og engin hávaðamengun.

Fáanlegar í verslunum Húsasmiðjunnar um land allt og á husa.is
Tveggja ára framleiðsluábyrgð er á öllum Enox rafmagnsvespum.

Bætiefni geta virkað vel á þessa þrjá algengu kvilla

Rannsóknir sýna að vissar jurtir, vítamín og steinefni geta hjálpað til við að stjórna kólesterólmagni, blóðþrýstingi og kvíða, samkvæmt grein sem birtist á vef læknadeildar Harvard-háskóla. Bætiefnin geta verið áhrifarík við meðhöndlun þessara kvilla og eru að mestu leyti örugg.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Rannsóknir hafa sýnt að sumar jurtir, vítamín og steinefni geta verið áhrifarík við meðhöndlun algengra kvilla. MYND/GETTY

Hátt kólesteról, hár blóðþrýstingur og kvíði eru algengir kvillar sem oft eru meðhöndlaðir með lyfjum. En stundum þolir fólk ekki lyfin eða vill ekki nota þau af einhverjum ástæðum. Dr. Donald Levy, yfirlæknir við sjúkrahúsið Brigham and Women's hospital í Boston og aðstoðarprófessor í læknisfræði við læknadeild Harvard-háskóla, segir að í þessum tilvikum geti fæðubótarefni verið valkostur.

Rannsóknir hafa sýnt að sumar jurtir, vítamín, steinefni og önnur efni, ein og sér eða notuð með hefðbundinni meðferð, geta verið áhrifarík við meðhöndlun þessara kvilla og eru að mestu leyti örugg í notkun. Auðvitað skal þó aldrei sleppa lyfjum án þess að ráðfæra sig við lækni.

Hátt kólesteról

Statínlyf eru oft notuð við háu kólesteróli. En samkvæmt greininni frá Harvard eru aðrir kostir í boði fyrir fólk sem getur ekki tekið lyfin.

Fyrir sjúklinga sem þola ekki statínlyf og eru með D-vítamínskort gæti D3-vítamín viðbót hjálpað, samkvæmt dr. Levy. Hann segir áhugavert að sumir sem þoldu statín ekki áður þola það eftir að hafa tekið inn D3-vítamín.

Plöntusterólar eru unnir úr frumuhimnum plantna og hægt er að taka þá í pilluformi. Þeir finnast einnig náttúrulega í matvælum eins og hnetum, baunum, ávöxtum og grænmeti. Rannsóknir sýna að plöntusterólar geta lækkað „slæmt" LDL-kólesteról um allt að 14% hjá fólki sem tekur 2.000 til 3.000 milligrömm á dag, samkvæmt dr. Levy. Nýleg rannsókn sem meðal annars var unnin af vísindamönnum íslenskrar erfðagreiningar, sýnir aftur á móti að það getur verið varhugavert að neyta viðbættra plöntusteróla í miklu magni.

> **Lýkópen er andoxunarefni sem getur einni hjálpað til við að draga úr háum blóðþrýstingi.**

Rauð hrísgrjón eru hrísgrjón sem hafa verið gerjuð með rauðu geri. Þau hafa lengi verið notuð í kínverskri læknisfræði og nútímarannsóknir sýna að fólk sem tekur 2.400 til 3.600 mg á dag í hálft ár getur lækkað LDL-kólesterólmagnið í blóðinu um 20% til 25% samkvæmt dr. Levy. Rannsókn frá 2008 sem birt var í tímariti bandarískra hjartalækna leiddi í ljós að rauð hrísgrjón minnkuðu líkur á dauðsföllum og endurteknum hjartaáföllum hjá hátt í 5.000 manns sem tóku bætiefni gerð úr hrísgrjónunum eftir að hafa fengið hjartaáfall. Dr. Levy ráðleggur fólki þó að vanda vel valið á bætiefnum úr rauðum hrísgrjónun þar sem sum þeirra geta innihaldið skaðleg efni.

Hár blóðþrýstingur

Dr. Levy segir að sýnt hafi verið fram á að nokkur fæðubótarefni geti dregið úr háum blóðþrýstingi.

Sumt fólk skortir magnesíum en þar sem magnesíum er að miklu leyti geymt í frumunum eru blóðrannsóknir ekki góðar til að greina heildarmagnesíumgildi líkamans. Skorturinn uppgötvast oft ekki fyrr en næringarfræðingur hefur greint mataræði fólks, samkvæmt dr. Levy. Hjá þessu fólki geta fæðubótarefni aukið magnesíumgildi og hjálpað til við að draga úr háum blóðþrýstingi, þegar þau eru tekin ásamt hefðbundinni blóðþrýstingsmeðferð. Dr. Levy segir að það taki venjulega allt að sex vikur áður en fæðubótarefnin hafa áhrif en ítrekar samt að inntaka magnesíums sé ekki fyrir alla, sérstaklega ekki fólk með nýrnasjúkdóm, þess vegna sé best að ráðfæra sig við lækni áður en fólk ákveður að taka inn magnesíum.

Lýkópen er andoxunarefni sem getur einnig hjálpað til við að draga úr háum blóðþrýstingi. Það er efnið sem gefur grænmeti eins og tómötum rauða litinn. Þó að matvörur úr tómötum, þar með taldar niðursoðnar sósur, innihaldi lýkópen, þá innihalda þessi matvæli oft mikið af natríum. Þess vegna getur verið betra í mörgum tilfellum að taka inn bætiefni sem innihalda lýkópen. Dr. Levy segir best að nota bætiefni sem innihalda einnig tómatþykkni. Hann segir að venjulega þurfi taka 15 til 25 mg af lýkópeni daglega til að blóðþrýstingurinn lækki.

Kvíði

Efni sem dregið er úr kamillu hefur lengi verið notað sem meðferð við kvíða. Kvíði helst oft í hendur við svefnleysi og því kemur það ekki á óvart að oft er mælt með að taka inn kamillu við svefnvandamálum. Það er algengt að drekka kamillute en það getur verið gott að taka kamillu inn sem bætiefni sé hún tekin inn seint á kvöldin, til að trufla ekki nætursvefn með salernisferðum. Rannsóknir hafa leitt í ljós að fólk sem tók inn bætiefni úr kamillu upplifði að kvíði minnkaði, mun meira en fólk sem tók lyfleysu samkvæmt dr. Levy.

Alhliða vítamínlína hönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Húsnæði í boði

ÚTSÝNISÍBÚÐ Í 101. RVK
50 FM m. 2. stofum, aðst.+ gangi. Aukaherbergi m. séraðstöðu, um 25 FM. S.651-6527 og 651 0118

Atvinnuhúsnæði

FRÍSTUNDABIL.
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Sími: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

Fundir / Mannfagnaður

FÉLAG FASTEIGNASALA

Til félagsmanna í Félagi fasteignasala.

AÐALFUNDUR 2020

Aðalfundur Félags fasteignasala verður haldinn fimmtudaginn 1. október kl. 16:30 síðdegis á Grand Hótel Reykjavík.

Á dagskrá aðalfundar FF verða eftirtalin mál:

1. **Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári.**
2. **Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.**
3. **Kosning tveggja meðstjórnenda**
4. **Kosning tveggja varamanna**
5. **Kjör skoðunarmanna reikninga**
6. **Kjör laganefndar**
7. **Önnur mál er upp kunna að vera borin.**

Aðalfundur Fasteignaleitar ehf (fasteignir.is), Homebase og Fasteignasölukerfis ehf. verður haldinn 1. október n.k. kl. 18:00 á Grand Hótel

DAGSKRÁ:
1. Ársskýrslur Fasteignaleitar ehf, Homebase og Fasteignasölukerfis ehf
2. Endurskoðaður reikningur fyrir liðið reikningsár.
3. Önnur mál.

Léttar veitingar í lok fundar.

Stjórnin

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi og tillögur að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Skerjafjörður Þ5

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. júlí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Nýja Skerjafjörð. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu um 700 íbúða, leikskóla, grunnskóla, bílageymsluhúsi, verslun, þjónustu og útivistarsvæðum. Tillagan gerir einnig ráð fyrir nýjum vegtengingum til austurs, suður fyrir Reykjavíkurflugvöll, sem er eingöngu ætluð almenningssamgöngum, gangandi og hjólandi vegfarendum. Tillagan fellir úr gildi eldra deiliskipulag frá 16. janúar 1986, br. 1999. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Reykjavíkurflugvöllur, breyting á deiliskipulagsmörkum

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. júlí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Í breytingunni felst staðsetning á nýju hliði, breytt afmörkun girðingar og breyting á deiliskipulagsmörkun til samræmis við deiliskipulag Nýja Skerjafjarðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Reykjavíkurhöfn, Klettasvæði

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. júlí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags Reykjavíkurhafnar Klettasvæðis til að koma fyrir allt að 3 smáhýsum (ca. 35 m2 hvert) fyrir skjólstæðinga Velferðarsviðs Reykjavíkur. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Furugerði 23

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. ágúst 2020 og borgarstjórnar Reykjavíkur þann 1. september 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 23 við Furugerði. Í breytingunni felst að fjarlægja núverandi mannvirki og koma fyrir íbúðum á lóð. Nýir byggingarreitir verði skilgreindir á lóðinni sem skipt er upp í reit A og reit B og lóð sameinuð, kvöð um nýtingu lóðar fyrir götu á reit B verður aflétt o.fl. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Súðarvogur 9-11

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. ágúst 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 3. september 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar 2 vegna lóðarinnar nr. 9-11 við Súðarvog. Í breytingunni felst að heimila uppbyggingu íbúðarhúsnæðis ásamt bílageymslum á lóð 2-12-2. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Bryggjuhverfi vestur, svæði 4

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. ágúst 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 3. september 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vestur, svæði 4, vegna lóðar nr. G. Í breytingunni felst að heimila aukinn fjölda íbúða og aukinn fjölda bílastæða í kjallara lóðar G, ásamt því að dýpt byggingarreits er aukin úr 15 m í 16,5 m. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 16. september 2020 til og með 28. október 2020. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www.reykjavik.is***, **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 28. október 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Reykjavík 16. september 2020
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2020, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. september 2020 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2020, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. september 2020

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Íbúð til langtímaleigu í Mánatúni 1

Til leigu ný íbúð á 3ju hæð í Mánatúni 1- 105 Reykjavík.

Íbúðin er 3ja herbergja 116 m2 með góðum suð-vestur svölum. Íbúðin leigist með ísskáp, uppþvottavél, þvottavél og þurrkara. Góð geymsla og stæði í bílageymslu. Leiguverð 290.000 - innifalið er hiti og greiðsla í hússjóð.

Vinsamlegast hafið samband með því að senda tölvupóst á netfangið buxusehf@gmail.com

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Tillögur að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

Nýi Skerjafjörður

Fjölgun íbúða, staðsetning nýs skóla, breytt landnotkun og minnkað umfang landfyllingar í Skerjafirði

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 2. júlí 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Breytingartillagan nær til landsvæðis vestan núverandi íbúðarbyggðar í Skerjafirði og varðar meðal annars breytta landnotkun, fjölgun íbúða, breytta legu stíga og breytt umfang fyrirhugaðrar landfyllingar. Deiliskipulag 1. áfanga uppbyggingar á svæðinu er auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Tillagan er einnig auglýst með athugasemdum Skipulagsstofnunar, dagsettar 31. ágúst 2020.

Sérstök búsetuúrræði

Heimildir innan landnotkunarsvæða

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 2. júlí 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Markmið aðalskipulagsbreytingar er að skerpa almennt á landnotkunarheimildum er varða staðsetningu sértækra búsetuúrræða. Undanfarin misseri hefur verið unnið að því að finna ýmsum sérstökum búsetuúrræðum stað í landi borgarinnar. Af gefnu tilefni er brýnt að skýra betur heimildir um mögulega staðsetningu þessara húsnæðislausna innan mismunandi landnotkunarsvæða aðalskipulagsins.

Stefna um íbúðarbyggð

Nýir reitir fyrir íbúðarbyggð og hverfiskjarnar

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 2. júlí 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillagan felur í sér að skilgreindar eru heimildir um fjölda íbúða á nokkrum nýjum og eldri byggingarreitum auk skilgreiningar nýrra hverfiskjarna. Breytingartillögur ná til eftirfarandi svæða: Arnarbakki í Neðra-Breiðholti; Eddufell-Völvufell-Suðurfell í Efra-Breiðholti; Rangársel í Seljahverfi; reits á mörkum Háaleitisbrautar og Miklubrautar í Háaleitis- og Bústaðahverfi; reits á mörkum Grensásvegar og Bústaðavegar í Háaleitis- og Bústaðahverfi; reits við Vindás og Brekknaás í Seláshverfi.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 16. september 2020 til og með 28. október 2020. Tillögurnar eru einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b . Tillögurnar má nálgast á ***reykjavik.is*** og ***adalskipulag.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 28. október 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup. jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18–49 ára.

POTTA

OG PÖNNUBÚÐIN ÞÍN

YFIR 100 TEGUNDIR

20-50% afsláttur

af ÖLLUM pottum og pönnum

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ

Tilboðin gilda í takmarkaðan tíma!

POTTASETT
GRILLPÖNNUR
GUFUSUÐUPOTTAR
DJÚPAR PÖNNUR
HRAÐSUÐUPOTTAR
WOK-PÖNNUR
POTTJÁRN
LEIRPOTTAR
KOPARPOTTAR-
OG PÖNNUR

Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is

Eitt mesta úrval landsins af hágæða pottum og pönnum frá:

LE CREUSET
ibili
KitchenAid
Fissler
Fissler. Perfect every time.
WMF
Jamie Oliver
evatrio
Tefal

byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

16. SEPTEMBER 2020 MIÐVIKUDAGUR

Merkisatburðir

1408 Síðustu heimildir um norrænt fólk á Grænlandi geta um brúðkaup í kirkjunni í Hvalsey þennan dag.

1936 Vísindamaðurinn Jean-Baptiste Charcot ferst ásamt 37 öðrum skipverjum þegar rannsóknaskipið Pourquoi-pas? ferst í ofviðri í skerjagarðinum við Álftanes á Mýrum.

1940 Tvær áhafnir íslenskra skipa, Arinbjörns hersis og Snorra goða, bjarga um 400 manns af franska flutningaskipinu Asca, sem farist hafði á Írlandshafi eftir árás þýskrar flugvélar.

1944 Sprengjuflugvél frá bandaríska flughernum, með tíu manna áhöfn, brotlendir ofarlega á norðanverðum Eyjafjallajökli. Áhöfnin nær að ganga niður af jöklinum við illan leik og komast til byggða.

1963 Lyndon B. Johnson, varaforseti Bandaríkjanna, kemur til Íslands í opinbera heimsókn og er vel tekið.

1989 **Erró, Guðmundur Guðmundsson** listmálari, gefur Reykjavíkurborg tvö þúsund listaverk eftir sig og er safninu komið fyrir á Korpúlfsstöðum.

Nakta skáldið í læknum

Það angrar Arthúr Björgvin Bollason málfræðilega og heimspekilega – en ekki persónulega, að eiga afmæli. Ekki síst þegar það felur í sér að komast á áttræðisaldur.

Arthúr Björgvin Bollason rithöfundur á sjötugsafmæli í dag og segir það bara ánægjulegt. „Ég er hins vegar ósáttur við orðið afmæli. Í öðrum tungumálum er talað um fæðingardag, þá er ekki verið að mæla eitt og eitt ár af manni og minna á endalokin. Samkvæmt íslenskunni er sjötugur maður líka kominn á áttræðisaldur. Þetta angrar mig málfræðilega og heimspekilega en ekki persónulega. Ég er hress til líkama og sálar og þá skiptir árafjöldinn engu máli.“

Í öðrum tungumálum er talað um fæðingardag, þá er ekki verið að mæla eitt og eitt ár af manni og minna á endalokin.

„Ég er á Íslandi af og til þegar allt er eðlilegt,“ segir Arthúr Björgvin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í Berlín, þar sem Arthúr Björgvin er búsettur, er 30 stiga hiti og glampandi sól, „smá sumarauki,“ kallar hann það og er ekki á heimleið. „Það er álíka erfitt fyrir Íslendinga að komast heim frá Þýskalandi og fyrir Ísleif Gissurarson biskup árið 1056, eins og fram kom í morgunútvarpinu,“ útskýrir hann.

Alltaf að skrifa? „Já, frá því ég byrjaði að yrkja lausavísur, fjórtán, fimmtán ára hef ég verið heillaður af orðum og skrifa nú jöfnum höndum á íslensku og þýsku. Er með tvær í smíðum á þýsku og búinn með fjórar, ein þeirra fjallar um bókmenntir Íslands og landslag. Denis Schack, sem stýrir bókmenntaþættinum Druckfrisch, tók viðtal við mig í heita læknum í Landmannalaugum. Ég var að mestu ber en hann í jakkafötum með slaufu. Á bókamessum kemur fólk upp að mér og spyr: „Ert þú ekki nakta skáldið í læknum?“

Hvernig á svo að halda upp á daginn? „Það stóð til að við Svala og börnin okkar tvö yrðum á Havaí hjá systur minni og fjölskyldu, en úr því varð ekki núna. Ætlum þess í stað á lítinn veitingastað sem jafnframt er bókasafn og tileinkaður austurríska rithöfundinum Joseph Roth. Þar munum við njóta góðs matar innan um allar bækurnar.“

gun@frettabladid.is

Ástkær sonur okkar,
bróðir og barnabarn,

Maximilian Helgi Ívarsson

lést þriðjudaginn 8. september.
Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju
föstudaginn 18. september, klukkan 13.
Einlægar þakkir fyrir sýnda samúð og hlýhug.

Ívar Erlendsson Joanna Marcinkowska
Stefan Erlendur Ívarsson
Alexandra Helga Ívarsdóttir Tinna Ívarsdóttir
Ewa Marcinkowska Stefan Marcinkowski
og fjölskyldur.

Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug
og stuðning vegna andláts og útfarar
elskulegrar eiginkonu minnar,

Evu Bjargar Skúladóttur

náms- og starfsráðgjafa,
Hólatúni 13, Akureyri.

Fyrir hönd aðstandenda,
Gunnlaugur Þorgeirsson

Elsku afi okkar, tengdafaðir og langafi,

Hákon Guðmundur Torfason

lést á hjúkrunarheimilinu
Sunnuhlíð, Kópavogi, sunnudaginn
13. september. Útför hans fer fram frá
Lindakirkju í Kópavogi, mánudaginn
21. september, klukkan 13.00.

Hákon Hallgrímsson Hrefna Guðmundsdóttir
Unnur Hallgrímsdóttir
Þór Hallgrímsson Sandra Heimisdóttir
Hallgrímur Þór Ingólfsson
og barnabarnabörn.

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

Ólafía Lárusdóttir

lést á Landspítalanum,
miðvikudaginn 2. september.
Útför hennar fer fram frá Áskirkju,
föstudaginn 18. september kl. 15. Allir
velkomnir en einnig verður streymt frá athöfninni
https://www.facebook.com/groups/olafialarusdottir

Eiríkur Ellertsson
Jóhannes Ellert Eiríksson Jódís Ólafsdóttir
Lárus E. Eiríksson Gróa Karlsdóttir
Kristín Eiríksdóttir Trond Solberg
Guðlaug Eiríksdóttir Ólafur Stefánsson
Ragnhildur Eiríksdóttir Þorgrímur Þráinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær systir okkar, mágkona
og móðursystir,

Kolbrún Sævarsdóttir

héraðsdómari,
Grænuhlíð 4, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í
Kópavogi miðvikudaginn 9. september.
Útför hennar fer fram frá Hallgrímskirkju,
föstudaginn 18. september klukkan 14.
Að auki verður útförinni streymt á eftirfarandi hlekk:
www.livestream.com/luxor/kolbrun
Þeim sem vilja minnast Kolbrúnar er bent á
Styrktarreikning Ljóssins.

Eva Guðrún Gunnbjörnsdóttir Örn Elvar Arnarson
Stefán Kristján Gunnbjörnsson
Steinunn Margrét Larsen Páll Jóhannsson
Jóhannes Arnar Larsen Rannveig Skúla Guðjónsd.
Friðrik Rafn Larsen Íris Mjöll Gylfadóttir
Linda Rut Larsen Eiður Ingi Sigurðarson
Freyja Guðrún Mikkelsdóttir, Eldgrímur Kalman og
Gunnbjörn Ernir Atlas Arnarsynir

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Árni Halldórsson

skipstjóri og útgerðarmaður á
Eskifirði,

andaðist 9. september.
Útförin fer fram frá Eskifjarðarkirkju,
laugardaginn 19. september kl. 14.

Kristín A. Árnadóttir
Halldór Árnason
Björn Árnason
Sigrún Árnadóttir
Guðmundur Árnason
Auður Sigrúnardóttir

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

Jenný Júlíusdóttir

Árhvammi, Öxnadal,

lést í faðmi fjölskyldunnar
9. september. Útför fer fram frá
Akureyrarkirkju föstudaginn 18. september
kl. 10.30. Vegna aðstæðna verða fjöldatakmarkanir í
kirkjunni, en athöfninni verður streymt á facebook:
Jarðarfarir í Akureyrarkirkju-beinar útsendingar.
Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast
hennar er bent á heimahlynningu á Akureyri,
reikningur 162-05-62158, kt. 570397-2819.

Guðmundur Heiðmann
Heiðar Karl Unnur Elva
Hlíf Jón Þórir
Þórarinn Heiðmann Sigríður Jóna
Ingvi Rúnar Rannveig Björg
Ólöf Sveinbjörn
Júlíus Geir Selma
Guðmundur Arnar Ingibjörg
ömmubörn, langömmubörn.

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Jónsdóttir

Hulduhlíð 44, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum
í Fossvogi 1. september.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju,
föstudaginn 18. september, kl. 13.00.

Jón Jónsson

Trausti Jónsson
Gísli Jónsson
Jóhann Jónsson Jakobína V. Guðmundsdóttir
Jón Guðmundur Jónsson Ingibjörg Hólm Einarsdóttir
og fjölskyldur þeirra.

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

KING KOIL

KOMDU OG UPPLIFÐU NÝJA TILFINNINGU
Í AMERÍSKUM HEILSURÚMUM.

★★★★★

SJÓN ER SÖGU RÍKARI

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS

„Svefngæðin jukust hjá mér og ég vakna úthvíldari eftir að ég fór að sofa á **King Koil.**
Ég mæli persónulega og faglega með **King Koil.**"

Magni Bernhardsson B.Sc. D.C.
Kírópraktor/ Framkvæmdastjóri
Kírópraktorstofa Íslands

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Rigning sunnan- og vestanlands eftir hádegi, en þykknar upp norðaustantil. Hiti 6 til 12 stig að deginum, en hiti 0 til 6 stig í nótt.

	Hiti °C	Vindur
Reykjavík	10	10 ↑
Ísafjörður	5	12 ↑
Akureyri	8	2 ←
Egilsstaðir	9	2 ↑
Kirkjubæjarkl	8	2 ↖
Hveravellir	3	11 ↑

Fimmtudagur

	Hiti °C	Vindur
Reykjavík	10	7 ↗
Ísafjörður	6	9 ↗
Akureyri	11	12 ↗
Egilsstaðir	12	3 ↑
Kirkjubæjarkl	11	2 ↗
Hveravellir	5	9 ↗

Föstudagur

	Hiti °C	Vindur
Reykjavík	10	7 ↗
Ísafjörður	8	8 ↗
Akureyri	9	4 ↗
Egilsstaðir	10	5 ↗
Kirkjubæjarkl	11	5 →
Hveravellir	6	6 ↗

LÉTT

			4				6	9
9			2	6		5		
2		7		9			1	4
					8			3
	9			7	4		8	1
	4	3				7		
4		9	5					
	5			8	2			
	2		7					

MIÐLUNGS

1			3	4		2	6	8
				6	9			
	5			1		7		
					4	8	2	
8	1	4				3		
			5		6			
4				7		5	1	
	3							2
6		9						

ÞUNG

	6						7	
	5		7		6		8	2
4								
9	7		4				3	
5	4	6					9	
				9		1		
1		4			8			
	3		9					7
	8						5	

Krossgáta

LÁRÉTT
1 ferma
5 tré
6 tveir eins
8 rakna
10 kvik
11 kjökur
12 seytl
13 mismunandi
15 féfletting
17 staðfesta

LÓÐRÉTT
1 dauðyfli
2 þolinmæði
3 reyndar
4 nytjar
7 laglega
9 ofsaleg
12 vinkona
14 nagdýr
16 tveir eins



LÁRÉTT: 1 lesta, 5 eik, 6 ff, 8 trosna, 10 ió, 11 vol, 12 væt, 13 ýmis, 15 rúning, 17 sanna.
LÓÐRÉTT: 1 letiðýr, 2 eirð, 3 sko, 4 afnot, 7 fal-lega, 9 svæsin, 12 vina, 14 mús, 16 nn.

Skák

Gunnar Björnsson

Lenka Ptácníková (2.117) átti leik gegn Birki Ísaki Jóhannssyni (2.146) í b-flokki Haustmóts TR.

39...f2+! 40. Kf1 (40. Bxf2 Rh3+). **40...fxe1D+ 41. Kxe1 Hh2 42. Hb8+ Bf8 43. hxg5 Hxh1+** og svartur vann skömmu síðar. Magnús Carlsen og Hikaru Nakamura urðu efstir og jafnir á Fischerslembiskákarmóti sem fram fór um helgina. Í gær hófst at- og hraðskákmót á Liches. **www.skak.is:** Ofurmót á Lichess.

Svartur á leik

3	2	8	1	5	9	7	6	4
4	6	5	2	7	3	1	9	8
7	1	9	4	6	8	2	3	5
5	7	1	6	9	4	8	2	3
8	4	6	3	2	5	9	1	7
9	3	2	7	8	1	4	5	6
6	8	3	9	1	7	5	4	2
1	5	4	8	3	2	6	7	9
2	9	7	5	4	6	3	8	1

4	8	7	6	2	9	5	1	3
1	9	5	7	8	3	4	6	2
6	2	3	5	1	4	7	8	9
2	4	9	3	7	8	6	5	1
8	3	6	9	5	1	2	4	7
5	7	1	2	4	6	3	9	8
3	1	2	4	9	5	8	7	6
7	5	8	1	6	2	9	3	4
9	6	4	8	3	7	1	2	5

4	2	3	1	9	5	6	7	8
1	7	8	6	2	4	9	5	3
6	5	9	3	7	8	1	2	4
3	8	2	4	1	9	7	6	5
5	1	4	8	6	7	2	3	9
7	9	6	5	3	2	4	8	1
8	6	5	2	4	1	3	9	7
9	3	1	7	8	6	5	4	2
2	4	7	9	5	3	8	1	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakkningum í verslunum Bónus um land allt.

norðanfiskur

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

Ljósmyndasaga í samtali við umheiminn

Í nýútkominni bók er fjallað um íslenska samtímaljósmyndun. Ritstjórar eru Sigrún Alba Sigurðardóttir og Æsa Sigurjónsdóttir. Átta fræðimenn eiga efni í bókinni.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Fegurðin er ekki skraut er nýútkomin bók þar sem átta listfræðingar, sýningarstjórar og aðrir fræðimenn fjalla um íslenska samtímaljósmyndun. Í bókinni er að finna mikinn fjölda ljósmynda eftir helstu ljósmyndara landsins.

Titill bókarinnar er úr ljóðinu „Raddir í loftinu“ eftir Sigurð Pálsson:

Hvað sem hver segir
er fegurðin ekki skraut
heldur kjarni lífins.

Ritstjórar bókarinnar eru Sigrún Alba Sigurðardóttir, menningarfræðingur og dósent við Listaháskóla Íslands, og Æsa Sigurjónsdóttir, listfræðingur og dósent við Háskóla Íslands.

Félag íslenskra samtímaljósmyndara átti stóran þátt í að bókin varð að veruleika. „Félagið setti fjármagn í þessa bók vegna þess að samtímaljósmyndun hefði ekki nægilega sterka rödd í menningarsamfélaginu,“ segir Æsa.

Sigrún Alba Sigurðardóttir og Æsa Sigurjónsdóttir eru ritstjórar bókarinnar Fegurðin er ekki skraut. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fræðimenn úr ólíkum áttum

Um efni bókarinnar segir Sigrún: „Þetta er greinasafn um ljósmyndun þar sem átta fræðimenn, sem koma úr mjög ólíkum áttum, skrifa um ljósmyndun. Áherslan er á samtímaljósmyndun, sem spannar síðustu fjörutíu ár, með vísunum lengra aftur í tímann. Ljósmyndun er skoðuð sem virkt fyrirbæri sem hefur áhrif á okkur og er stór þáttur í myndlist samtímans.

Mörgum greinarhöfundum er hugleikið samband ljósmyndunar og myndlistar og þær ljósmyndir sem eru til skoðunar í bókinni má kalla listljósmyndun í þeim skilningi að þær hafa annað markmið en bara að skrásetja eða upphefja veruleikann; þær hreyfa við fólki og fá það til að hugsa. Greinarhöfundar nálgast ljósmyndun til dæmis út frá heimspeki, menningarfræði, fréttaljósmyndun og femínískum fræðum, en Linda Ásdísardóttir dregur í grein sinni fram konur sem voru að gera mjög áhugaverða hluti á seinni hluta 20. aldar.“

Sögulegir þræðir

„Greinahöfundarnir eru að velta fyrir sér inntaki miðilsins, sem hefur tekið gríðarlega miklum breytingum frá því ljósmyndin varð til sem miðill um miðja 19 öld. Stafræna byltingin kom í lok 20. aldar og breytti því hvernig við sem einstaklingar upplifum heiminn og hvernig listastofnanir nálgast myndlistina,“ segir Æsa. „Íslensk söfn fóru fyrst að sýna og kaupa ljósmyndir í lok 20. aldar og síðan hafa ljósmyndarar átt sífellt greiðari leið inn í söfnin.“

> **ÁHERSLAN ER Á SAMTÍMALJÓSMYNDUN, SEM SPANNAR SÍÐUSTU FJÖRUTÍU ÁR, MEÐ VÍSUNUM LENGRA AFTUR Í TÍMANN.**
>
> Æsa Sigurjónsdóttir

Ljósmyndir eru mikilvægur þáttur í lífi fólks. „Fólk notar þær til að hjálpa sér að muna og deilir þeim. Þetta hefur haft í för með sér að þeir sem vinna með ljósmyndun sem listmiðil hafa þurft að endurhugsa hann. Ég held að þessir tímar séu mjög inspírerandi fyrir ljósmyndara,“ segir Sigrún.

„Þegar höfundarnir fóru að kafa ofan í viðfangsefni sín virtust þeir hafa þörf fyrir að draga inn marga sögulega þræði. Þannig að þótt greinarnar séu sjálfstæðar og fókusinn sé vissulega á samtímann, þá er sagan til staðar, þannig að bókin verður jafnframt ljósmyndasaga þar sem Ísland er ekki skoðað sem einangrað fyrirbæri heldur í samtali við umheiminn,“ segir Æsa.

Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Brák í Hörpu

Barokkbandið Brák heldur tónleika í Eldborgarsal Hörpu, sunnudaginn 20. september klukkan 16.00. Tónleikarnir eru sérstakir fyrir þær sakir að hljóðfæraleikararnir leika allir á upprunahljóðfæri.

Á tónleikunum munu tveir af stofnendum Brákar, fiðluleikararnir Elfa Rún Kristinsdóttir og Laufey Jensdóttir, leika saman hinn heimsþekkta konsert Johanns Sebastians Bach fyrir tvær fiðlur og hljómsveit. Þá mun Brák flytja strengjasinfóníur eftir bræðurna Wilhelm Friedemann og Carl Philipp Emmanuel Bach og konsert fyrir fjórar fiðlur eftir Georg Philipp Telemann.

Verk eftir Tryggva M. Baldvinsson verður flutt á tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sinfóníuhljómsveit á Suðurlandi og börnin

Fyrstu verkefni nýstofnaðrar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands eru þrennir skólatónleikar sem haldnir verða í dag í Þorlákshöfn, Hveragerði og á Flúðum fyrir börn úr sjö grunnskólum.

Á dagskránni er tónverkið Lykillinn, eins konar Pétur og úlfurinn úr íslenskum sagnaveruleika. Verkið er eftir Tryggva M. Baldvinsson við sögu Sveinbjörns I. Baldvinssonar. Einnig flytur hljómsveitin þekkt lög og hljóðfæri hljómsveitarinnar eru kynnt. Tónleikunum lýkur með því að börnin taka lagið.

Hvað er það sem allir vilja?

LEIKHÚS

Ekkert er sorglegra en manneskjan

★★★★½

Tjarnarbíó

Tónskáld: Friðrik Margrétar-Guðmundsson
Leikstjórn og texti: Adolf Smári Unnarsson
Flytjendur: Dagur Þorgrímsson, Heiðdís Hanna Sigurðardóttir, María Sól Ingólfsdóttir og Ólafur Freyr Birkisson
Leikmynda- og búningahönnuður: Bryndís Ósk Þ. Ingvarsdóttir
Dramatúrg: Matthías Tryggvi Haraldsson
Ljósahönnuður: Hafliði Emil Barðason
Myndbandshönnuður: Elmar Þórarinsson
Tónlistarstjórn: Pétur Björnsson
Hljómsveit: Baldvin Ingvar Tryggvason, Björg Brjánsdóttir, Friðrik Margrétar-Guðmundsson, Flemming Viðar Valmundsson, Pétur Björnsson og Unnur Jónsdóttir

Við lifum. Við deyjum. Við förum til sólarlanda þrátt fyrir heimsfaraldur, hlýnun heimsins og aðrar hamfarir, bara til þess að reyna að láta okkur líða vel milli atriða. Bara til þess að harmurinn verði ekki yfirþyrmandi. Samtímaóperan og sviðsverkið Ekkert er sorglegra en manneskjan var frumsýnt í Tjarnarbíói fyrir stuttu, en sýningin kemur ekki bara á óvart heldur setur viðmiðið hátt fyrir komandi leikár.

Tónlist Friðriks Margrétar-Guðmundssonar einkennist af naumhyggju og metnaði. Hér er notast við lifandi tónlist, ekki upptökur, og kvintettinn er órjúfanlegur hluti af upplifuninni. Endurtekningar spila stórt hlutverki í tónlistinni í bland við gáskafullar tilraunir. Sýningin fangar hugarástand, skipt upp í ástandsþætti, frekar en að hverfast um framvindu. Adolf Smári Unnarsson skrifar bæði textann og leikstýrir. Texti hans er meinfyndinn, hnyttinn og Adolf tekst að mestu að forðast þá leiðigjörnu kaldhæðni sem stundum einkennir samfélagsádeilur síðustu ára. Leikstjórnin er skýr, sem þjónar bæði verkinu og söngvurunum, þó tekur jógakórinn of langan tíma.

Sýningin setur viðmiðið hátt fyrir komandi leikár, segir gagnrýnandi.

Hinn fullkomni gerviheimur

Söngvararnir Dagur Þorgrímsson, Heiðdís Hanna Sigurðardóttir, María Sól Ingólfsdóttir og Ólafur Freyr Birkisson mynda leikhópinn. Hvert og eitt kemur með sinn einstaka tón í sýninguna. Hvert og eitt fær tækifæri til að láta ljós sitt skína. Samhljómur þeirra er sömuleiðis einkar góður og einkennist af húmor. Söngurinn er glettilega góður og sömuleiðis framburðurinn á textanum, sem fær orðin til að dansa. Líkamsbeiting þeirra, þá sérstaklega hlutlausu svipbrigðin sem einkenna sýninguna, er afburðagóð og bráðfyndin.

Sviðsverurnar klæðast vel völdum fötum frá vinsælum fatamerkjum sem kaupendur telja að gefi þeim sérstöðu en lætur alla líta eins út. Pastellitir, hvítir strigaskór, skemmtilegar blússur og buxur. Allir eins. Allir eins. Bryndís Ósk Ingvarsdóttir finnur fagurfræðinni einfalda birtingarmynd sem nær listrænu hámarki í lokamynd sýningarinnar, hinn fullkomni gerviheimur. Á endanum erum við ekkert annað en sýningargripir.

Vin í eyðimörkinni

Köld lýsing Hafliða Emils Barðasonar tónar algjörlega við sýninguna, látlaus en áhrifamikil. Of björt til að vera hlýleg, of grá til að vekja hamingju. Sömuleiðis fellur myndbandshönnun Elmars Þórarinssonar lipurlega inn í sýninguna en skjárinn hefði mátt vera nokkrum tommum stærri til að leyfa myndunum af tæknivæddu náttúrunni og rafrænu snjókornunum að njóta sín.

Ekkert er sorglegra en manneskjan er vin í eyðimörkinni, sérstaklega á þessum síðustu og skrýtnustu tímum. Eldar blossa, heimurinn hitnar, lýðræði falla. En innst inni vill manneskjan bara vera hamingjusöm og láta sem ekkert sé að. Heimurinn endar nefnilega ekki með hvelli heldur með snökti við skál. **Sigríður Jónsdóttir**

NIÐURSTAÐA: Magnað ferðalag á flatbotna sumarskóm í gegnum táradal tilvistarinnar.

Hefst sunnudagskvöld

RÚV okkar allra

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 Þjóðleikhúsið í 70 ár Stórafmælis Þjóðleikhússins minnst í máli, myndum og upprifjun leikhússfólksins.
20.30 Viðskipti með Jóni G. Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.
21.00 21 - Fréttaþáttur á miðvikudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Kliníkin Í þáttunum fylgir Helga María Guðmundsdóttir konum í gegnum ferlið á fegrunaraðgerðum hjá Kára Knúts – atriði í þættinum geta valdið óhug viðkvæmra áhorfenda.

RÚV SJÓNVARP

12.00 Kastljós
12.15 Menningin
12.25 Á tali hjá Hemma Gunn 1993-1994
13.35 Af fingrum fram Ómar Ragnarsson
14.15 Stiklur - Eyðibyggð
15.15 Manstu gamla daga? Grínararnir
16.00 Okkar maður - Ómar Ragnarsson
17.00 Ferðastiklur
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Hrúturinn Hreinn
18.08 Kúlugúbbarnir
18.30 Hæ Sámur
18.37 Rán og Sævar
18.48 Minnsti maður í heimi
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Með okkar augum
20.35 Ómar Heimildarmynd um Ómar Ragnarsson og hans baráttu gegn virkjunarframkvæmdum við Kárahnjúka. Í dag, 16. september, er dagur íslenskrar náttúru og einnig afmælisdagur Ómars Ragnarssonar sem í ár verður 80 ára. Mynd eftir Angeliku Andrees og Sigurð Grímsson. Framleiðandi: Grímsfilm.
21.25 Kæra dagbók Kære dagbog
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Louis Theroux. Mansal í Norður-Ameríku Louis Theroux. Dark States - Trafficking Sex Heimildarmynd frá BBC þar sem Louis Theroux fjallar um mansal. Hann tekur borgina Houston sérstaklega fyrir, en hún er talin vera ein stærsta miðstöð mansals í Norður-Ameríku. Áætlað er að að minnsta kosti eitt af hverjum fimm fórnarlömbum mansals í Bandaríkjunum komi í gegnum borgina og enda flest þeirra í vændi. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
23.20 Undirrót haturs Why We Hate
00.00 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

12.00 European Tour 2020
15.00 European Tour 2020
19.00 European Tour 2020
23.35 Champions Tour Highlights
00.25 European Tour 2020
05.00 PGA Highlights 2020

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Unicorn
14.25 The Block
15.25 90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Good Place
19.30 American Housewife
20.00 The Block
21.00 Transplant
21.50 68 Whiskey Dramatísk þáttaröð með gamansömu ívafi. Þættirnir fjalla um lækna og sjúkraliða í bandaríska hernum sem standa í ströngu í fremstu víglínu. Framleiðendur þáttanna eru Ron Howard og Brian Grazer.
22.35 Love Island
23.30 The Late Late Show
00.15 Hawaii Five-0
01.00 Blue Bloods
01.45 Tommy
02.30 Mr. Robot
03.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Bleikmáninn rís - Líf og list Nicks Drake Tími án andsvars
15.00 Fréttir
15.03 Svona er þetta
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hlustaðu nú!
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Sjálfstætt fólk (38 af 49)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.35 Middle School
12.05 Say Her Name. The Life and Death of Sandra Bland
13.45 The Day After Tomorrow
15.45 Middle School
17.15 Say Her Name. The Life and Death of Sandra Bland
18.30 The Day After Tomorrow
21.00 Blockers
22.40 Borat. Cultural Learnings of America For Make Benefit Glori
00.00 The Aftermath
01.45 Blockers

STÖÐ 2

07.55 Heimsókn
08.15 The Good Doctor
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Feðgar á ferð
10.30 Masterchef USA
11.10 Brother vs. Brother
11.50 Fósturbörn
12.35 Nágrannar
12.55 Falleg íslensk heimili
13.30 Á uppleið
13.50 Grand Designs
14.35 Gulli byggir
15.10 Lóa Pind. Bara geðveik
15.40 Sporðaköst 6
16.10 Kórar Íslands
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Víkinglottó
19.10 Matarbíll Evu
19.35 First Dates
20.25 The Commons
21.15 Quiz
22.05 Absentia
22.45 Sex and the City
23.15 LA's Finest
00.10 NCIS. New Orleans
00.50 Animal Kingdom
01.35 Animal Kingdom
02.20 Animal Kingdom
03.05 Counterpart

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Modern Family
21.05 Warrior
21.55 His Dark Materials
22.50 High Maintenance
23.15 Næturvaktin
23.40 Friends
00.05 Friends
00.25 Modern Family

STÖÐ 2 SPORT

07.25 Pepsi Max Mörkin Helena Ólafsdóttir ásamt sérfræðingum Stöðvar 2 Sports fara yfir síðustu leiki í Pepsi Max-deild kvenna auk þess sem rætt er vítt og breitt um knattspyrnu kvenna.
08.25 KR - Stjarnan
10.10 FH - Breiðablik
11.50 Valur - Víkingur R.
13.30 16. umferð
14.45 Pepsi Max Mörkin
15.50 Grindavík - Leiknir R. Bein útsending frá leik í Lengjudeild karla.
17.55 ÍBV - Keflavík
19.35 Seinni bylgjan - kvenna
20.40 Stjarnan - FH Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
22.20 Stjarnan - Selfoss Útsending frá leik í Olís-deild karla.
23.50 Seinni bylgjan - karla

STÖÐ 2 SPORT 2

08.00 Ipswich - Wigan
09.40 Football League Show
10.10 Linköping - Vittsjö
11.50 New England Patriots - Miami Dolphins
14.20 Kansas City Chiefs - Houston Texans
16.55 Burton Albion - Aston Villa
18.40 Everton - Salford City Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.
20.40 New Orleans Saints - Tampa Bay Buccaneers
23.10 Supercopa. Tenerife - Real Madrid
00.55 Spænsku mörkin

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Birkifræ

LANDSÁTAK Í SÖFNUN BIRKIFRÆS

Skellum okkur saman í birkimó!

Söfnum birkifræi og breiðum birkiskógana út á ný.

Nánari upplýsingar á **birkiskogur.is**

Verkefni á vegum:

Landgræðslan skógræktin

Samstarfsaðilar:

prentmet Oddi heildarlausnir í prentun · terra · BONUS · Lions International · LANDVERND · Skógræktarfélag Íslands

Öll klassíkin

Allar þekktustu, og vinsælustu Disney-myndirnar í gegnum tíðina eru aðgengilegar á Disney+ þannig að fólk getur fyrirhafnarlaust tapað sér í nostalgíunni og notað tækifærið til þess að fylla í eyðurnar í teiknimyndauppeldinu en þessar fimm þurfa allir að sjá í það minnsta einu sinni.

Mjallhvít og dvergarnir sjö (1937)
Fyrsta teiknimynd Walt Disney í fullri lengd er enn töfrum gædd og hefur haldið aðdráttarafli sínu í gegnum áratugina enda ævintýrið um útlægu prinsessuna, vondu nornina, spegil hégómans, eitraða eplið og glerkistuna eins sígilt og hugsast getur. Svo eru þarna líka sjö fyndnir dvergar.

Þyrnirós (1959)
Disney hefur frá upphafi gert út á prinsessur með góðum árangri og þótt Þyrnirós sé nokkuð yngri en Mjallhvít hefur hún náð að skyggja á þá síðarnefndu í seinni tíð og munar þar mest um slagkraftinn í norninni Maleficent sem er einn eftirminnilegasti skúrkur Disney.



Úrvalið á Disney+ er yfirþyrmandi þannig að hætta er á valkvíða en þar eru meðal annars allar gömlu Disney-myndirnar, ofurhetjuhasarpakkinn frá Marvel, 600 Simpsons-þættir og ævintýri allt frá Bósa Ljósárs til Svarthöfða.

Disney-straumurinn skellur á Íslandi

Streymisveitan Disney+ var opnuð á Íslandi í gær og var víða tekið fagnandi enda efnisúrvalið magnað þar sem afþreyingarrisinn ræður meðal annars yfir Marvel og Star Wars. Á gleðina skyggir þó að hvergi er íslenska þýðingu að sjá eða heyra.

Efnisveitan Disney+ varð í gær aðgengileg notendum á Íslandi, í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Portúgal, Belgíu og Lúxemborg, þannig að líklega mun bætast hressilega við þær 60,5 milljónir sem nú þegar eru áskrifendur að Disney+.

Úrvalið er enda magnað en veitan sækir kvikmyndir og þætti til Pixar, Marvel, Star Wars og National Geographic auk gamla, góða Disney með allar sínar sígildu teiknimyndaperlur og sögulegu ævintýri, og heimskupör Mikka músar og Andrésar andar, svo eitthvað sé nefnt.

COVID-19 varð til þess að Disney frumsýnir glænýja, leikna mynd um Mulan á veitunni frekar en í bíó. Íslendingar geta séð hana 4. desember.

Rosalegur valkvíði

Komu Disney+ til landsins var meðal annars fagnað í Facebook-hópnum Fullorðnir aðdáendur teiknimynda, sem telur um 1.100 meðlimi.

„Ég sé að það eru margir mjög spenntir yfir að Disney+ er loksins búið að opna aðgang fyrir Íslendinga. Ég er allavega mjög spennt! Hvernig er hægt að velja úr hvað verður fyrst á dagskrá til að horfa á? Aaaaaalltof mikið í boði!“ bendir Rakel Ósk, einn stjórnenda hópsins, á og bætir við að líklega muni hún byrja í klassíkinni. Mögulega Lion King. „Ef ég þori að horfa á Múfasa farast einu sinni enn.“

Þessi viðbrögð við innleggi Rakelar segja flest sem segja þarf um gleðina yfir því að biðin sé á enda. „Ég lenti akkúrat í sóttkví í dag! Þvílík tímasetning en ég held að ég fari í nýja Duck Tales fyrst,“ segir Nína Snorradóttir og Steingrímur Viðar bætir við: „Er strax farinn að horfa. Valkvíðinn er rosalegur.“

Allt á einum stað

Marvel- og Star Wars-nördar fagna ekki síður, en Daníel Rósinkrans er einn þeirra. „Ég var reyndar einn af þeim sem fóru hjáleið. Ég gat náttúrlega ekkert beðið og nýtti mér að ég er með Apple-aðgang í Bandaríkjunum og fór þá leið,“ segir hann og tekur undir að hér sé um hvalreka við Íslands strendur að ræða.

Daníel Rósinkrans dreif sig á Disney+ eftir krókaleið. MYND/AÐSEND

„Ég myndi segja það. Sérstaklega ef þú ert Marvel- eða Star Wars-aðdáandi eins og ég. Og svo bara þessar Disney-teiknimyndir. Þá er þetta held ég alveg solid díll,“ segir Daníel, en mánaðaráskrift að streymisveitunni kostar 6,99 evrur eða rétt rúmar 1.100 krónur.

„Mér finnst þetta geggjað vegna þess að nú er dóttir mín að verða tveggja ára og fer að geta horft á kvikmyndir þannig séð og þá finnst mér frábært að geta flett upp á Aladdín, Fríðu og dýrinu og öllum þessum teiknimyndasöguhetjum á einum stað.“

Íslensku draumurinn

Engan íslenskan texta er þó að sjá eða heyra á Disney+, sem vekur furðu margra og á Facebook lýsir fólk bæði óánægju sinni og vonum, um að fljótlega verði bætt úr þessu þar sem enginn skortur er á íslenskum þýðingum og talsetningum þegar efni frá Disney er annars vegar.

„Gleðilegan Disney+ dag. Í 5 mínútna hraðskoðun sé ég ekkert talsett a íslensku samt. Vonandi kemur það fljótt,“ segir Sædís Anna í Facebook-hópi fullorðna teiknimyndafólksins við nokkrar undirtektir.

Ævar Þór Benediktsson, einnig þekktur sem vísindamaður, segir til dæmis: „Hlýtur að koma fljótt Disney á allar talsetningarnar svo það ætti ekki að þurfa að vera neitt vandamál að setja inn.“ Einhverjir lýsa því yfir að þeir muni ekki kaupa aðgang fyrr en íslenskan fer að streyma og Indriði Einar hvetur til beinna aðgerða:

„Getum við plís hópast á Disney að setja íslensku talsetningarnar með? Ég skal glaður segja upp Viaplay og draga úr Netflix ef það gerist fyrir börnin mín.“

toti@frettabladid.is

Leynilöggumúsin Basil (1986)
Þessi snúningur Disney á Sherlock Holmes er með allra bestu Disney-myndum síðustu áratuga og í raun merkilega vanmetin. Leynilögreglumúsin Basil stendur enn fyrir sínu og má hafa sig alla við í baráttunni við erkióvin sinn, ræsisrottuna prófessor Rattigan sem gamla hrollvekjugoðsögnin Vincent Price gerir ógleymanleg skil.

Aladdín (1992)
Þetta teiknaða tilbrigði við 1001 nótt sló hressilega í gegn fyrir 28 árum og heldur öllum sínum sjarma enn. Skúrkurinn Jafar er öflugur og sagan spennandi en Robin heitinn Williams yfirskyggir þetta allt saman í brjálæðislega hressri túlkun á andanum bláa í lampanum góða.

Múlan (1998)
Það eru ekki liðin nema rétt 22 ár síðan Disney hristi fyrst almennilega af sér prinsessuhelgislepjuna með Mulan. Frábærri og æsispennandi mynd um kínversku stúlkuna Mulan sem bjargar föður sínum með því að dulbúast sem hermaður og vinna mögnuð afrek á vígvellinum. Eddie Murphy sér um senuþjófnaðinn í myndinni sem verndardrekinn Músú.

NÓA

NÝTT

KRISP Í HVERJUM BITA

Hátíð fyrir sanna sælkera

Þegar ljúffengt og lungamjúkt rjómasúkkulaði blandast litlum og stökkum krisp kúlum verður til bragðupplifun sem á engan sinn líka. Nóa Krisp er súkkulaði sem er gert fyrir sanna sælkera, láttu það eftir þér.

cocoa HORIZONS

ARNASYNIR

* Gildir ekki af sérpöntunum og einungis af völdum vörum frá Skovby.

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
SENDUM FRÍTT

Þú finnur bæklinginn husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjust fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

Kristín Björg Sigurvinsdóttir byrjaði að skrifa þegar hún var einungis tólf ára gömul. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skrifaði sína fyrstu skáldsögu þrettán ára

Síðar í september kemur út fyrsta skáldsaga **Kristínar Bjargar Sigurvinsdóttur** og ber hún heitið Dóttir hafsins. Bókina skrifaði Kristín upphaflega þegar hún var einungis þrettán ára gömul.

Kristín Björg Sigurvinsdóttir gefur nú síðar í september út sína fyrstu bók, Dóttur hafsins. Þetta er sérstaklega merkilegt fyrir þær sakir að Kristín skrifaði grunninn að bókinni þegar hún var einungis þrettán ára gömul. Kristínu langaði að verða rithöfundur en útskrifaðist sem lögfræðingur áður en hún ákvað að gefa sig alla í það að skrifa, enda segist hún hafa áhuga á lögfræðinni en elska það að skrifa. Hún er þakklát eiginmanni sínum, Ívari Elí Sveinssyni, fyrir að hafa kvatt hana áfram í því að láta drauminn loksins rætast.

„Ég byrja að skrifa tólf ára gömul og þetta var eitt af mínum helstu áhugamálum. Ég var feimin og vildi helst láta sem minnst fyrir mér fara. Þess vegna þótti mér svo gaman að lesa og skrifa. Í skáldskapnum gat maður verið hver sem er og ferðast hvert sem er," segir Kristín.

Lengi verið draumurinn

Kristín skrifaði þrjár bækur á aldrinum þrettán til sautján ára.

„Tvær á íslensku, það voru Dóttir hafsins og framhaldssaga af henni. Síðan skrifaði ég eina á ensku af því að ég fór í gegnum tímabil þar sem mér þótti hún flottari en íslenskan," segir Kristín.

En hvernig tilfinning er það að gefa út sína fyrstu bók?

„Það er erfitt að lýsa því, sérstaklega þar sem þetta er búið að vera draumur frá tólf ára aldri. En ef ég reyni að koma því í orð þá myndi ég segja að það væri bara algjör draumur."

Bókin Dóttir hafsins fjallar um Elísu sem er sextán ára unglingur á Vestfjörðum.

„Eina nóttina heyrir hún tónlist berast frá hafinu. Tónlistin leiðir hana niður í fjöru og þar dregst hún inn í spennandi atburðarás í undirdjúpunum. Það sem mér finnst svo skemmtilegt við bókina er hvað söguþráðurinn er einstakt enda gerist bókin að mestu neðansjávar. Þar er heill heimur sem lesandi fær að kynnast."



> **ÞAÐ VAR EKKI AUÐVELD ÁKVÖRÐUN AÐ GEYMA LÖGFRÆÐINA Í BILI OG SNÚA SÉR AÐ FULLU AÐ SKRIFUNUM. EN MIKIÐ SVAKALEGA ER ÉG ÁNÆGÐ MEÐ AÐ HAFA GERT ÞAÐ OG ELT DRAUMINN.**

Hafið veitti Kristínu mikinn innblástur við skriftirnar.

„Við búum á eyju og hafið er stór hluti af okkar menningu. Ég hef alltaf búið nálægt sjónum og það er svo mikil dulúð yfir hafinu sem gerir það að frábærum innblæstri fyrir skáldskap."

Í skúffu í rúman áratug

Handritið að bókinni sat í tólf ár ofan í skúffu, þar til Kristín tók það aftur upp og las yfir fyrir tveimur árum.

„Það læddist að mér stolt þegar ég las textann og það rifjaðist upp fyrir mér hversu gaman mér þótti að skrifa bókina," segir hún.

Hún viðurkennir að það hafi komið henni nokkuð að óvart hve góð bókin var, þrátt fyrir að hún hafi skrifað hana svona ung.

„Já, handritið kom mér virkilega á óvart þegar ég las það aftur öllum þessum árum seinna. Ég vissi í raun ekki alveg við hverju ég átti að búast. Í minningunni fannst mér handritið flókið og slitrótt þar sem ég hafði breytt því svo oft, en það reyndist ekki vera. Þarna var bara fullklárað handrit með skemmtilegum söguþræði. Margar hugmyndirnar komu mér á óvart og ég man eftir að hafa hugsað af og til á lestrinum: Mikið var ég sniðug þarna," segir Kristín, sem endurskrifaði þó bókina frá grunni en studdist við hugmyndirnar úr upprunalega handritinu, ásamt því að bæta við nýjum og skemmtilegum þráðum.

Löngunin alltaf til staðar

Kristín segist hafa þurft leggja skrifin til hliðar þegar hún byrjaði í lögfræðinni, enda námið krefjandi.

„En löngunin til að skrifa var alltaf til staðar. Ég man að eina önnina tók ég mig til og byrjaði aftur að skrifa en það fór ekki betur en svo að ég ætlaði aldrei að geta slitið mig frá skrifunum og endaði á því að frumlesa allt efnið fyrir jólaprófin þá önnina. Svo það var öruggara að bíða með skrifin."

Kristín ákvað að segja upp starfi sínu sem lögfræðingur til að geta helgað skrifunum meiri tíma.

„Ég fór að vinna í hlutastarfi í bókabúð í staðinn. Mér finnst mjög gott að vinna með skrifunum, það brýtur svo upp daginn. Það var ekki auðveld ákvörðun að geyma lögfræðina í bili og snúa sér að fullu að skrifunum. En mikið svakalega er ég ánægð með að hafa gert það og elt drauminn," segir hún.

Dóttir hafsins kemur í allar helstu bókabúðir þann 22. september. Hún er fyrsta bókin í bókaflokknum Dulstafir. **steingerdur@frettabladid.is**

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrimsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Nú getur allt gerst!
Við erum að byrja nýtt og glæsilegt leikár.
Skoðaðu nýja blaðið eða nýja vefinn og
tryggðu þér sýningar og kort á besta verðinu.
Þjóð leik húsið
leikhusid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BÓKAMARKAÐUR ÁRMÚLA 42

Stóraukið úrval af gömlu!

OPIÐ mán.-lau. kl. 11-18

Bókakaffið

BAKÞANKAR

Bjarna Karlssonar

Jesús

Ég vil þakka gæðingum Biskupsstofu meint frumhlaup þeirra í stóra Trans-Jesú málinu. Það var fjarska hressandi. Uppnám úr öllum áttum og föðurlegar afsökunarbeiðnir kirkjuþings gera málið enn skemmtilegra. Nú vita öll að þjóðinni stendur ekki á sama um Jesú.

Í ljósi dagsins er vert að muna að á meðan engar lýsingar má finna í ritningunni er varði útlit meistarans og ekki annað eftir honum haft um kynferðismál en þá almennu sýn að sá höndli sem höndlað fái, þá geymir hefðin beinar lýsingar á fjölskyldu Jesú sem pólitísku flóttafólki í Egyptalandi. Þegar þessi orð eru rituð höfum við eina slíka fjölskyldu á meðal okkar, hjónin Doaa og Ibrahim ásamt börnum sínum fjórum. Texti guðspjallanna geymir líka afgerandi skilaboð um börn: Hver sem tekur við einu barni í mínu nafni tekur við mér, mælir meistarinn. Hann varar fólk við því að koma illa fram við börn og staðhæfir með hótandi orðfæri að hvert barn eigi sér engil á himni. Að kristnum skilningi eru börnin hinir sönnu dómarar heimsins. Viljir þú þekkja sjálfa(n) þig skalt þú skoða þig með augum þeirra barna sem eiga heilsu sína og öryggi undir þér komið. var Jesús að segja.

Málefni egypsku flóttafjölskyldunnar varðar ekki bara þau sem persónur. Núna speglast íslenskt þjóðfélag í augum þessara barna. Börn byrja alltaf ósjálfrátt að elska og treysta umhverfi sínu. Skilaboð Jesú eru skýr: Þú ert það sem þú ert í vitund þeirra barna sem fara að elska þig og treysta þér. Vilji íslensk þjóð eitthvað með Jesú hafa, fleira en að sússa sig á honum, hvet ég okkur til að skilja að Trans-Jesú pæling allra alda er sú að Guð býr í líkömum. Í dag birtist hann okkur í fjórum egypskum börnum.

Fyrir svanga ferðalanga

Kvikk ON THE GO | ORKAN

NÓA TRÍTLAR VEGAN - 150 G

249 KR/STK

1660 KR/KG

Kvikk ON THE GO | ORKAN

Svona á sjónvarp að vera

VENJULEGT FÓLK

Hefst í október

ÞAÐ ER KOMIN HELGI

Hefst næsta laugardagskvöld

Sjónvarp Símans Premium

Það bera sig allir vel í **Sjónvarpi Símans** Premium! Helgi Björns, Venjulegt fólk snýr aftur og ferskir sjónvarpsþættir á færibandi í allan vetur. Hellingur af nýju barnaefni og Enski boltinn rúllar á ný.

Horfðu á **Sjónvarp Símans** Premium í sjónvarpi og snjalltækjum, hvar og hvenær sem er.

- Heilar þáttaraðir og úrval kvikmynda
- Nýir áhugaverðir íslenskir þættir
- Sjónvarp Símans appið
- Kvikmyndir fyrir alla fjölskylduna
- Talsett barnaefni í hæsta gæðaflokki
- Enski boltinn á Síminn Sport

Pantaðu áskrift á **siminn.is**